**BALAZS BESCI**

*Kennir bardagalist brasilískra þræla*

heilsa jól

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



**GARÐAR THOR**

*Söng fyrir aðals-borna í gær*

Á sviðinu fyrir framan Karl og Camillu

FÓLK 46






# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. desember 2007 — 337. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

# Hvarf dýrmætra bóka úr dánarbúi til rannsóknar

**Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakar nú stórþjófnað úr dánarbúi. Um tugi verðmætra bóka er að ræða. Rannsóknin er afar umfangsmikil og flókin. Skýrslur hafa verið teknar af fjölmörgum einstaklingum.**

**LÖGREGLUMÁL** Rannsóknardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu rannsakar nú stórþjófnað úr dánarbúi í Reykjavík. Spurður staðfesti Ómar Smári Ármannsson aðstoðaryfirlögregluþjónn í rannsóknardeild að umrædd rannsókn væri í gangi, en kvaðst að öðru leyti ekki vilja tjá sig um hana.

Samkvæmt upplýsingum sem Fréttablaðið hefur aflað sér er um tugi mjög verðmætra bóka og fleiri skjala að ræða sem tekin hafa verið ófrjálsri hendi úr dánarbúi Böðvars heitins Kvaran. Böðvar var mikill bókasafnari og mörg gömul og afar verðmæt verk í safni hans.

Hvarf bókanna úr dánarbúinu var kært til lögreglu í lok sumars er leið. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur rannsókn lögreglu verið mjög viðamikil og flókin og skýrslur verið teknar af fjölmörgum einstaklingum. Einhverjar bókanna hafa komist í umferð á markaði bókasafnara og listunnenda.

Meðal bóka sem saknað er úr dánarbúinu má nefna tölusett eintak af bókinni Pétri Gaut sem Einar Benediktsson þýddi og gaf út í þrjátíu tölusettum eintökum árið 1901.

Eintak bókarinnar sem er tölusett númer eitt seldist á 570 þúsund krónur á uppboði sem haldið var í Iðnó á sunnudag, en sú bók mun ekki vera úr dánarbúinu. Söluverð hennar gefur hugmynd um verðmæti hinna tölusettu eintaka. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins eru fleiri bækur sem horfið hafa úr dánarbúinu taldar geta selst á svipaðar upphæðir og Pétur Gautur á uppboðum eða jafnvel hærri. Er því ljóst að milljóna eða tuga milljóna króna verðmæti hafa horfið úr dánarbúinu. Lögreglu hefur meðal annars tekist að hafa uppi á gömlum landakortum sem tekin höfðu verið þar ófrjálsri hendi. Rannsókn málsins er enn í fullum gangi og snýr meðal annars að því að hafa uppi á bókunum. - jss



**GLEÐI Á GRUND** Hljómsveitin Sprengjuhöllin gladdi heimilisfólkið á dvalarheimilinu Grund í Reykjavík í gær. Tónleikarnir voru fjórðu tónleikar hljómsveitarinnar þann daginn en piltarnir höfðu spilað fyrir leikskólabörn, grunnskólanema og sjúklinga á barnaspítala Hringsins áður en röðin kom að eldri borgurum. Sjá síðu 36 FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hugsanlegar virkjanir í Þjórsá:

## Ekki víst að eignarnámi verði beitt

**STJÓRNMÁL** Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra segir óvíst að eignarnámi verði beitt verði þess þörf vegna fyrirhugaðra virkjana í neðri hluta Þjórsár. „Það er ekkert gefið um neitt í þessu máli,“ segir Össur.



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

Deilt var um greinargerð Ríkisendurskoðunar um samkomulag fjármála-, iðnaðar-, og landbúnaðarráðherra við Landsvirkjun um vatnsréttindi í Þjórsá á Alþingi í gær. Samkvæmt raforkulögum fellur virkjanaleyfi orkufyrirtækja niður eftir níutíu daga hafi ekki náðst samkomulag við landeigendur og eigendur orkulinda um gjald eða ákvörðun um eignarnám. - mh / sjá síðu 8

Minnihlutinn í menntamálanefnd sakar meirihlutann um „nánasarskap“:

## Enginn nýr á heiðurslaunalista

**STJÓRNSÝSLA** „Listinn verður óbreyttur og telur 28 manns. En fjárhæðin er hækkuð úr 1,6 milljónum í 1,8 á ári,“ segir Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar.

Hart var tekist á í menntamálanefnd í gær um fyrirkomulag heiðurslauna. Í dag verður lögð fram áðurnefnd tillaga um óbreyttan heiðurslaunalista við 3. umræðu fjárlaga.

Á árinu féllu tveir frá af þrjátíu manna lista heiðurslaunþega, óperusöngvararnir Guðmundur Jónsson og Kristinn Hallsson. Í stað þess að bæta tveimur á lista í þeirra stað gengur tillagan út á að hækka mánaðarlegar greiðslur til heiðurslaunþega úr 125 þúsundum í 150 þúsund krónur. Sigurður Kári segir símann hjá nefndarmönnum ekki hafa stoppað undanfarna daga þar sem rekinn var áróður fyrir hinum ýmsu kandídötum.

Kolbrún Halldórsdóttir, ein nefndarmanna, segir niðurstöðuna „nánasarskap“. Hækkunin væri ágæt en hún hafi frekar viljað að fjölgað væri á listanum.

„Nöfn listamanna af þeirri kynslóð sem greiddi kannski ekki í lífeyrissjóð voru í deiglunni. Það er kannski ekki markmið en heiðurinn sem eldri kynslóðin upplifir við að fá þessi heiðurslaun er þannig að mér finnst að þeir eigi skilið að njóta þess.“ - jbg / sjá síðu 46

## ÞRIÐJUDAGUR

### Rallið orðið vinsælla



Bifreiðaíþróttaklúbbur Reykjavíkur 30 ára.

TÍMAMÓT 26

### Sáttir þrátt fyrir ósigur



Hljómsveitinni Hraun tókst ekki að sigra í hljómsveitakeppni BBC. Svavar Knútur og félagar eru þó sáttir.

FÓLK 38

### Fáninn úr bresku efni

Íslenski fáninn er vinsæll til gjafa og því þurfa fjórir starfsmenn á Íslensku fánasaumastofunni á Hofsósi að hafa snör handtök.

TILVERAN 16

### Reynir fyrir sér erlendis

Knattspyrnukona ársins, Hólmfríður Magnúsdóttir, fer til reynslu hjá tveim erlendum liðum á næstunni.



ÍÞRÓTTIR 40

### VEÐRIÐ Í DAG




**Sunnanátt, 5-10 m/s,** en hvassari á annesjum vestanlands. Hiti víða um eða yfir frostmarki. Rigning SA-lands í fyrstu, en SV-lands seinnipartinn.

FÓLK 38









SPURNING DAGSINS



*Sigmundur, er svona mikið kvalræði að búa í Grafarvogi?*

„Grafarvogur er paradís fyrir lifendur og dauða. Hvalinn hefur langað í kirkjugarðinn okkar, en ekki komist lengra.“

Höfrungur sást á sundi í Grafarvogi í síðustu viku en fannst dauður í flæðarmálinu á laugardag. Sigmundur Ernir Rúnarsson fjölmiðlamaður býr í Grafarvogi og er stundum kallaður Grafarvogsskáldið.

Rannsakað hvort kveikt hafi verið í bílunum sem brunnu í Vogum:

# Eigandanum gremst umtalið

**BRUNI** Rannsókn lögreglunnar á Suðurnesjum á eldsvoðanum í Vogum á Vatnsleysuströnd þar sem tíu glæsibílar og einn bátur brunnu til kaldra kola um liðna helgi er enn á frumstigi. Líklegt þykir að kveikt hafi verið í en ekki hefur verið útilokað að eldurinn hafi kviknað með öðrum hætti.

Í gær var farið yfir vísbendingar og meðal annars voru skoðaðar upptökur úr öryggismyndavélum sem staðsettar voru í grenndinni.

Sjónarvottur sem gaf sig fram við lögreglu sagðist hafa séð tvo pilta hlaupa af vettvangi auk þess sem bíl sást ekið frá skemmunni sem bílarnir stóðu við skömmu áður en eldsins varð vart. Jóhannes Jensson aðstoðaryfirlögregluþjónn segir að enginn hafi verið yfirheyrður vegna málsins. Bílarnir voru í vörslu Annþórs Karlssonar, sem hlotið hefur dóma fyrir ýmis brot. Eigandi bílanna, Ragnar Magnússon, segir ekkert grunsamlegt við veru bílanna í portinu. „Mér sárnar orðrómurinn sem er á kreiki um að ég hafi haft eitthvað með þennan bruna að gera. Það er hreinlega búið að sverta mannorð mitt,“ segir Ragnar.

Bílarnir, sem Ragnar hugðist selja, voru tryggðir hjá Sjóvá almennum og TM. Tjónið nemur rúmum sjötíu milljónum króna en bílarnir voru kaskótryggðir svo Ragnar vonar að fjárhagslegt tjón hans verði ekki mikið. **- þo**



**ALLT BRUNNIÐ** Í portinu var meðal annars einn Hummer, þrír bílar af gerðinni BMW og tveir Mercedes Benz auk Dodge Prowler og Dodge Charger sem voru hálfgerðir safngripir. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Umferðaróhapp á Hellisheiði:

## Einn slasaðist í árekstri í hálku

**SLYS Einn var fluttur slasaður með sjúkrabíl til Reykjavíkur eftir umferðaróhapp við Hveradalabrekku á Hellisheiði um níuleytið í gærkvöld.**

**Hinn slasaði var ökumaður fólksbíls sem hafði runnið í veg fyrir jeppling sem kom úr gagnstæðri átt. Ökumaður jepplingsins hlaut minniháttar meiðsli.**

**Afar slæmt veður var þegar slysið varð; illfært og lélegt skyggni. Loka þurfti veginum eftir slysið og voru bílarnir fluttir brott með kranabíl.**

**Víða var illfært á vegum vegna veðurs í gærkvöld. - þo**

Banaslysið í Reykjanesbæ:

## Niðurstöðurnar væntanlegar

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn lögreglunnar á Suðurnesjum á banaslysinu á Vesturgötu í Reykjanesbæ stendur enn. Fjögurra ára drengur lést í slysinu.

Niðurstöður samanburðarrannsókna á fatnaði drengsins og trefjum sem fundust á bíl hins grunaða eru væntanlegar í dag. Í kjölfarið verður ákveðið hvort farið verður fram á framlengingu gæsluvarðhaldsúrskurðar yfir hinum grunaða en gæsluvarðhald yfir honum rennur út í dag. Hann neitar sök í málinu. **- þo**



**AL GORE OG RAJENDRA PACHAURI** Tóku við Friðarverðlaununum í gær.

Friðarverðlaun Nóbels afhent:

## Gore hvetur til frekari dáða

**NOREGUR, AP „Það sem er að er við sjálf, og það erum við sem verðum að lagfæra það,“ sagði Al Gore, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, í gær þegar hann tók á móti friðarverðlaunum Nóbels í Ósló ásamt Rajendra Pachauri, formanni milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál.**

**Gore og milliríkjanefndin deila með sér þessum verðlaunum í ár fyrir að „efla og útbreiða þekkingu um loftslagsbreytingar af mannavöldum, og fyrir að leggja grunn að þeim ráðstöfunum sem grípa þarf til í því skyni að vinna á móti slíkum breytingum,“ eins og segir í rökstuðningi Nóbelsnefndarinnar. - gb**

# Borgarstjóri gaf eignir Háskólans

**Lóð í Vatnsmýri sem var gefin Listaháskóla er skilgreind „einungis fyrir náttúrufræðisafn“ og tilheyrir að hluta Háskóla Íslands. Hvorki HÍ né skipulagssvið borgarinnar gerðu sér grein fyrir því. Listaháskóli hefði ekki komist á reitinn.**

**REYKJAVÍK** Hluti af svæði Háskóla Íslands fylgdi með í kaupunum þegar viljayfirlýsing var undirrituð í maí um 11.000 fermetra lóð í Vatnsmýrinni til handa Listaháskóla Íslands.

Hvorki skipulagssvið borgarinnar né forsvarsmenn Háskóla Íslands (HÍ) munu hafa gert sér grein fyrir þessu á sínum tíma. Minnisblað frá skipulagssviði til Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, þáverandi borgarstjóra, segir landið borgarland.

Ragnar Ingimarsson prófessor vék að þessu í ræðu sem hann flutti á hátíðarsamkomu stúdenta 1. desember. Ragnar, sem hefur komið að byggingamálum HÍ um árabil minnti á að reiturinn er frátekinn fyrir náttúrugripasafn.

„Byggingarreitur G er einungis hugsaður fyrir náttúrufræðasafn og tengda starfsemi Náttúrufræðistofnunar,“ segir í deiliskipulagi Reykjavíkur, sem enn er í gildi.

Því þarf að breyta deiliskipulagi til að Samson Properties, byggingarfélag Björgólfsfeðga, geti byggt þar annað en náttúrugripasafn.

Björgólfsfeðgar eignuðust lóðina nýverið, í makaskiptum við LHÍ, gegn lóð við Frakkastígsreit.

Við undirritun viljayfirlýsingarinnar kom fram að LHÍ mætti skipta lóðinni út fyrir aðra lóð. Rektor LHÍ lýsti þeirri skoðun sinni þá að hann gæti betur hugsað sér skólann í miðbænum.

Spurð um hvort Háskólinn hafi farið fram á bætur vegna þessa, segir rektor HÍ, Kristín Ingólfsdóttir að þegar skólinn láti eftir lóðir sé komið til móts við hann með lóðum annars staðar. Þetta sé „allt í góðu“ og henni hugnist vel ríkur samstarfsvilji borgarstjóra og Samson Properties.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri hefur lýst því við Fréttablaðið að reitur G verði skipulagður í nánu samstarfi við HÍ. Þar verði háskólatengd starfsemi.

Mikið er að gerast í lóða- og byggingamálum skólans, segir rektorinn. Ekki hafi verið ákveðið hvað skólinn vilji helst að Björgólfsfeðgar byggi á lóðinni.

**klemens@frettabladid.is**




**SKÝR LANDAMÆRI** Ofan línu er landsvæði HÍ en borgarland fyrir neðan. Reitur G er á mörkunum, rauður. Náttúrugripasafn átti að rísa á gula reitnum. Svarta svæðið átti að vera bílastæði. Þau verða líklega neðanjarðar, í takt við breytta tíma. Byggingarmagn gæti því aukist mikið frá ríkjandi deiliskipulagi. FRÉTTABLAÐIÐ/LOFTMYNDIR.IS



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON** Þáverandi borgarstjóri undirritaði viljayfirlýsingu ásamt menntamálaráðherra í maí um lóð fyrir Listaháskólann.



**VEISLA VIÐ LAUGAVEGINN** Þessi þröstur hugsar eflaust hlýlega til vegfarandans sem henti þessu epli en það er heldur hart í ári hjá þeim litlu vængjuðu í þessu tíðarfari. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Erfitt tíðarfar fyrir þresti:

## Þröstur í góðum málum

**DÝRALÍF** Aðventan er sá tími árs þegar náungakærleikurinn svífur yfir vötnum. Þá er einnig mikilvægt að gleyma ekki þeim fáu þröstum sem ákveða að þrauka með okkur veturinn en frostharkan undanfarnar vikur hefur eflaust fengið þá til að öfunda hina fjölmörgu bræður sína sem hurfu á hlýrri slóðir.

„Það er gott að gefa þeim epli eða eitthvert kjötmeti,“ segir Arnór Þ. Sigfússon fuglafræðingur. Þessi heppni þröstur sem varð á vegi ljósmyndara Fréttablaðsins á Laugaveginum varð aldeilis ekki útundan í þenslunni sem vill verða í meira lagi fyrir jólin. Meðan mannfólkið vappaði milli verslana gæddi sá vængjaði sér á epli sem væntanlega dugði honum þann daginn enda á stærð við hans eigin búk. **- jse**

LÖGREGLUFRÉTTIR

### Olíuleki í Ártúnsbrekku

Engan sakaði þegar þrír bílar lentu í árekstri í Ártúnsbrekku á Vesturlandsvegi um hádegisbilið í gær. Nokkurt magn af olíu lak af einum bílanna og kallaði lögreglan til Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins til þess að hreinsa olíuna af götunni.




Umboðsmaður Alþingis vill að starfslokasamningar séu óháðir duttlungum:

# Vill reglu á starfslokasamninga

**STJÓRNSÝSLA** Umboðsmaður Alþingis vill að stjórnendum ríkisstofnana sé gerð grein fyrir þeirri afstöðu fjármálaráðuneytisins að forstöðumenn megi ekki gera starfslokasamninga við starfsfólk nema hafa til þess sérstakar lagaheimildir.

Í fyrra gerði utanríkisráðuneytið tvo starfsmenn að sendiherrum gegn því að þeir létu síðan af störfum, annars vegar fimm árum og hins vegar sjö árum áður en þeir hefðu að óbreyttu farið á eftirlaun. Með þessu fengu starfsmennirnir verulega hærri eftirlaun. Kona sem hætti störfum í utanríksráðuneytinu á svipuðum tíma leitaði til Umboðsmanns þar sem henni voru boðin miklu lakari kjör en mönnum tveimur við starfslok. Umboðsmaður ákvað af þessu tilefni að skoða starfslokasamninga hjá ríkinu almennt.

Fjármálaráðuneytið kvaðst í svarbréfi til umboðsmanns telja að forstöðumönnum væri ekki heimilt að taka ákvörðun um gerð starfslokasamninga. Umboðsmaður segir í áliti sínu að dæmi séu um gagnstæð viðhorf hjá stjórnendum ríkisstofnana. Brýnt sé að farið sé að reglum stjórnsýsluréttar:



**TRYGGVI GUNNARSSON** Umboðsmaður Alþingis kallar eftir skýrum reglum um starfslokasamninga hjá ríkinu.

„Það að leiða starfslok ríkisstarfsmanna til lykta með samningi í stað þess að taka um þau ákvarðanir að loknum undirbúningi í samræmi við lög og reglur stjórnsýsluréttarins víkur frá því réttaröryggi sem þessum reglum er ætlað að tryggja,“ segir umboðsmaður og bætir við:

„Þessum reglum er líka ætlað að koma í veg fyrir að ákvarðanir um starfslok ríkisstarfsmanna ráðist af duttlungum eða persónulegum sjónarmiðum viðkomandi forstöðumanns.“ **- gar**




Sér grefur gröf stökk beint á metsölulista vikunnar í Þýskalandi!

**3. SÆTI**
Metsölulisti Eymundsson, skáldverk 28.11.-04.12.

# FIMM STJÖRNU GLÆPASAGA

★ ★ ★ ★ ★



„Flétta sögunnar er ansi góð ... lausn sem kemur lesandanum í nokkuð **opna skjöldu.**"
★★★★★ – **Hildur Heimisdóttir,** Fréttablaðinu.

„Þeir sem nutu fyrri bókanna eiga eftir að taka þessari fagnandi. ... **vel smíðuð spennusaga.**" – **Björn Þór Vilhjálmsson,** Morgunblaðinu.

„Hörkuvel fléttuð glæpasaga ... **spennandi frá upphafi til enda.**"
– **Áki G. Karlsson,** www.kistan.is

„**Spennandi og skemmtileg bók** og Þóra söguhetja er í miklu uppáhaldi hjá mér, vona að hún verði áfram í brúnni í næstu bókum höfundar." – **Guðríður Harlaldsdóttir,** Vikunni.

Veröld

DYNAMO REYKJAVIK

## GENGIÐ 10.12.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 61,41 | 61,71 |
| Sterlingspund | 125,40 | 126,00 |
| Evra | 90,09 | 90,59 |
| Dönsk króna | 12,075 | 12,145 |
| Norsk króna | 11,267 | 11,333 |
| Sænsk króna | 9,553 | 9,609 |
| Japanskt jen | 0,5496 | 0,5528 |
| SDR | 97,15 | 97,73 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
119,1925

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ekkert bólar á samráðsvettvangi sem ríkisstjórnin boðaði segir formaður VG:

# Loforðin aðeins orðin tóm

**UTANRÍKISMÁL** Samráðsvettvangur fulltrúa stjórnmálaflokka um varnarmál hefur enn ekki litið dagsins ljós. Stofnun hans var boðuð í yfirlýsingu fyrri ríkisstjórnar við brotthvarf varnarliðsins, 26. september í fyrra, og aftur í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar.

„Ríkisstjórnin er einfaldlega að svíkja loforð um samráð stjórnmálaflokkanna í landinu um þessar aðstæður sem komu upp við brotthvarf hersins,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna. Í ræðu í Háskóla Íslands í september síðastliðnum, sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra það hugmynd ríkisstjórnarinnar að sameina samráðsvettvanginn og störf óstofnaðs rannsóknarseturs um utanríkis- og öryggismál. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu eru þessi áform óbreytt. Steingrímur segir að samráðsvettvangurinn hefði átt að stjórna vinnu tengdri öryggismálum sem í gangi sé í dag. Í staðinn taki ríkisstjórnin einhliða ákvarðanir, geri samninga og skuldbindi landið sem kosti mikil fjárútlát, án samráðs við stjórnarandstöðuna. Til lítils sé að stofna samráðsvettvang þegar allar ákvarðanir hafi verið teknar, eins og nú stefni í.



**VARNARMÁL** Ríkisstjórnin hefði átt að reyna að ná þverpólitískri sátt um varnarmál segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þetta afhjúpar þennan málatilbúnað eins og hann leggur sig, það er erfitt að komast að annarri niðurstöðu en að þetta hafi aldrei verið annað en orðin tóm,“ segir Steingrímur. - bj

Tíu karlmenn ákærðir:

# DC++ málið tekið fyrir í dag

**DÓMSMÁL** DC++ málið svokallaða verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag. Tíu karlmenn á aldrinum 22 til 36 ára eru ákærðir í málinu, sem snýst um ólöglega dreifingu á höfundarréttarvörðu efni í gegnum skráaskiptaforritið DC++.

Samkvæmt gögnum sem Fréttablaðið hefur undir höndum er ákært fyrir ólögmæta afritun og birtingu á um yfir 135 þúsund höfundarréttarvörðum verkum. Íslensk og erlend tónlist er stærstur hluti þeirra verka, eða um 118 þúsund lög talsins. Tölvur mannanna voru gerðar upptækar í september 2004. - sþs

Fórnarlamb mannræningja:

# Fær sinn eigin sjónvarpsþátt

**AUSTURRÍKI, AP** Hin austurríska Natascha Kampusch, sem á síðasta ári slapp úr höndum mannræningja eftir átta ára einangrun, byrjar brátt með eigin sjónvarpsþátt á nýrri einkarekinni sjónvarpsstöð í Austurríki.



NATASCHA KAMPUSCH

Kampusch, sem nú er nítján ára, ætlar að taka á móti gestum og ræða ýmis málefni en segist þó ætla að forðast hefðbundnar viðtalsspurningar.

Nú í vikunni opnaði Kampusch einnig sína eigin heimasíðu á netinu. - gb

Umræður um heilbrigðismál:

# Einkavæðing ekki á dagskrá

**HEILBRIGÐISMÁL Einkavæðing er ekki á dagskrá hjá ríkisstjórninni, sögðu stjórnarþingmenn á Alþingi í gær. Fjárskortur Heilsugæslunnar í Reykjavík var til umræðu.**



GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON

**Siv Friðleifsdóttir, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, sagði þá að stjórnin vildi svelta þjónustuna svo fara mætti út í einkarekstur.**

**Þessu höfnuðu stjórnarliðar með öllu og röktu á móti dæmi þess að Siv sjálf hefði í sinni ráðherratíð staðið að einkarekstri í heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðisráðherra tók fram að ekki ætti að skera niður um 550 milljónir í rekstri heilsugæslunnar.** - kóþ

# Auðveldara verði að fá launin í erlendri mynt

**Landssambönd ASÍ hafa kynnt sameiginlega kröfugerð fyrir SA. Þetta er í fyrsta sinn sem þau gera með sér formlegt samkomulag um kröfugerð. Áhersla er á að uppræta launamun kynjanna. Samkomulag er um vinnustaðaskilríki.**

**VINNUMARKAÐUR** Alþýðusamband Íslands, ASÍ, hefur kynnt sameiginlegar kröfur aðildarfélaganna fyrir forystumönnum Samtaka atvinnulífsins, SA.

Þetta er í fyrsta skipti sem landssamböndin fimm og stærstu aðildarfélög gera formlegt samkomulag um sameiginlegar áherslur gagnvart atvinnurekendum og ríkisstjórn. Kröfugerð gagnvart ríkisstjórninni verður kynnt síðar í vikunni.

Meginmarkmið ASÍ í komandi kjaraviðræðum er að verja kaupmátt og styrkja stöðu hinna lægst launuðu. ASÍ krefst þess meðal annars að allar uppsagnir verði rökstuddar, liðkað verði fyrir greiðslu launa í erlendri mynt, afnema launaleynd og að fyrirtækjum verði óheimilt að banna starfsmanni að fara til starfa hjá samkeppnisaðila nema í undantekningartilfellum. Þá er áhersla á að finna leiðir til að uppræta launamun kynjanna.

Í greinargerð ASÍ segir að breyta þurfi orðalagi kjarasamninga um útreikning á yfirvinnukaupi. Hæstiréttur hafi dæmt að lögmætt geti verið að greiða ekki yfirvinnu af umsömdu kaupi fyrir dagvinnu ef heildarkjör eru umfram lágmarkstaxta og yfirvinnu reiknaða á hann. Þessi túlkun er andstæð sjónarmiðum ASÍ og því er krafist orðalagsbreytingar.

Farið hefur vaxandi að starfsmönnum sé gert skylt að tilkynna veikindi í tvígang, til næsta yfirmanns og heilbrigðisverktaka sem atvinnurekendur semja sérstaklega við. Verkalýðshreyfingin vill að rammi verði settur utan um þessa þróun.



**RAMMI VERÐI SETTUR** Farið hefur vaxandi að starfsmönnum sé gert skylt að tilkynna veikindi bæði til yfirmanns og heilbrigðisverktaka. Verkalýðshreyfingin vill að rammi verði settur utan um þessa þróun. „Hér er um íþyngjandi frávik að ræða,“ segir í kröfugerð ASÍ til SA.



**SPURNING UM RÉTTINDI** „Þetta er meðal annars spurning um réttindi starfsmannsins til að segja ekki frá veikindum,“ segir Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ.

„Hér er um íþyngjandi frávik að ræða,“ segir í greinargerðinni, „sem kalla á meiri skýrleika kjarasamninga og tilvísun til persónuverndar.“

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir varaforseti segir að setjast verði sameiginlega yfir þessa þróun. „Þetta er meðal annars spurning um réttindi starfsmannsins til að segja ekki frá veikindum af einhverjum ástæðum. Það getur líka verið að starfsmaðurinn vilji frekar fara til síns læknis,“ segir hún.

Í kröfugerðinni er einnig tekið á málefnum erlendra starfsmanna,til dæmis er samkomulag um nauðsyn þess að taka upp sérstök vinnustaðaskilríki til að auðvelda eftirlit á vinnumarkaði, sérstaklega á byggingamarkaði.

Ingibjörg telur ólíklegt að samningar takist fyrir áramót.

ghs@frettabladid.is



**DETTIFOSS** Nýtt sjókort er mikið öryggistæki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýtt sjókort gefið út:

# Leysir af 109 ára mælingar

**FRÆÐI Sjómælingasvið Landhelgisgæslunnar hefur gefið út nýtt sjókort af Austfjörðum. Kortið leysir af hólmi gamla kortið sem var gefið út af „det kongelige Søkort-Arkiv“ í Kaupmannahöfn árið 1944. Dýptarmælingarnar sem sú útgáfa kortsins byggist að stærstum hluta á voru gerðar árið 1898, eða fyrir 109 árum.**

**Útkoma hins nýja sjókorts er mikilsverður viðburður bæði fyrir sjómælingasvið Landhelgisgæslunnar og ekki síður sjófarendur við Ísland sem fá nú í hendur kort sem byggist á nýjustu upplýsingum um svæðið. Nýja kortið er byggt á dýptarmælingum sem gerðar voru á mælingabátnum Baldri á árunum 2003 og 2004.** - shá

Engin olía lak úr bílnum:

# Ölvaður velti olíuflutningabíl

**LÖGREGLUMÁL** Fulllestuð olíubifreið valt í Arnkötludal á Vestfjörðum um klukkan ellefu á laugardagskvöld. Ökumaðurinn er grunaður um ölvun við akstur.

Slysið varð á vinnusvæði þar sem verið er að leggja veg um dalinn. Ekki er talið að olía hafi lekið frá bifreiðinni. Hún var fjarlægð eftir að starfsmenn Olíudreifingar höfðu losað úr henni farminn. Ökumaðurinn var fluttur á sjúkrahús til skoðunar. Lögregla rannsakar málið. - sþs






## VEÐURSPÁ



Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

**Hrein sunnanátt um allt land.** Eftir lætin í nótt verður fremur hægur vindur um mest allt land í dag, 5-10 m/s víðast hvar. Annað kvöld kemur svo önnur lægð upp að landinu og veldur hvassviðri með úrkomu á ný. Það styttir upp suðaustanlands eftir hádegi, og þykknar á sama tíma upp suðvestanlands. Rigning eða slydda seinnipartinn. Hiti fer víðast hvar upp fyrir frostmark í dag, nema helst á Vestfjörðum. **BORGINNI DAG:** Sunnan 8-13 m/s, hiti 1-4 stig, og slydda eða rigning seinnipartinn.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C skyja[ | London | 8°C skya[ | Eindhoven | 7°C skúrir |
| Billund | 6°C skyja[ | París | 7°C hálfskyja[ | Basel | 6°C rigning |
| Osló | 4°C skúrir | Frankfurt | 7°C rigning | Alicante | 19° hei[skyrt |
| Stokkhólmur | 5°C skyja[ | Friedrichshafen | 7°C rigning | Róm | 16°C skúrir |
| Gautaborg | 6°C skyja[ | Berlín | 7°C skyja[ | Las Palmas | 22°C léttskya[ |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# NOVA

## Heitasti reiturinn er þar sem þú ert!

www.nova.is

### Þú tekur heita reitinn með þér

3G internet Nova er fyrir þá sem vilja vera sítengdir. Þú einfaldlega stingur 3G pungnum í samband við fartölvuna þína og tengist háhraða interneti Nova á augabragði.




3G internet

**2.990 kr.**
á mánuði

Allt að 3Mb/s háhraða internet og 500 MB




3G pungur

Tilboðsverð staðgreitt:
**9.900 kr.***

Fullt verð: ~~19.900~~ kr.

*Tilboðið felur í sér 6 mánaða þjónustusamning við Nova.
Tilboðsverð greiðsludreift: 890 kr./mán. í 12 mánuði og mánaðarleg notkun greidd með kreditkorti út samningstímann.
Tilboðsverð staðgreitt: 9.900 kr. Mánaðarleg notkun greidd í heimabanka eða með kreditkorti.

Nova | Verslanir Lágmúla 9 og Smáralind | Þjónustuver 5191919

DAGUR & STEINI

## KJÖRKASSINN



*Saknar þú friðarsúlunnar?*

| | |
|---|---|
| Já | 43,3% |
| Nei | 56,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú að það sé of auðvelt að falsa lyfseðla?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Góður árangur fíkniefnalögreglu á höfuðborgarsvæðinu um helgina:

# Tóku tíu manns og fíkniefni

**LÖGREGLUMÁL** Þrjár konur um tvítugt voru handteknar í íbúð í miðborginni á laugardagskvöld. Þar innandyra fannst talsvert af ætluðum fíkniefnum sem talið er að séu hass og e-töflur. Í íbúðinni fannst einnig nokkuð af fjármunum sem taldir eru ágóði af fíkniefnasölu.

Um svipað leyti voru tveir karlar á þrítugsaldri handteknir skammt frá íbúðinni en þeir eru sömu-leiðis grunaðir um fíkniefnamisferli.

Á öðrum stað í miðborginni hafði lögreglan afskipti af hálfþrítugum karli sem var með ætluð fíkniefni í fórum sínum.

Þá voru þrír karlmenn handteknir á laugardags-kvöld eftir að lögreglan fann ætluð fíkniefni í bíl í húsakynnum fyrirtækis í Árbæ.

Mennirnir eru um þrítugt og fertugt. Einum þeirra var sleppt fljótlega eftir að komið var á lögreglustöð.

Fíkniefnin voru falin í hanskahólfi og farangurs-



**FÍKNIEFNI** Lögregla lagði hald á margar tegundir fíkniefna um helgina.

geymslu bílsins. Talið er að um sé að ræða amfetamín, hass og marijúana. Á laugardag var sömuleiðis annar karl um fertugt tekinn í sama hverfi en hann var einnig með ætluð fíkniefni í fórum sínum. - jss

Kópavogsbær ekki hættur við:

# Stefnir enn á ókeypis strætó

**STRÆTÓ** Kópavogsbær stefnir enn á að fella niður öll fargjöld í strætisvagna, þótt hann hafi nýverið fallist á tillögu stjórnar Strætós um að fresta því.

Fulltrúar nágrannasveitar-félaganna í stjórninni vilja bíða til vors, en þá lýkur tilraun um ókeypis ferðir fyrir framhalds- og háskólanema.

„Farið var fram á að verkefnið yrði klárað fyrst og það síðan metið í ljósi reynslunnar," segir Ármann Kr. Ólafsson, stjórnar-formaður Strætós. Hin sveitar-félögin muni þá gera upp hug sinn um hvort þau fylgi Kópa-vogsbæ að máli eða ekki. - kóþ

Stefnubreyting Póllandsstjórnar:

# ESB loks gegn dauðarefsingu

**PÓLLAND, AP** Pólsk stjórnvöld hafa látið af andstöðu sinni gegn því að halda árlegan Evrópudag gegn dauðarefsingum.



**DONALD TUSK**

Mánuðum saman hafði pólska stjórnin neitað að slást í hóp hinna 26 aðildarríkja sambandsins í herferð gegn dauðarefsingum og þar með staðið í vegi fyrir herferðinni.

Þessi afstöðubreyting kom degi eftir að nýr forsætisráðherra, Donald Tusk, heimsótti höfuð-stöðvar ESB í Brussel í tilraun til að bæta tengslin við sambandið. Hin íhalds- og þjóðernissinnaða fyrri ríkisstjórn hafði átt í margs konar erjum við ESB sem Tusk vill binda enda á. - sdg

## VESTFFIRÐIR

### Bætt kennsla skilar sér

Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar á Ísafirði, sagði á bæjarstjórnarfundi að bætt kennsla væri ástæða þess að grunnskólabörn á Vestfjörðum kæmu einna best út á Íslandi í nýrri Pisa-könnun. Sagði Birna vestfirskum réttindakennurum hafa fjölgað úr 61 prósent í 77 prósent milli áranna 2003 og 2007.

## RANGÁRÞING YTRA

### Græða á hærra útsvari

Meirihluti Sjálfstæðisflokks í hrepps-nefnd Rangárþings ytra segir að með því að hækka útsvar úr 12,99 prósent í 13,03 prósent fáist verulegar viðbótar-tekjur úr jöfnunarsjóði sveitafélaga. Framsóknarmenn, sem eru í minni-hluta í hreppsnefnd, segja ekkert haldbært liggja fyrir varðandi auknar tekjur úr jöfnunarsjóði og þeir hafni því hækkun útsvarsprósentunnar. Sjálfstæðismenn segjast byggja á bestu fáanlegum upplýsingum.




# Bandarísk stjórnvöld vanmátu verðmætið

**Áætlun á verðmæti fasteigna á fyrrum varnarsvæði á Keflavíkurflugvelli hefur nær tvöfaldast á árinu. Stjórn Þróunarfélags hafnar dylgjum um störf félagsins. Stjórnarmaður sakar andstæðinga um að beita óheiðarlegum vinnubrögðum.**

**STJÓRNSÝSLA** Þróunarfélag Kefla-víkurflugvallar hefur náð betri árangri en nokkur þorði að vona, segir Magnús Gunnarsson, stjórnar-formaður félagsins. Bandarísk stjórnvöld mátu eignir sem félagið fékk í hendur á ellefu milljarða króna í byrjun árs, en þær eru taldar um tuttugu milljarða virði í dag.

Styrr hefur staðið um sölu Þró-unarfélagsins á eignum á fyrrum varnarsvæði, og hafa ásakanir gengið á víxl undanfarna daga og vikur. Boðað var til fjölmiðlafundar með stjórn félagsins og fram-kvæmdastjóra á svæðinu umdeilda í gær til að kynna starfsemina.



**STEFÁN ÞÓRARINSSON**

„Ég hafna öllum dylgjum um að hér hafi eitthvað óeðli-legt farið fram," sagði Stefán Þór-arinsson, einn þriggja stjórnar-manna í Þróunar-félaginu. Hann segir ógeðfellt þegar vegið sé að mannorði stjórnar-manna og starfsmanna með dylgj-um og óheiðarlegum vinnubrögð-um. Slíkt eigi ekki heima í þessari umræðu.

Stefán segir að þegar hafi skap-ast um 300 ný störf í stað þeirra 900 sem tapast hafi þegar varnar-liðið hafi horfið á brott. Að með-töldum afleiddum störfum hafi því um 450 störf orðið til tengd varnar-svæðinu fyrrverandi.

Lagðar voru fram upplýsingar um tilboð sem borist hafa í eignir á svæðinu á fundi Þróunarfélagsins í gær. Þar kemur fram að í 96 pró-sentum tilvika hafi hæsta tilboði verið tekið. Magnús segir að í undantekningartilvikum hafi hærri tilboðum verið hafnað, fyrir því



**SPILIN Á BORÐIÐ** Magnús Gunnarsson (til hægri) ræddi við fjölmiðlafólk um árangur Þróunarfélagsins. Með á myndinni eru þeir Árni Sigfússon, stjórnarmaður í Þróunar-félaginu, og Kjartan Eiríksson, framkvæmdastjóri félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

**SAMÞYKKT SALA**

| Kaupandi | Fjöldi bygginga | Fermetrar | Verðmæti |
|---|---|---|---|
| Base | 22 | 46.230 | 715 milljónir |
| Háskólavellir | 96 | 155.707 | 14.000 milljónir |
| Keilir | 2 | 6.632 | 320 milljónir |
| Þjóðkirkjan | 2 | 1.476 | 155 milljónir |
| Atlantic Film Studios | 13 | 13.810 | 575 milljónir |
| **SAMTALS** | **135** | **193.855** | **15.765 milljónir** |

liggi málefnalegar ástæður. Þrír fjórðu hlutar húsa á svæðinu eru þegar seldir, 135 byggingar, sam-tals 194 þúsund fermetrar. Selt var á 15,8 milljarða króna. Eftir eru 36 skrifstofu- og þjónustubyggingar, 342 íbúðir og mikið land til þróun-ar, segir Magnús.

Hann segir það ekki sérstakt áhyggjuefni að það verð sem fékkst fyrir eignirnar sé lægra en fram kemur í verðmati sem unnið var fyrir félagið. Félagið sé einfald-lega að átta sig á því hvað sé markaðsverð. Takmörk séu á nýt-ingu eignanna, og ráðast þurfi í endurbætur. Það verð sem fáist sé markaðsverð í dag.

Enn fremur skipti miklu fyrir ríkið að selja eignirnar sem fyrst, eignirnar þurfi viðhald fyrir 1.200 til 1.300 milljónir króna á ári. Auk þess rýrni verðmæti þeirra með tímanum. Því verði að meta á móti verðinu þann tíma sem taki að selja eignirnar. brjann@frettabladid.is

Mikil vinna fram undan við hreinsun á fyrrum varnarsvæði á Miðnesheiði:

# Fyrstu útboðin á næsta ári

**STJÓRNSÝSLA** Til stendur að fyrstu skrefin í því að hreinsa upp meng-un á fyrrum varnarsvæði á Mið-nesheiði verði tekin á næsta ári. Magnús Gunnarsson, stjórnarfor-maður Þróunarfélags Keflavíkur, segir að fyrstu verkin verði lík-lega boðin út á komandi ári.

Upphafleg kostnaðaráætlun við hreinsun svæðisins hljóðaði upp á um fjóra milljarða króna, segir Kjartan Eiríksson, framkvæmda-stjóri Þróunarfélagsins. Hann segir að ekki sé hægt að segja nánar til um hver kostnaðurinn við hreinsunina verði, hann muni í öllu falli hlaupa á einhverjum milljörðum króna.



**VARNARSVÆÐI** Líf er farið að færast yfir varnarsvæðið á nýjan leik. Þessi börn léku sér í snjónum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Eitt af hlutverkum Þróunar-félagsins er að hreinsa alla meng-un úr jörðu. Við það verður meðal annars byggt á skýrslu varnarliðs-ins á umfangi mengurinnar, auk gagna frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, segir Kjartan.

Í dag er verið að skoða þau svæði sem talin eru menguðust, taka sýni og gera rannsóknir. Að þessum rannsóknum er meðal annarra unnið í Umhverfisstofnun og hjá Heilbrigðiseftirlitinu.

„Út frá þessari vinnu kemur í ljós hvar þetta er, hversu mikið að umfangi, og til hvaða aðgerða þarf að grípa til að hreinsa þetta, eða hvernig þarf að bregðast við," segir Kjartan. Í framhaldi af því verði hægt að meta kostnað við hreinsunarstarfið. - bj


FRUMSÝND Á ÍSLANDI 26. DESEMBER
THE GOLDEN COMPASS
TAKTU ÞÁTT Í ÆVINTÝRINU
SPRON býður viðskiptavinum sínum að taka þátt í stórskemmtilegum leik á spron.is fyrir 17. desember nk. Þú svarar nokkrum laufléttum spurningum og gætir unnið:
• Tvo miða á hina ævintýralegu bíómynd Gyllta áttavitann (The Golden Compass)
• The Golden Compass-tölvuleikinn
• Annan varning tengdan myndinni.
Viðskiptavinir, sem greiða með SPRON-korti, fá 20% afslátt af miðaverði á myndina.
Vinningshafar verða dregnir út 18. desember nk. – fylgstu með á spron.is
NOTAÐU GYLLTA ÁTTAVITANN Á SPRON.IS OG KANNAÐU HVERT HANN LEIÐIR ÞIG!
75 ára
spron

F|plús1 ÓDÝR OG HAGKVÆM
F|plús2 ÓDÝR MEÐ FERÐATRYGGINGUM
F|plús3 VINSÆLASTA FJÖLSKYLDUTRYGGINGIN
F|plús4 VÍÐTÆKASTA FJÖLSKYLDUTRYGGINGIN
Fíton/SÍA

TRYGGING SEM VEX MEÐ ÞÉR

F plús hjá VÍS er samheiti yfir tryggingar fyrir fjölskyldur og heimili. Þarfir fólks, fjölskyldu- og heimilishagir eru mismunandi og þess vegna er mikilvægt að hafa tryggingu sem tekur mið af því. Kynntu þér F plús og veldu þá tryggingu sem hentar þér og þínum best.

VÍS – ÞAR SEM TRYGGINGAR SNÚAST UM FÓLK

F|plús VÍS

Vátryggingafélag Íslands Ármúla 3 108 Reykjavík Sími 560 5000 www.vis.is



**VIRKJANIR Í ÞJÓRSÁ** Fyrirhugaðar virkjanir Landsvirkjunar í neðri hluta Þjórsár eru umdeildar. Samkvæmt yfirlýsingum fyrirtækisins verður orkan úr fyrirhuguðum virkjunum notuð til uppbyggingar annars iðnaðar en svonefndar stóriðju.

# Ekki víst að eignarnámi verði beitt

**Iðnaðarráðherra segir ekki ljóst hvort eignarnámsheimild verði beitt til að greiða fyrir virkjunum í neðri hluta Þjórsár. Deilt var um málið á Alþingi í gær.**

**STJÓRNMÁL** Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra segir „ekkert gefið“ að eignarnámsheimild verði beitt vegna mögulegra virkjana Landsvirkjunar í neðri hluta Þjórsár. „Það er ekkert gefið um neitt í þessu máli. Stjórnarskráin setur töluverðar takmarkarnir á heimild til þess að beita eignarnámsheimild raforkulaganna, þar á meðal almannahagsmuni. Lögin leggja á herðar mér sjálfstæða rannsóknarskyldu til þess að ganga úr skugga um að skilyrðum um þessi mál verði fullnægt. Þess vegna get ég ekkert sagt um það, á þessum tímapunkti, hver niðurstaðan mögulega yrði.“

Samkvæmt raforkulögum fellur virkjanaleyfi orkufyrirtækja niður eftir níutíu daga hafi ekki náðst samkomulag við landeigendur og eigendur orkulinda um gjald eða ákvörðun um eignarnám.

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra og þáverandi iðnaðar- og landbúnaðarráðherra, Jón Sigurðsson og Guðni Ágústsson, undirrituðu samkomulag í maí við Landsvirkjun fyrir hönd ríkisins en markmið þess var að tryggja að „Landsvirkjun hafi fullnægjandi heimildir til að halda áfram undirbúningi að virkjunum í neðri hluta Þjórsár“, eins og orðrétt segir í samkomulaginu.



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON



ÁRNI M. MATHIESEN

Deilt var um samkomulagið á Alþingi í gær í ljósi nýlegrar greinagerðar Ríkisendurskoðunar um málið. Samkvæmt henni var samkomulagið ekki bindandi að hálfu ríkisins og ekki væri hægt afsala vatnsréttindum ríkisins án samþykkis Alþingis. Athugun Ríkisendurskoðunar takmarkaðist við könnun á því hvort fullnægjandi lagaheimildir liggi að baki ráðstöfun á vatnsréttindum ríkisins í neðri hluta Þjórsár auk tiltekinna landsréttinda til virkjanaafnota á þessu svæði og eignarréttindum á jörðinni Þjótanda.

Þingmenn vinstri grænna, Álfheiður Ingadóttir og Atli Gíslason, gagnrýndu samkomulagið harðlega og sögðu greinargerð Ríkisendurskoðunar staðfesta að því hefði verið ætlað að styrkja Landsvirkjun í samningaviðræðum við landeigendur við Þjórsá.

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra vísaði gagnrýninni á bug og sagði hana á misskilningi byggða þar sem ekkert framsal á vatnsréttindum hefði farið fram. Sagðist hann vera sammála niðurstöðu Ríkisendurskoðunar. „Málið er ekki komið á það stig að það sé tímabært að leggja það fyrir Alþingi. Eitt af skilyrðunum fyrir því þetta verði lagt fyrir Alþingi er að það fáist virkjanaréttindi. Þá eru raforkulögin farin að gilda og þau heimila aðkomu iðnaðarráðherrans að málinu. En aðalatriðið er ef það er verið að afsala virkjanaréttindum varanlega þá þarf að bera það undir Alþingi. Það hefur alltaf verið ljóst frá mínum bæjardyrum séð.“

Árni segir samkomulagið hafa verið mikilvægt þótt ljóst sé að í því felist ekki afsal ríkisins á vatnsréttindum. „Samkomulagið fólst í því, að ef Landsvirkjun fengi virkjanaréttinn þá gengi ríkið til samninga um vatnsréttindin. Þetta er mikilvægt samkomulag og aðkoma Alþingis að málinu liggur alveg skýr fyrir.“

magnush@frettabladid.is

Barts húfur og vettlingar
fyrir fríska krakka
Verð frá
1.590



ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 39986 11/07
SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580
ÚTILÍF

www.toyota.is




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 40146 11/07



## Sannur jólaandi á aðventunni hjá Toyota

Starfsfólk Toyota Kópavogi er komið í jólaskap og býður þér að upplifa sannkallaða jólastemningu á Nýbýlaveginum og styrkja gott málefni í leiðinni.

Við bjóðum upp á rjúkandi heitt súkkulaði og smákökur og allir sem reynsluaka nýjum bíl geta unnið flugmiða fyrir tvo með Icelandair til Bandaríkjanna á Saga Business Class.

**Það mikilvægasta er þó að við gefum 500 manns kost á að láta gott af sér leiða, sýna sannan jólaanda í verki og velja úr þeim gjöfum sem eru á staðnum, pakka inn og skilja eftir undir jólatrénu okkar með jólakveðju. Við komum gjöfunum svo til Mæðrastyrks-nefndar Kópavogs fyrir jólin – og allir fá þá eitthvað fallegt.**

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070












**ÁLFTANES** Mikil aukning er áformuð í byggingu atvinnuhúsnæðis á Álftanesi á næstu árum.

## Fyrirhugað að íbúar Álftaness verði 3.850 árið 2024:

# Fjölga íbúum um tvo þriðju

**ÁLFTANES** Fyrirhugað er að árið 2024 verði íbúar á Álftanesi um 3.850 manns í stað um 2.300 íbúa í dag. Þetta svarar til 67 prósenta fjölgunar. Þetta kemur fram í skipulagsáætlunum.

Mikil aukning er áætluð í byggingu atvinnuhúsnæðis á Álftanesi, svo fermetrafjöldi slíkra bygginga verði alls 48 þúsund fermetrar árið 2024 í stað 28 þúsund nú. Fyrir aðeins níu árum var atvinnuhúsnæði í sveitarfélaginu sjö þúsund fermetrar. Þá er gert ráð fyrir að íbúðum fjölgi úr 1.080 í 1.350 næstu sautján árin. **- gar**



**PÚTÍN OG MEDVEDEV** Þeir eru gamlir samstarfsmenn frá því Pútín var borgarstjóri í Pétursborg. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Pútín velur arftaka sinn

**Dmitrí Medvedev, stjórnarformaður Gazprom, verður að öllum líkindum sigurvegari forsetakosninga í Rússlandi í byrjun mars.**

**RÚSSLAND, AP** Vladimír Pútín Rússlandsforseti lýsti í gær yfir stuðningi við framboð Dimitri Medvedev til forsetaembættis.

Þar með þykir næsta víst að Medvedev, sem er bæði aðstoðarforsætisráðherra og stjórnarformaður Gazprom, verði arftaki Pútíns á forsetastól.

„Ég lýsi fullum og eindregnum stuðningi við þessa tillögu,“ sagði Pútín á fundi með fulltrúum fjögurra stjórnmálaflokka í gær. Fulltrúar flokkanna sögðust einnig styðja framboð Medvedevs.

Auk þess að vera stjórnarformaður í Gazprom, sem er eitt voldugasta fyrirtæki Rússlands, er hann annar tveggja aðalforsætisráðherra landsins. Hinn er Sergei Ivanov, sem einnig þótti líklegur til að verða forsetaefni Pútíns. Báðir eru fyrrverandi samstarfsmenn Pútíns frá Pétursborg, eins og reyndar einnig Viktor Zubkov forsætisráðherra.

Medvedev er fyrrverandi starfsmannastjóri Pútíns og þykir auðsveipur forseta sínum. Hann hefur þótt fremur hófsamur og mildur í embættisfærslu, en þykir heldur ekki hafa sýnt mikinn frumleika í starfi.

Stjórnarskrá Rússlands heimilar Pútín ekki að bjóða sig fram í þriðja sinn. Hann hefur engu að síður sagst ætla sér að halda áfram að hafa áhrif í rússneskum stjórnmálum, en hefur þó ekki útlistað með hvaða hætti það verður.

Einn möguleikinn er sá að hann verði forsætisráðherra, og sjálfur hefur hann nefnt þann möguleika. Hugsanlega gæti hann gert forsætisráðherraembættið þýðingarmeira en það nú er, ekki síst ef dyggur stuðningsmaður hans er hvort eð er forseti.

Stuðningsmenn Pútíns hafa einnig skorað á hann að verða „þjóðarleiðtogi“, en óljóst er hvað á að felast í þeim titli.

Vladimír Rúskov, frjálslyndur stjórnmálamaður, segir hugmynd Pútíns líklega vera eitthvað á þessa leið: „Valið á Medvedev er málamiðlun vegna þess að hann gerir Pútín kleift að hafa frjálsar hendur.

Ef Pútín vill smám saman afsala sér völdum tryggir Medvedev að hann geti gert það á þægilegan og öruggan hátt, og hann heldur áfram að hlusta á hann,“ sagði Rúskov í viðtali við útvarpsstöðina Ekho Moskvy. „En ef Pútín vill snúa aftur eftir tvö eða þrjú ár, þá mun Medvedev örugglega opna honum leið til þess.“

gudsteinn@frettabladid.is



Eldsneytisnemar virka ekki:

## Nasa frestar geimskotinu

**FLÓRÍDA, AP Nasa hefur frestað skoti geimskutlunnar Atlantis fram í janúar. Áætlað var að Atlantis yrði skotið á loft í vikunni og að áhöfn hennar setti upp rannsóknastofu í alþjóðlegu geimstöðinni. Tvær tilraunir voru gerðar til að skjóta flauginni á loft en í bæði skiptin biluðu nemar í eldsneytistönkum flaugarinnar.**

**Nemarnir koma í veg fyrir að það slokkni á hreyflum flaugarinnar of seint og þeir vinni eldsneytislaust, nokkuð sem gæti haft hörmulegar afleiðingar. Í von um að leysa endurtekin vandræði nemanna var skotinu frestað þar til í fyrsta lagi annan janúar. - eá**

Evrópusambandið styður sjálfstæði Kosovohéraðs:

# Stefnt að sjálfstæði í byrjun næsta árs

**KOSOVO, AP** Ráðamenn í Kosovohéraði segjast staðráðnir í að lýsa yfir einhliða sjálfstæði héraðsins í janúar eða febrúar.

Utanríkisráðherrar aðildarríkja Evrópusambandsins sátu á fundi í Brussel í gær og sögðust allir, að undanskildum fulltrúanum frá Kýpur, á einu máli um að styðja sjálfstæði héraðsins.

Meira en þrjú þúsund manns komu saman í gær á útifundi í Pristina, höfuðborg héraðsins, og kröfðust þess að sjálfstæði verði lýst yfir hið fyrsta.

„Engar frekari tafir, engar frekari málamiðlanir,“ sagði Burim Balaj, leiðtogi námsmanna, í ávarpi sem hann hélt á fundinum.



**KOSOVOBÚAR KREFJAST SJÁLFSTÆÐIS** Fánum Albaníu og Evrópusambandsins var veifað á útifundi í Pristína í gær þar sem Kosovobúar komu saman til að hvetja leiðtoga sína til að lýsa yfir sjálfstæði. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Skender Hyseni, talsmaður stjórnarinnar, segir spurninguna ekki lengur snúast um það hvort, heldur hvenær sjálfstæði verður að veruleika. Embættismenn sögðu yfirlýsinguna líklega koma strax í janúar eða febrúar á næsta ári.

Í gær rann út 120 daga frestur sem Sameinuðu þjóðirnar höfðu til að miðla málum milli Serba og Kosovo-Albana um framtíðarstöðu héraðsins.

Kosovo-búar vilja ólmir lýsa yfir sjálfstæði sem fyrst en Serbar geta ekki hugsað sér að missa héraðið úr Serbíu, bæði vegna þess að þar eru sögulegar minjar sem hafa mikið gildi fyrir Serba, auk þess sem serbneskir íbúar héraðsins verða í minnihluta og missa tengslin við Serbíu. - gb

Sænski ríkislögreglustjórinn:

## Hættir eftir mikla gagnrýni

**SVÍÞJÓÐ, AP** Ríkislögreglustjórinn í Svíþjóð, Stefan Strömberg, hættir um áramótin. Þrjú ár Strömbergs í embætti hafa einkennst af harðri gagnrýni í hans garð vegna áætlana um að gera lögregluna miðstýrðari og að koma á fót stofnun í líkingu við bandarísku Alríkislögregluna (FBI).

„Ég og Stefan höfum orðið sammála um að við þurfum nýjan ríkislögreglustjóra,“ sagði dómsmálaráðherra Svíþjóðar, Beatrice Ask, á blaðamannafundi.

„Stefan á ekki í vandræðum með að tala við lögregluna en viðræðurnar hafa ekki gengið sem skyldi.“ - sdg

Störf fyrir eldri borgara:

## Vinnumiðlun heldur áfram

**ATVINNUMÁL Vinnumiðlun fyrir eldri borgara, sem starfrækt er hjá Reykjavíkurborg, þótti takast vel og mun Sesselja Ásgeirsdóttir halda áfram sem verkefnastjóri miðlunarinnar. Hún segir marga komna út á vinnumarkaðinn og þeir láti vel af því. „Við munum sinna öllum sem vilja við okkur tala og líka þeim sem eru yngri en sextugir, því það er nóg af störfum,“ segir Sesselja.**



**SESSELJA ÁSGEIRSDÓTTIR**

**Flestir þeirra sem þegar hafa hafið störf vinna á leikskólum og í grunnskólum. Sesselja segir þó fleiri störf standa til boða. Hægt er að hafa samband við vinnumiðlunina daglega með því að hringja í þjónustusíma Reykjavíkurborgar. - eb**

Kona á sjötugsaldri:

## Dæmd fyrir búðarhnupl

**DÓMSMÁL** Kona á sjötugsaldri hefur verið dæmd í eins mánaðar skilorðsbundið fangelsi fyrir búðarhnupl.

Konan stal tveimur bolum og pilsi í Markaðstorgi Kringlunnar, samtals að verðmæti 1.970 krónur. Hún játaði fyrir dómi.

Konan er rúmlega sextug. Samkvæmt sakavottorði hefur hún þrívegis verið sakfelld fyrir búðarhnupl og ávallt verið gerð sektarrefsing.

Með hliðsjón af greindum sakaferli, aldri konunnar, greiðri játningu og loks því að um smáræði var að ræða, sem komst óskemmt til skila, taldi dómurinn rétt að skilorðsbinda refsinguna. - jss









PIPAR • SÍA • 72466

Súlnasalur verður stjörnum prýddur hvort sem er á sviðinu eða úti í sal á nýárskvöld. Hver skemmtikrafturinn á eftir öðrum mun gera kvöldið eftirminnilegt sem og girnilegur maturinn og gleðin sem ríkir.

Pantaðu borð í síma **525 9900**.

***Misstu ekki af stærsta kvöldi ársins.***

***Dagskrá kvöldsins:***
*Hjörleifur Valsson, fiðluleikari, tekur á móti gestum með fallegum undirleik.*
*Ragnar Bjarnason stjórnar veislunni eins og honum er einum lagið.*
*Jónas Þórir leikur undir kvöldverði.*
*Diddú tekur lagið.*
*Jóhannes Kristjánsson fer með gamanmál.*
*Bjarni Ara syngur og hver veit nema Raggi Bjarna syngi með.*
*Hljómsveitin Saga Class leikur fyrir dansi.*

**Radisson SAS Saga Hotel**
Sími: 525 9900
hotelsaga@hotelsaga.is
www.hotelsaga.is

Radisson SAS
SAGA HOTEL, REYKJAVIK



**LINCOLN Í KLAKABÖNDUM** Mikið óveður í Springfield í Illinois í Bandaríkjunum, skildi eftir sig þessa styttu af þjóðhetjunni Abraham Lincoln í klakaböndum með grýlukertin hangandi úr andlitinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Talsmaður Amitelo segist telja fyrirtækið uppfylla öll skilyrði um fjárhagslegt hæfi:

# Kveðst hissa á útboðsaðferðum

**FJARSKIPTI** Jan Malkus, sem situr í stjórn svissneska fyrirtækisins Amitelo, segist hissa ef rétt sé að tilboði fyrirtækisins í uppsetningu og rekstur síðari áfanga GSM-þjónustu á landinu verði ekki tekið þrátt fyrir að það hafi boðið best. Óskað verði eftir skriflegri staðfestingu frá Póst- og fjarskiptastofnun vegna þessa máls.

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að Amitelo fái ekki að taka að sér verkið vegna þess að fyrirtækið hafi ekki uppfyllt kröfur um fjárhagslegt hæfi og fái ekki bankaábyrgð. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður þess í stað gengið að næstbesta tilboðinu, sem Og Fjarskipti áttu. „Ég hef lesið um þetta í blöðum en get ekki staðfest að tilboðinu okkar verði ekki tekið,“ segir Malkus. „Við teljum okkur hafa uppfyllt öll skilyrði, og vitum ekki hvers vegna bankaábyrgðin okkar var ekki samþykkt ef þetta er rétt. Þetta kemur okkur á óvart.“

Spurður hvort niðurstaðan hafi áhrif á áætlanir Amitelo varðandi rekstur GSM-kerfis á Íslandi svarar Malkus neitandi. „Þetta hefur ekki áhrif á hitt útboðið okkar enda allt annað svæði. Okkar staða breytist ekki, en þetta vekur spurningar um hvernig staðið er að málum.“ - sþs

## BUÐU BEST Í VERKIÐ

- Verkið snýst um að koma upp og reka farsímaþjónustu á völdum svæðum á landinu, einkum á Vestfjörðum og Norðausturlandi.
- Þrjú tilboð bárust, og var Amitelo með það lægsta. Það hljóðaði upp á 468 milljónir og tólf mánaða verktíma.
- Og Fjarskipti voru með næstlægsta boðið, 487 milljónir og 22 mánaða verktíma. Hæsta boðið átti Síminn eða 655 milljónir og tólf mánaða verktíma.
- Amitelo AG er annað tveggja fyrirtækja frá Sviss sem fengu fyrr á árinu úthlutað tíðniheimild frá Póst- og fjarskiptastofnun fyrir rekstur GSM-kerfis á Íslandi. Hitt heitir IceCell.



Hangireykti laxinn okkar fæst í verslunum Nóatúns, verslunum Hagkaupa, Melabúðinni, Ostabúðinni og í Flugstöð Leifs Eiríkssonar í versluninni Inspired by Iceland. www.opal.is

# Mannréttindamál eru forgangsmál

**Utanríkisráðherra lýsti því yfir á málþingi í gær að mannréttindamál væru forgangsmál í utanríkisstefnu Íslands. Sú ákvörðun að tala fyrir mannréttindum á alþjóðavettvangi kalli á að vel sé staðið að mannréttindamálum hér heima.**

**UTANRÍKISMÁL** Mannréttindamál eru nú forgangsmál í utanríkisstefnu Íslands. Þessu lýsti Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra yfir í erindi á málþingi á vegum Háskólans á Akureyri í gær.

Málþingið var liður í háskólafundaröð um Ísland á alþjóðavettvangi, sem haldin er í samstarfi utanríkisráðuneytisins og háskólanna í landinu. Yfirskrift þess var „Mannréttindi í utanríkisstefnu Íslands – hvers vegna?“ Málþingið var haldið á afmælisdegi Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, en í tilefni af 60. afmælisári hennar á næsta ári hleyptu samtökin í gær af stokkunum alþjóðlegri herferð til að styrkja vitund fólks um allan heim á mannréttindum. Opnuð hefur verið sérstök heimasíða herferðarinnar, knowyourrights.org.

Guðmundur Alfreðsson, prófessor í alþjóðalögum og fyrrverandi framkvæmdastjóri Raoul Wallenberg-stofnunarinnar í Lundi, minnti á það í sínu erindi að íslensk stjórnvöld hefðu ekki enn uppfyllt skilyrði Parísarsáttmálans svonefnda um að koma á fót svonefndri Þjóðarmannréttindastofnun, en líta mætti á umboðsmannaembættin – umboðsmann Alþingis, umboðsmanna barna og svo framvegis – sem vísi að slíkri stofnun.

Í sínu erindi sagði Ingibjörg Sólrún að mannréttindamál væru útrásarverkefni, meðal annars í samhengi við framboð Íslands til öryggisráðs SÞ. Spurð út í þetta segir hún að „sérhver vegur að heiman sé vegurinn heim“.

„Það sem við gerum og leggjum áherslu á á alþjóðavettvangi það verðum við auðvitað að passa upp á að sé í góðu lagi heima fyrir, til að við höfum trúverðugleika erlendis til að tala fyrir þessum málum,“ sagði hún og hélt áfram: „En það líka að við tökum þá ákvörðun að tala fyrir þessum málum á alþjóðavettvangi gerir að verkum að við þurfum kannski að skoða betur hvernig er umhorfs í túninu heima. Þannig að það er víxlverkun þarna á milli, þetta styrkir hvert annað. Heimsmálin eru heimamál og öfugt. Þannig að ég held að áherslan á þetta á erlendum vettvangi gagnist okkur heima fyrir og geti leitt til umbóta á okkar eigin mannréttindamálum.“

Meðal mála á þessu sviði sem Ingibjörg telur að Íslendingar hafi einhverju að miðla á alþjóðavettvangi eru réttindi kvenna og að virðing sé borin fyrir alþjóðalögum almennt. Hún segist annars vilja efla umræðu um þessi mál innanlands til að fram komi hvað þjóðin vilji leggja mesta áherslu á.
audunn@frettabladid.is



**NÝ HEIMASÍÐA OPNUÐ** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra hóf málþingið á að opna nýja heimasíðu framboðs Íslands til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. MYND/ÞÓRIR





**FIMM NÝJAR STÖÐVAR** Verið er að opna fjórar nýjar heilsuræktarstöðvar á vegum World Class og svo er Hreyfing að flytja sig til og opna í nýju og stærra húsnæði á næstu vikum.

Samkeppnin harðnar í líkamsræktargeiranum:

# Fimm stöðvar opnaðar senn

**HEILBRIGÐISMÁL** Fimm nýjar líkamsræktarstöðvar verða opnaðar á höfuðborgarsvæðinu í þessum mánuði og fram í byrjun janúar. World Class opnar fjórar nýjar stöðvar og Hreyfing opnar nýja stöð og lokar á gamla staðnum.

World Class opnar heilsuræktarstöð í Hafnarfirði, við Lágafellslaug í Mosfellsbæ, við sundlaugina á Seltjarnarnesi og á fimmtándu hæð í Smáranum í Kópavogi. Í byrjun janúar verða því sjö heilsuræktarstöðvar reknar undir merkjum World Class hér á landi með aðstöðu fyrir um tuttugu þúsund iðkendur, eftir því sem fram kemur á vef World Class. World Class á Seltjarnarnesi verður stærst nýju stöðvanna en hún mun rúma um tvö þúsund manns.

Líkamsræktarstöðin Hreyfing opnar glænýja heilsulind 29. desember en námskeiðin hefjast 7. janúar. Tinna Brynjólfsdóttir, deildarstjóri áskriftar og markaðsmála hjá Hreyfingu, segir að nýja stöðin verði 3.300 fermetrar í nýbyggingu við Glæsibæ í Reykjavík. Þar verði um heilsulind að ræða með böðum og allskyns snyrtimeðferðum auk aðstöðu til líkamsræktar og hreyfingar.

„Við höfum ekki nákvæma tölu um það hve margir rúmast í nýju stöðinni. Við ætlum ekki að keyra á fjöldanum, frekar gæðunum,“ segir hún og telur hugsanlegt að aðsóknin verði takmörkuð ef hún verði svo mikil að það verði óþægilegt fyrir þá sem fyrir eru. „Þetta á allt að vera hið þægilegasta. Upplifunin á ekki að felast í biðröðum við tæki,“ segir hún.

Fjöldamargar nýjar stöðvar hafa verið opnaðar á hótelum borgarinnar undanfarið, til dæmis á Hilton og Grand Hótel. Þá hefur Fréttablaðið áreiðanlegar heimildir fyrir því að ein líkamsræktarstöð til viðbótar sé á teikniborðinu. **- ghs**

Hálka á Uxahryggjarvegi:

## Enginn slasaður eftir bílveltu

**LÖGREGLUMÁL Jeppi valt á Uxahryggjarvegi á móti Meyjarsæti um klukkan sjö á sunnudagskvöld. Bíllinn er mikið skemmdur eftir byltuna, en engin slys urðu á fólki. Tveir menn voru í bílnum. Kerra með tveimur vélsleðum var aftan í jeppanum þegar hann valt.**

**Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Selfossi þurfti að kalla eftir kranabifreið til að draga jeppann á brott. Orsök slyssins megi rekja til fljúgandi hálku sem var á veginum. - sþs**

Var á þremur sumardekkjum:

## Fólksbíll keyrði aftan á jeppa

**LÖGREGLUMÁL** Fólksbíll keyrði aftan á jeppa við Bollastaði í Hraungerðishreppi á Suðurlandi um klukkan tíu í gærmorgun. Ökumenn beggja bifreiðanna voru fluttir á slysadeild á Selfossi, en að sögn lögreglu voru meiðsl þeirra minniháttar. Þeir voru báðir einir á ferð.

Slysið varð þegar bíll sem var á undan jeppanum hægði á sér til að beygja inn á afleggjara að Bollastöðum, og jeppinn stöðvaði á meðan. Hann var ekki kominn af stað þegar annar fólksbíll lenti aftan á honum. Ísing var á veginum, og fólksbíllinn var á þremur sumardekkjum. **- sþs**

Moammar Gaddafí fékk höfðinglegar móttökur í París í gær:

# Umbunað fyrir góða hegðun

**FRAKKLAND, AP** Moammar Gaddafí Líbíuleiðtogi fékk veglegar móttökur þegar hann kom til Parísar í gær. Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti segir að nýir samningar, sem þeir undirrituðu í gær, séu gerðir gagngert til þess að verðlauna Gaddafí fyrir bætta hegðun.

Samningarnir hljóða upp á 10 milljarða evra, en sú upphæð samsvarar rétt rúmlega 900 milljörðum króna, og snúast meðal annars um vopnasölu til Líbíu og nýjan kjarnaofn sem settur verður upp í Líbíu með aðstoð Frakka.

„Við verðum að hvetja þá sem hafna hryðjuverkum og hafna því að eiga kjarnorkuvopn,“ sagði Sarkozy eftir að þeir Gaddafí höfðu ræðst við í gær.

Líbía var lengi vel höfð að mestu utangarðs í samfélagi þjóðanna vegna umdeildrar hegðunar leiðtogans á alþjóðavettvangi og stuðnings hans við hryðjuverkamenn og uppreisnarmenn í öðrum löndum.

Frakkland er fyrst Vesturlanda til þess að bjóða Gaddafí í opinbera heimsókn frá því slettist upp á vinskapinn fyrir aldarfjórðungi.

Sarkozy hefur sætt harðri gagnrýni í Frakklandi fyrir að veita Gaddafí móttöku. Meira að segja Rama Yada, ráðherra mannréttindamála í ríkisstjórn Sarkozys, lýsti fyrirlitningu sinni á því að Gaddafí kæmi til Frakklands á alþjóðlega mannréttindadeginum. **- gb**



**SARKOZY TEKUR Á MÓTI GADDAFÍ** Sarkozy hefur fengið harða gagnrýni í Frakklandi og víðar fyrir að taka Gaddafí í sátt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP







ENNEMM / SÍA / NM31058



## Við lofum þér góðri þjónustu

Við erum komin í jólaskap og tökum á móti væntanlegum viðskiptavinum með jólasmákökum og heitu kakói. Við höfum einsett okkur að veita viðskiptavinum okkar bestu þjónustu sem völ er á og því erum við stöðugt að leitast við að gera betur í dag enn í gær.

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 79




Við erum stolt og ánægð með sístækkandi viðskiptavinahóp, marga nýja og spennandi bíla, aðstöðu sem tekur öðru fram og úrval traustra vörumerkja.
Við vonumst til að sjá þig í hátíðarskapi!

940 - Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808

IH
INGVAR HELGASON

## „ORÐRÉTT“

### Svartur sjór af síld

**„Þetta er léttasta síldarvertíð sem við höfum verið á.“**

SKIPVERJAR Á SIGHVATI BJARNASYNI VE, SEM MOKAR UPP SÍLD NÁNAST Í FLÆÐARMÁLINU Í GRUNDARFIRÐI.

**Morgunblaðið, 10. desember.**

### Dýr leikur

**„Mér finnst líklegra að einhverjir hafi verið að leika sér með eld sem hafi farið úr böndunum.“**

RAGNAR MAGNÚSSON, EIGANDI TÍU NÝLEGRA BÍLA SEM GJÖREYÐILÖGÐUST Í ELDI Í VOGUM.

**Fréttablaðið, 10. desember.**

# tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÁRNI JOHNSEN ÞINGMAÐUR

## *Kann að grínast og að taka gríni*



„Það er bara allt slétt og leikandi þó nóg sé að gera,“ segir Árni Johnsen þingmaður. „Ég er með svona um tuttugu mál sem ég er tilbúinn til að leggja fyrir þingið enda af nógu að taka, mörg aðkallandi mál. Til dæmis er ég að berjast í því að Suðurlandsbraut verði tvöfölduð. Svo þarf að aðhafast í málinu um skipalyftuna í Eyjum en hún féll með skipi í fyrir tveimur árum. Menn telja að þetta eigi tildrög sín í skemmd sem kom í skjálftanum mikla árið 2000 en eyjan hristist rétt eins og meginlandið.“

Árni var fórnarlamb Audda í þætti hans Tekinn 2 fyrir skemmstu. Þá varð hann fyrir afgreiðslustúlku á veitingastað sem kom heldur óblíðlega fram við hann efir að sessunautur Árna missti disk í gólfið. Hún sakaði hann meðal annars um kynferðislega áreitni. „Ég hafði bara gaman af þessu enda hrekkjalómur sjálfur. Í því felst að kunna að gera grín en jafnframt og ekki síður mikilvægt er að kunna að taka gríni. Enda lét ég engan bilbug á mér finna, sumir vina og vandamanna hafa meira að segja sagt mér að þeir sjálfir hefðu orðið brjálaðir í sömu aðstöðu og ég var settur í.“

Þá er hann spurður að því hvort annríkið á Alþingi leysi hann ekki undan öllum jólaönnum. „Nei, það er ekki svo. Maður er alltaf settur í eitthvað síðustu dagana fyrir jól, setja upp seríur og svona. Enda bara gaman að því.“

## BAKKUS:

### MARGT SAMEIGINLEGT MEÐ JESÚ KRISTI



Sá alræmdi guð Bakkus hét upphaflega Díónýsos og var vinsæll meðal Forn-Grikkja. Margt svipað því sem seinna kom fram í trú á Jesú Krist má finna í trú á Díónýsos, sem er sagður hafa búið um skeið í Palestínu. Báðir áttu guð að föður og voru yfirheyrðir af vantrúuðu löggjafarvaldi fyrir að æsa upp lýðinn.

Þá fundust hugmyndir um að drekka blóð guðs (vín) og eta líkama hans (brauð) einnig í dýonísískri trú. Rómverjar nefndu Díónýsos Bakkus og er það nafn næstum samnefnari áfengis. Orðið bakari er úr annarri átt.

## SJÓNARHÓLL

**SÍMAAT VÍFILS ATLASONAR**



**ELVA ÓSK ÓLAFSDÓTTIR**
Leikkona

### *Hvaða hálfviti er þetta?*

„Það fyrsta sem ég hugsaði þegar ég las um þetta var „Hvaða hálfviti er þetta?“,“ segir Elva Ósk Ólafsdóttir leikkona um uppátæki Vífils Atlasonar sem hringdi í Hvíta húsið og þóttist vera forseti Íslands. Hann reyndi að koma á símafundi við George Bush Bandaríkjaforseta, en uppskar athygli bandarísku alríkislögreglunnar fyrir vikið. „Þegar það var farið að lyfta þessu upp á hærri stall þá missti ég bara málið. Mér finnst þetta ekki fyndið.“

Spurð hvað henni finnist um seinni hrekk Vífils, þar sem hann sendi vin sinn í viðtal á Stöð 2 undir sínu nafni, segist Elva alltaf hafa gaman af gríni milli vina en þetta hafi henni ekki fundist sniðugt. „Ég hef alveg húmor, en ekki fyrir öllum hlutum og sérstaklega ekki svona. Hallærislegt er eina orðið sem mér dettur í hug yfir þetta uppátæki,“ segir hún.

# Íslenski fáninn úr bresku efni

**Íslenski fáninn er búinn til úr efni frá Bretlandi sem er sérhannað fyrir íslenskar aðstæður. Hann er svo saumaður í Íslensku fánasaumastofunni á Hofsósi en hann samanstendur af fimmtán borðum. Aðrir fánaframleiðendur hafa byrjað útrás frá Þórshöfn.**



**KONURNAR Á BAK VIÐ FÁNANN** Svona fáni er ekki hristur fram úr erminni enda gerður úr fimmtán borðum. Hér eru þær með afreksturinn Lára Angantýsdóttir verkstjóri, Guðmunda Kristjánsdóttir, Sigrún Kristjánsdóttir og Anna Halldórsdóttir.

„Íslenski fáninn er alltaf að verða vinsælli svo það er nóg að gera, það er til dæmis orðið vinsælt að fólk gefi hann sem gjöf,“ segir Lára Angantýsdóttir, verkstjóri á Íslensku fánasaumastofunni á Hofsósi. „Áður var hann saumaður í Klæðaverksmiðjunni Gefjun á Akureyri. Þá var hann saumaður úr ullarefni en nú fáum við sérstakt efni frá Bretlandi sem er sérlega hentugt fyrir íslenska veðráttu.“

Eflaust hrósa margir Hofsósbúar happi yfir því að saumastofan skyldi flytjast þangað fyrir ellefu árum en það er nú eitt af þremur fyrirtækjum sem starfrækt eru í þorpinu.

Fjórir starfsmenn vinna á saumastofunni og hafa snör handtök. „Það eru fimmtán borðar í fánanum sem þarf að sauma saman, það fer náttúrlega eftir stærð hvað við erum lengi að þessu en það eru til einar sextán stærðir. En ætli við séum ekki svona einn og hálfan tíma með miðlungs fána,“ segir Lára.

En íslenski fáninn er ekki aðeins búinn til á Hofsósi. Fánasmiðjan á Þórshöfn er stærsti fánaframleiðandinn á landinu og prentar um þrjátíu kílómetra af fánum á ári að jafnaði. Þar á meðal er íslenski fáninn sem prentaður er í sérstakri silkiprentvél. „Hann er nú reyndar aðeins aukabúgrein hjá okkur, við erum aðallega í fyrirtækjafánum,“ segir Karen Konráðsdóttir framkvæmdastýra. „Nú erum við að hefja útrás til Danmerkur og þurfum sennilegast að fara að bæta við okkur starfsfólki ef fram fer sem horfir,“ segir hún en nú starfa þar fjórir starfsmenn.

Fyrirtækið var flutt frá Dvergshöfða í Reykjavík til Þórshafnar í febrúar 2005. „Ég var búsett hérna en langaði satt að segja ekkert að flytja í bæinn svo ég ákvað bara að flytja vinnuna hingað,“ segir hún.

**jse@frettabladid.is**



**STÓR FÁNI** Þessum verður heldur ekki stungið í vasann. Guðrún Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri saumastofunnar, er í hvítri peysu lengst til hægri og við hlið hennar við krossinn er Lára verkstjóri.



**UNNIÐ HÖRÐUM HÖNDUM Á SAUMASTOFUNNI** Framleiðsla íslenska fánans er með helstu atvinnuvegum á Hofsósi, enda er saumastofan eitt þriggja fyrirtækja í kauptúninu.


# ÖRYGGISVÖRÐUR Í STAÐBUNDNA ÖRYGGISGÆSLU

► Við leitum að mönnum í staðbundna öryggisgæslu í fyrirtækjum borgarinnar. Umsækjendur þurfa að vera ábyrgir, geta unnið sjálfstætt og vera með hreinan feril. Bæði tímabundin störf og framtíðarstörf eru í boði.

► Upplýsingar um starfið veitir Magnús Reyr Agnarsson í síma 580 7000 eða á magnus@securitas.is. Umsóknir óskast fylltar út á securitas.is fyrir 14. desember nk.

SECURITAS Síðumúli 23 | 108 Reykjavík | 580 7000 | securitas.is


Hrátt kjöt á hlaðborði á Patreksfirði:

# Áður borðuðu Pottormarnir ref

Patreksfirðingar eru þekktir fyrir allt annað en gikkshátt og eru hinir ýmsu réttir bornir á borð þegar menn gera sér glaðan dag í skammdeginu. Það sannaðist á jólahlaðborði sem haldið var á veitingastofunni Þorpið á Patreksfirði þar sem maturinn var bæði hefðbundinn og framandi.

Meðal rétta voru hrátt hangikjöt og hrátt hreindýrakjöt og runnu réttirnir tveir ljúflega niður hjá gestunum að sögn Kolbrúnar Pálsdóttur veitingamanns í Þorpinu. Það er annríkt á veitingastofunni því 14. desember næstkomandi munu hinir svokölluðu Pottormar, en það er félagsskapur sem hittist oftlega í heita pottunum í sundlaug Patreksfjarðar, þiggja þar skötu í hinni árlegu skötuveislu.

Þessir vösku Pottormar skutu flestum ref fyrir rass þegar kom að forvitnilegu fæði en áður fyrr matreiddu þeir ref og báru á borð í samkvæmum sínum. Það var reyndar löngu áður en Þorpið var opnað svo það kom ekki í Kolbrúnar hlut að matreiða skolla. **- jse**



**FRAMANDI OG HEFÐBUNDIÐ** Fremst í ferkantaðri skál er hráa hangikjötið en hráa hreindýrakjötið á fatinu fyrir framan laufabrauðið. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR



29.900
FA162
LG minisamstæða
59.900
CTX9
Scott 19” m/DVD
15.900
PXXi720
Scott ferða DVD
Gleðigjafir
16.900
SG9220
Daewoo Kombi DVD/VHS
7.900
DVX276
LG DivX DVD spilari
3.490
HRA-3000PCUS
Roadstar útvarp
8.900
MPCS1572G
Scott
MP3 spilari
8.990
11086
Tangent útvarp
8.900
KOR69Y5SL
Daewoo örbylgjuofn
2.980
MB2793
Clatronic grillofn
2.290
ST2645
Clatronic samlokugrill
2.990
WA3116
Clatronic vöfflujárn
2.490
TA2980
Clatronic brauðrist
3.990
WKS2635
Clatronic hitaketill
3.290
DB3061
Clatronic straujárn
ES2970
Clatronic espressó vél
3.970
UM2927
Clatronic blandari
3.900
SM3044
Clatronic töfrasproti
4.490
CLR-2495P
Roadstar útvarps-vekjari
1.995
40% afsláttur
Pottar mikið úrval
RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16
LG
Lífið er gott

## Svona erum við

> Kreditkortavelta í desember




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** ALFRED NÓBEL

# *Vildi bæta fyrir uppfinningu dýnamítsins*

Nóbelsverðlaunin í ár voru að venju afhent bæði í Stokkhólmi og Ósló í gær við hátíðlega athöfn. Friðarverðlaunin voru afhent í Ósló og þau hlutu Al Gore, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, og milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Í Stokkhólmi voru afhent verðlaun í bókmenntum, efnafræði, eðlisfræði, læknisfræði og hagfræði.



**Hvers vegna Nóbelsverðlaun?**
Alfred Nobel var sænskur verkfræðingur, vopnasali og uppfinningamaður, fæddur árið 1833 og hafði meðal annars unnið sér það til frægðar að finna upp dýnamítið, öflugt sprengiefni sem hefur verið notað jafnt í góðum sem slæmum tilgangi. Þegar hann komst á efri ár vildi hann ekki að sín yrði minnst eingöngu sem vopnaframleiðanda og uppfinnanda sprengiefnis og ákvað því að stofna sjóð sem notaður yrði til að veita afreksmönnum á ýmsum sviðum verðlaun.

**Hve há eru verðlaunin?**
Alfreð Nóbel lést 10. desember árið 1896 og eru verðlaunin því afhent þann dag ár hvert. Þegar hann lést voru eignir hans metnar á um 31 þúsund sænskar krónur en í sjóðnum eru nú um 1.500 milljónir sænskra króna, eða tæplega 15 milljarðar íslenskra króna. Verðlaunaupphæðin nemur um 10 milljónum sænskra króna.

**Hverjir úthluta verðlaununum?**
Upphaflega voru verðlaunin fimm talsins. Samkvæmt erfðaskrá Nóbels kemur það í hlut Sænsku vísindaakademíunnar að úthluta verðlaunum fyrir afrek á sviði eðlisfræði og efnafræði, Karolinska sjúkrahúsið í Stokkhólmi úthlutar verðlaunum í læknisfræði, sænska Akademían verðlaunum í bókmenntum en friðarverðlaunum úthlutar fimm manna nefnd sem norska þjóðþingið velur. Síðar var ákveðið að bæta við verðlaunum í hagfræði, sem afhent skyldu í minningu Alfreds Nóbels. Sænski seðlabankinn úthlutar þeim.

## SPURT & SVARAÐ
**KJARAVIÐRÆÐURNAR**

### *Hvellskýr krafa um 165 þúsund*

Staðan í kjaraviðræðum verkalýðshreyfingarinnar við Samtök atvinnulífsins, SA, hefur mikið verið til umræðu upp á síðkastið. Alþýðusamband Íslands kynnti í gær sameiginlegar kröfur gagnvart SA. Vonir stóðu til að hægt yrði að ljúka samningum fyrir áramót en nú ríkir meiri óvissa um það.



**VILHJÁLMUR BIRGISSON** Formaður Verkalýðsfélags Akraness

**Hvernig metur þú stöðuna í samningaviðræðunum?**
Ég met hana sæmilega. Ég er samt ekkert allt of bjartsýnn.
**Hvers vegna ekki?**
Einfaldlega vegna þess að ég tel að tónninn hafi verið þannig í atvinnurekendum síðustu daga.
**Hvernig er sá tónn?**
Tónninn byggist á því að þeir tala um að það verði lítið til skiptanna ef þannig má að orði komast. En ég fagna því að það á að taka hraustlega á lægstu laununum.
**Hvað er auðveldast að ná samkomulagi um?**
Það liggur fyrir að það er nokkuð ríkjandi þjóðarsátt um að lagfæra lægstu launin en það er hvellskýr krafa að lágmarkslaunin verði 165 þúsund í samningslok árið 2009. Það er nokkuð breið samstaða um að frá þeirri kröfu verði ekki hvikað.


## Evrópuár jafnra tækifæra
**13. desember 2007 Kl. 14.00-18.00**

**STYRKURINN Í FJÖLBREYTNI**
**Ráðstefna á vegum félagsmálaráðuneytisins, haldin í Þjóðminjasafninu fimmtudaginn 13. desember 2007**

**14.00–14.10**
**Ávarp Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra.**

**14.10–14.55**
**Kynningar á verkefnum Árs jafnra tækifæra.**
Jafnréttisstofa kynnir verkefnin sín.
Rannsóknin Innflytjendur: viðurkenning og virðing í íslensku samhengi kynnt.
Ljósmyndasamkeppni í tilefni Evrópuársins kynnt.
Kynning á rannsókn á vegum Styrktarfélags vangefinna.
Samtökin ‘78 kynna upplýsingabækling um réttarstöðu samkynhneigðra. hérlendis á ýmsum tungumálum.

**14.55–15.25**
**Sýning á stuttmyndinni Bræðrabyltu.**

**15.25–15.45**
**Hlé.**

**15.45–16.40**
**Kynningar á verkefnum Árs jafnra tækifæra.**
Ísland Panorama kynnir verkefnið Inn við beinið erum við öll eins.
Kynning á útgáfu trúardagatals.
Mannréttindaskrifstofa Íslands fjallar um verkefnin sem hafa verið á könnu hennar og Háskólans í Reykjavík.
Femínistafélagið kynnir ráðstefnuna Kynlaus og litblind, samræða við margbreytileikann.
Barnaheill kynnir verkefnið Gegn mismunun á öllum skólastigum.
Kvennaathvarfið kynnir verkefni.

**16.40–17.00**
**Hjólastólasveitin flytur leikatriði.**

**17.00**
**Léttar veitingar.**

**Fundarstjóri er Paola Cardenas, verkefnastjóri málefna innflytjenda hjá Rauða krossi Íslands.**

Félagsmálaráðuneyti


# Börn hafa jákvæða sjálfsmynd í náttúrufræði

**Fimmtán ára börnum fer aftur í lestri og stærðfræði, samkvæmt námskönnun PISA sem nýlega var kynnt, og telur menntamálaráðherra niðurstöðuna vonbrigði. Nýbúabörnin á Íslandi koma mun verr út en íslensku börnin en þó svipað og nýbúabörn í öðrum löndum. Hvort sem um innfædd eða innflutt börn er að ræða er ljóst að auka þarf áherslu á lesskilning.**



**BÖRN Í SKÓLA** Fimmtán ára unglingum hefur farið aftur í lestri. Þetta kemur fram í námskönnun sem nýlega var kynnt. Niðurstöðurnar leiða væntanlega til þess að spyrnt verði við fótum þannig að kannski munu þessi börn, sem hér taka við skólamáltíðinni sinni, standa sig betur í lesskilningi ef þau eiga einhvern tíma eftir að taka PISA-próf. Myndin er úr safni og tengist efni fréttarinnar ekki beint.

Íslenskum unglingum fer aftur í lestri og stærðfræði og vísbendingar eru um minnkandi færni í náttúrufræði ef marka má nýjustu PISA-könnunina. Samkvæmt henni eru íslensku börnin undir meðaltali OECD-ríkjanna. Finnar koma best út, eru langhæstir, og hinar Norðurlandaþjóðirnar koma líka betur út en Íslendingar að undanskildum Norðmönnum.

Íslensku unglingunum hefur farið aftur milli kannana og þeim þjóðum hefur fjölgað sem standa sig betur en Íslendingar, sérstaklega í lestri. Júlíus K. Björnsson, forstöðumaður Námsmatsstofnunar, sagði á blaðamannafundinum þegar PISA-könnunin var kynnt, að Íslendingar þyrftu að hafa áhyggjur af þessari þróun. Hann sagði einnig að kröftug tengsl væru milli frammistöðu í samræmdu prófunum og PISA.

Júlíus benti meðal annars á að viðhorf íslenskra nemenda til náttúrufræði og vísinda væru frekar jákvæð en ekki eins jákvæð og á hinum Norðurlöndunum. Nemendur hér hefðu þó meiri trú á eigin getu í náttúrufræði en nemendur í Danmörku og Svíþjóð og hefðu því betri sjálfsmynd á því sviði en Svíar og Danir. Íslensku nemendurnir hefðu þó mun minni áhyggjur af umhverfismálum en nemendur í OECD að meðaltali og af norrænum nemendum væru þeir íslensku minnst meðvitaðir um umhverfismál.

### Kynjamunur minnkar

Frammistaða eftir landshlutum hér innanlands hefur breyst miðað við fyrri PISA-kannanir. Nemendur á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra sýna betri frammistöðu en nemendur í Reykjavík og nágrenni og á Austurlandi. Sérstaklega er þetta áberandi í lestri.

Þá hefur kynjamunurinn minnkað í öllum greinum, mestur er hann þó á Austurlandi.

Ungum nýbúum gengur ekki nógu vel í könnuninni. Af þeim tæplega áttatíu 15 ára unglingum sem voru skráðir á Íslandi árið 2006, samkvæmt tölum Hagstofunnar, tóku rúmlega fimmtíu prófið.



**JÚLÍUS K. BJÖRNSSON** Forstöðumaður Námsmatsstofnunar.



**HAFSTEINN KARLSSON** Skólastjóri Salaskóla.

Frammistaða þeirra er marktækt slakari í öllum greinum en annarra nemenda. Munurinn á unglingum af innlendum og erlendum uppruna er svipaður og hjá öðrum þjóðum en þó er það ekki samanburðarhæft þar sem nýbúahópurinn hér er svo lítill.

Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss, segir að niðurstaðan varðandi nýbúana komi ekki á óvart. „Við þurfum að átta okkur á því að það tekur tíma fyrir hvern og einn að tileinka sér nýtt tungumál. Þetta snýst ekki bara um íslenskukennsluna sjálfa, þau þurfa stuðning í fleiri greinum. Það tekur langan tíma að ná skilningi og slíkum orðaforða að unglingurinn geti tileinkað sér námsefni,“ segir hann.

### Munur á viðhorfum

Undir þetta tekur Nína Magnúsdóttir, deildarstjóri í nýbúadeild Austurbæjarskóla. Hún segir að íslenskan sé lykillinn. Hulda Karen Daníelsdóttir, kennsluráðgjafi í nýbúafræðslu, segir að minnst tvö ár taki að ná valdi á talmáli, enn lengri tíma taki að ná skólamáli.

Hafsteinn Karlsson, skólastjóri í Salaskóla, hefur kynnt sér finnskt skólakerfi. Hann segir að Íslendingar hafi miklu meiri breidd í skólakerfinu en Finnarnir. Ekki sé vitað hvort nemendur í sérdeildum séu með í finnska úrtakinu, finnskir kennarar viti það ekki einu sinni sjálfir.

Munur sé á viðhorfum íslenskra og finnskra kennara. Íslenskir kennarar vilji koma til móts við öll börn en finnskir kennarar telji það ekkert aðalatriði. Þá séu Finnar með hefðbundnari kennsluaðferðir. Nemendur þar séu ekki eins virkir og hér á landi.

**FÆÐINGARLAND 15 ÁRA NÝBÚABARNA 2006**

| | |
|---|---|
| Pólland | 14 |
| Danmörk | 10 |
| Bandaríkin | 5 |
| Lettland | 5 |
| Filippseyjar | 5 |
| Litháen | 4 |
| Taíland | 5 |
| Víetnam | 3 |
| Önnur lönd | 27 |
| **Samtals** | **78** |

Til að geta tekið þátt í PISA-könnuninni þurfti nýbúabarn að hafa búið minnst eitt ár í viðkomandi landi.

**Heimild: Hagstofa Íslands**



FRÉTTASKÝRING
**GUÐRÚN HELGA SIGURÐARD.**
ghs@frettabladid.is

NÚ Á 2 STÖÐUM

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## HEITIR POTTAR

**Fellsmúla** - Reykjavík
**Njarðarbraut** - Reykjanesbæ



*Afsláttarverð:*

**449.900***

- Stærð 210 x 210 x 100
- 4 vatnsnudddælur 2hö
- 2 loftnudddælur 370w og 750w
- 50 vatnsnuddstútar og 30 loftstútar
- Digital stjórnborð, stýrir nudddælum, hitastýringu, hreinsikerfi og ljósum
- "Ozone" hreinsikerfi og 3 kw hitari
- 5 ljós í skel
- Einangruð skel og lok, lágmarks hitatap
- Harðviðarklæðning

*Fullt verð:* ***499.900***

## NÝ SENDING

*Afsláttarverð:*

**349.900***

- Stærð 203 x 197 x 90
- 2 vatnsnudddælur, 2hö og 1 hö.
- 21 vatnsnuddstútar
- Digital stjórnborð, stýrir nudddælum, hitastýringu, hreinsikerfi og ljósum
- "Ozone" hreinsikerfi og 3 kw hitari
- 4 LED ljós í skel
- Einangruð skel og lok, lágmarks hitatap
- Harðviðarklæðning

*Fullt verð:* ***399.900***



** Sérskilmálar*

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888

**OPIÐ ALLA DAGA**
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 17
Sunnud. kl. 12 - 16

SHARP



### Geislaspilari, útvarp og kassettutæki

XL-MP2H

· Spilar MP3/WMA, CD-R/RW
· Fyrirferðalítil og smekklega hönnuð stæða
· Magnari: 2x5W RMS
· AM/FM útvarp með RDS
· Vekjaraklukka · Tónjafnari
· Einföld og þægileg fjarstýring

Listaverð kr. 12.900,-

***Tilboðsverð kr. 10.900,-***

SHARP



### Geislaspilari, útvarp og kassettutæki

XL-UR5H

· Fyrirferðalítil og skemmtilega hönnuð stæða.
· Spilar tónlist beint af minniskubbum, MP3 spilurum o.fl.
· Spilar MP3/WMA, CD-R/RW
· USB tengi og SD kortarauf

Listaverð kr. 17.900,-

***Tilboðsverð kr. 13.900,-***

SHARP



### Hljómflutningstæða

XL-UR230H

· 5 diska geislaspilari · Spilar MP3, CD-R/RW · Magnari: 2x50W RMS
· USB tengi · Spilar tónlist beint af minniskubbum, MP3 spilurum o.fl.
· AM/FM útvarp með RDS og 40 stöðva minni · Vekjaraklukka
· 6 tónjafnarastillingar · X-BASS kerfi · Fullkomin fjarstýring

Listaverð kr. 29.900,-

***Tilboðsverð kr. 23.900,-***



Jamo

### Hágæða hljómtækjastæða

S260 HCS 21

· 2x 65W hátalar · 200W bassabox
· Spilar DVD, CD, MP3, DivX, Xvid o.fl./ FM/AM útvarp með RDS
· Aux-inngangur · USB inngangur · Magnari: 5x65W rated - 200W magnara
· Útgangar: SCART, Component, S-Video og composite
· Bæði til svört og hvít

**Verð kr. 69.900,-**



Jamo

### Stereo hljómtæki fyrir iPod

I-200

· Fáanleg hvít eða svört
· Hægt að festa á vegg eða láta standa á borði
· Möguleiki á að bæta við bassaboxi

**Verð kr. 19.900,-**

Nikon

### Frábær vél fyrir byrjendur og lengra komna - með 18-135 mm linsu

Nikon D40x

· 10.2 milljón pixla CCD myndflaga.
· 3 rammar á sekúndu
· 2,5" LCD skjár
· Hraður 3 punkta sjálfvirkur fókus
· ISO 100-1600
· Lokara hraði 30 - 1/4000
· Innbyggðir aðgerðir til að laga og breyta myndum í vélinni.
· i-TTL ljósmælikerfi.
· Notar DS minniskort

*Verð kr. 104.800,-*



Nintendo®

*Bara gaman!*

NINTENDO DS lite



**Stórkostlegt leikjasafn – yfir 140 titlar.**

*Kemur í 4 litum:*
HVÍT
SVÖRT
BLEIK
SILFUR

## NÝ OLYMPUS®





VATNSHELD+HÖGGÞÉTT

### Taktu myndir í kafi

*Vatnsheld niður á 3 metra og höggheld*

· 7.1 milljón pixlar
· 3x aðráttarlinsa (38–114 mm)
· Stór 6,4 cm (2,5") LCD skjár
· Videoupptaka með hljóði

*OLYMPUS mju790*
***Verð : 29.900,-***

## JÓLAGJÖFIN Í ÁR!

FYRIR ALLA ALDURSHÓPA
Mest selda leikjatölva veraldar

Nintendo®



Wii™
NÝ UPPLIFUN

VERÐTRYGGING!!
**Wii verður alltaf ódýrust í ORMSSON**

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800 · ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 · ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 · ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 · ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 · ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 · ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 · ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 · ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 · ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 · ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477 · ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160



ZWILLING

Færustu matreiðslumeistarar um allan heim velja ZWILLING hnífa - og ekki að ástæðulausu.

*Úrvals hnífar - vönduð matargerð.*



Solis OF SWITZERLAND

SAFAPRESSAN VINSÆLA
Kr. 15.900,-



Solis OF SWITZERLAND

Mínútugrill fyrir mikla matgæðinga – 2 stærðir.
*Verð kr. 10.900,-*
(Minni stærðin)



Solis OF SWITZERLAND

Nýr og flottur 1200w blandari frá svissnesku snillingunum í SOLIS.
*Verð kr. 19.900,-*



Solis OF SWITZERLAND

Hágæða Espresso kaffivél. Fyrir fullorðna.
*Verð kr. 29.900,-*

AEG



Ryksugur af bestu gerð!
*Verð frá kr. 10.900,-*

KYNNIÐ YKKUR ÚRVALIÐ!




AEG UPPÞVOTTAVÉLAR
JÓLAVERÐ:
Kr. 89.900 Stál · Kr. 79.900 Hvít



Emile Henry Poterie culinaire FRANCE

Þú býrð vel með Emile Henry. Komdu og kynntu þér úrvalið í þessari fallegu vöru.

Framsýni og metnaður síðan 1922
85 ÁRA ORMSSON 1922–2007

*12 ORMSSON VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

**ORMSSON**

ALLTAF GLÆSILEG OG HAGNÝT GJAFAVARA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fjölmiðlar geta ekki skorast undan því að fjalla um erlenda glæpamenn á Íslandi.

# Koma óorði á fjöldann

JÓN KALDAL SKRIFAR

Fréttir undanfarinna vikna hljóta að vera þungbærar fyrir útlendinga á Íslandi. Það einfaldar örugglega ekki tilveru fjölmargra Pólverja og Litháa hér á landi þegar fréttir eru sagðar af því að landar þeirra hafi verið handteknir grunaðir um alvarlega glæpi.

Í haust hafa einmitt verið fluttar margar fréttir af meintum brotum manna frá þessum tveimur löndum. Þetta er óvenjulegt því að við Íslendingar höfum hingað til fyrst og fremst þurft að eiga við heimaframleidda nauðgara, þjófa og aðra glæpamenn. Við höfum hins vegar alltaf vitað af því að glæpir eru líka framdir í öðrum löndum. Það er því í raun ekkert undarlegt að þegar heimurinn kemur til Íslands eru afbrot meðal þess sem kemur með í farangrinum

En þetta er nýr veruleiki og honum fylgja ný úrlausnarefni. Þar á meðal fyrir okkur sem vinnum á fjölmiðlunum.

Eitt af því er spurningin hvort það komi frétt í vinnslu við hvort grunaðir afbrotamenn eru útlendingar? Annað er hvort fréttir af tilteknum málum þar sem útlendingar koma við sögu ali á útlendingahatri? Svarið við fyrri spurningunni er stundum. Þeirri síðari afdráttarlaust já. Fordómarnir eru fljótir að gjósa upp í okkar litla landi.

Staðan er hins vegar sú að ef þjóðernið skiptir máli í samhengi frétta verða fjölmiðlar að leiða hjá sér vangaveltur um hvort þær valdi fordómum. Fjölmiðlar geta ekki skotið sér undan því að fjalla um óþægileg mál. Hraðri fjölgun útlendinga í íslensku samfélagi fylgja ákveðin vandamál sem hverfa ekki þótt um þau sé ekki fjallað. Þvert á móti má ætla að opinská umræða flýti fyrir að tekið sé á málunum.

Fréttablaðið sagði til dæmis frá því á dögunum að hátt í fjórðungur þeirra sem eru teknir ölvaðir við akstur er útlendingar og áfengismagn í blóði þeirra er að jafnaði töluvert meira en í íslenskum stútum við stýri. Þetta er auðvitað óviðunandi ástand og gefur til kynna að átaks sé þörf til að uppfræða þá erlendu menn sem hér starfa. Það er engum til góðs að horfa framhjá þessum vanda.

En auðvitað er ábyrgð fjölmiðlanna mikil og það stendur upp á þá að vanda til verka. Fréttir af útlendingum geta hæglega fengið á sig það yfirbragð að aðeins sé sagt frá því slæma sem þeir gera. Þetta er vegna þess að fréttir eru í eðli sínu neikvæðar, eða eins og einhver gáfaður maður sagði: hundar sem gelta um nætur eru fréttaefni en ekki þeir sem þegja.

Fjölmiðlar verða að gæta þess að leita jafnvægis og flytja líka fréttir af öllum þeim harðduglegu og heiðarlegu Pólverjum og Litháum sem hér búa og starfa. Þeir eru í miklum meirihluta og eiga ekki að þurfa að þola að fáeinir svartir sauðir komi óorði á fjöldann.

Í því samhengi geta Íslendingar rifjað upp að lengi vel voru okkar helstu fulltrúar úti í heimi íslenskir sjómenn. Þegar þeir komu til hafnar og áttu frí í landi, hvort sem það var í Hull, Grimsby eða Hamborg, nýttu þeir það á fjölbreyttan hátt. Og ekki alltaf landi og þjóð til sóma.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Kjartan fertugur

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, hélt upp á fertugsafmæli sitt á laugardag með pompi og prakt en veislustjórn var í öruggum höndum Júlíusar Vífils Ingvarssonar. Gestir sem eiga fálkanælu í fórum sínum voru í miklum meirihluta í veislunni en þó mátti sjá glitta í fólk af öðru pólitísku litrófi. Athygli vakti að af oddvitunum fimm í borgarstjórn heiðruðu aðeins tveir afmælisbarnið með nærveru sinni, þeir Vilhjálmur Vilhjálmsson og Ólafur F. Magnússon. Hinir þrír voru tepptir erlendis; Dagur B. Eggertsson borgarstjóri var í Stokkhólmi, SvandísSvavarsdóttir í Kaupmannahöfn og Björn Ingi Hrafnsson var í Boston. Þeirra var sjálfsagt sárt saknað.



### Partí á Seltjarnarnesi

Þótt Kjartan sé kjörinn fulltrúi Reykvíkinga ákvað hann hins vegar að leigja veislusal í öðru bæjarfélagi, á Seltjarnarnesi nánar tiltekið. Kannski vildi hann vera viss um að andi nýja meirihlutans svifi ekki yfir vötnum og spillti gillinu. Líklega hugnast Kjartani meirihlutinn á Seltjarnarnesi betur en sá í Reykjavík.

### Konur sem þekkjast

Meira af gleðskap. Samkoma undir yfirskriftinni „Konur sem þekkjast ekki en ættu að þekkjast“ fór fram í Norðurmýrinni um helgina. Samkomurnar eru haldnar reglulega í þeim tilgangi að rækta tengslanet valinkunnra kvenna. Fyrirkomulagið er þannig að þrjár konur bjóða tíu vinkonum sínum svo úr verður þrjátíu manna selsskapur. Í samsætinu á laugardag mátti finna konur á borð við Oddnýju Sturludóttur borgarfulltrúa, Marsibil Sæmundsdóttur varaborgarfulltrúa, Ernu Kaaber veitingakonu, Þórlaugu Ágústsdóttir, forstöðumann vefmiðlunar 365, og Sigríði Klingenberg spákonu, svo nokkrar séu nefndar.



bergsteinn@frettabladid.is

# Migildi og stafræn kort



EINAR MÁR JÓNSSON

**Í DAG** | Rafrænt eftirlit

Fyrir nokkru var tekin upp nýbreytni í neðanjarðarlestum Parísar: menn gátu nú fengið stafrænt kort í stað miðanna, það gilti eins og venjulegir miðar í viku eða mánuð en einnig allt upp í ár, og þurftu menn ekki annað en bera það upp að einhvers konar „auga“ sem las kortið, þá opnaðist hliðið um leið.

Ekki var hægt að sjá að þetta nýja kort, sem nefndist því virðulega nafni „navigo“, hefði mikið gagn umfram miðana (sem eru stöðugt við lýði, a.m.k. enn sem komið er) nema kannske tímalengdina, og svo það að mönnum sem týna korti er lofað að þeir skuli fá nýtt innan skamms: en hvað um það, gífurleg auglýsingaherferð var sett í gang til að telja menn á að hætta við miðana og fá sér þessi kort. Til að árétta það voru sett upp sérstök hlið, sem einungis þessi kort geta opnað.

**Óvinsæl kortlagning**

En þessum nýju kortum fylgdi einnig nokkuð annað, sem var þó ekki tekið fram í auglýsingunum. Í hvert skipti sem korthafi fer í neðanjarðarlest og opnar hlið með þessu spjaldi sínu er það letrað í einhverri miðlægri tölvu sem skráir númerið á kortinu, svo og staðinn og stundina þegar það er notað. Á þennan hátt er sem sé hægt að fylgjast með öllum ferðum korthafans í neðanjarðarlestum fram og aftur um Parísarborg og úthverfin líka.

Þetta spurðist út, og fannst ýmsum þetta miður. Frakkar hafa nefnilega nokkuð slæma reynslu af því að alls kyns persónulegar upplýsingar um þá berist til aðila sem síst skyldi og séu notaðar á ófyrirsjáanlegan hátt, þeim mjög í óhag. Þannig er sagt að tryggingafélög séu nösk á að verða sér upp upplýsingar um ýmislegt, sem skiptir kannske ekki neinu máli í sjálfu sér og viðtakandi er löngu búinn að gleyma, en hægt er með réttri túlkun að nota til að neita mönnum um réttindi eða taka þau af þeim. Og til eru þeir Fransmenn sem hafa sitthvað að fela fyrir öðrum en tryggingafélögum, án þess að það varði beinlínis við lög; að því ógleymdu að í augum lögreglumanna getur verið grunsamlegt að hafa verið á einhverjum ákveðnum stað á einhverjum ákveðnum tíma, nema hægt sé að gefa tafarlaust á því pottþétta skýringu, kannske mörgum mánuðum síðar. Því gast mönnum ekki meira en svo að þessar tækninýlundu.

En ef trúa má útvarpsfréttum ætlar stjórn neðanjarðarlesta Parísarborgar að bæta úr þessu, og er það vitanlega í samræmi við lögmál viðskiptalífsins. Menn eiga sem sé völ á nýrri þjónustu sem er fólgin í því að ferðirnar verði ekki skráðar í tölvuna, en hún kostar að sjálfsögðu sitt, þótt upphæðin sé ekki há: einar fimm evrur. Þetta eru miklar framfarir og mjög til hagsbóta, en aðferðin er að vísu gamalgróin.

**Barnakennarinn Tópaz**

Í leikritinu „Tópaz“, sem einu sinni var sýnt í Þjóðleikhúsinu í Reykjavík, segir m.a. frá því hvaða leið bæjarfulltrúi í einhverjum smábæ fann til að drýgja tekjurnar. Hann holaði einu af þessum sérstöku karlaklósettum sem einkenndu franskar borgir til skamms tíma og íslenskir stúdentar nefndu „migildi“, niður á stétt fyrir framan kaffihús. Þar var nú eigandi kaffihússins vanur að setja út sín borð fyrir viðskiptavinina á góðviðrisdögum, en eftir því sem hitinn jókst þá jókst og fnykurinn af þessu blikkafdrepi; því gufuðu viðskiptavinirnir fljótlega upp. Eigandinn var meira en fús til að borga þá tíu þúsund franka sem bæjarfulltrúinn setti upp til að láta fjarlægja gripinn. Strax að þeirri upphæð fram greiddri, lét bæjarfulltrúinn flytja migildið – þvert yfir götuna á stétt fyrir framan annað kaffihús. Honum reiknaðist svo til að þennan leik gæti hann leikið fimm eða sex sinnum á sama árinu, með því að flytja migildið af einni kaffistétt á aðra, og hafa þetta vafalaust verið stórupphæðir árið 1928, þegar leikritið var frumsýnt.

En aðalpersóna leikritsins, barnakennarinn Tópaz sem svindlarar hyggjast notfæra sér vegna þess að hann sé svo saklaus en endar á því að verða enn útsmognari en þeir og leika á þá, hann lætur sér fátt um finnast. Svona smásvindl kallar hann „skáldskap“, í mikilli fyrirlitningu; hann stefnir hærra.

Tópaz gat vafalaust ekki ímyndað sér alla þá möguleika sem rökheimur bæjarfulltrúans bjó yfir. Eitt migildi var lítill og ólítilegur blikkhólkur, og kaffihús með eiganda og fáeinum viðskiptavinum kotungslegur heimur. Það er mun umfangsmeiri aðferð að láta aragrúa manna borga fyrir að ekki sé um þá njósnað, og hægt að útfæra það á marga vegu. En einn galli er þó á þessari nýju þjónustu við stafrænu kortin: ef einhver borgar fyrir að ferðir hans verði ekki skráðar í tölvuna, er eins víst að lögreglan líti svo á að hann hljóti að hafa eitthvað að fela, hann verði því jafnan grunsamlegur. Þarna er enn eitt atriði sem kallar á nýjungar í viðskiptalífinu.

# Að duga eða drepast

**UMRÆÐAN**

Kjarabætur öryrkja



SIGURSTEINN MÁSSON

Hinn 1. apríl nk. munu tekjutengingar við maka heyra sögunni til. Að þessu hefur verið unnið lengi á vettvangi ÖBÍ og nú síðast innan ráðgjafarhóps um breytingar á almannatryggingum þar sem við eigum sæti. Ég hefði reyndar talið það eðlilegt að breytingin tæki gildi strax um áramót en um breytinguna sjálfa var algjör samstaða í ráðgjafarhópnum.

Það er líka fagnaðarefni að ríkisstjórnin hyggst grípa til sérstakra aðgerða gegn of- og vangreiðslum Tryggingastofnunar ríkisins og í því skyni verður komið á sérstöku frítekjumarki á fjármagnstekjur. Aldraðir gerðu samkomulag við stjórnvöld um 25 þúsund króna réttindi í lífeyrissjóðum fyrir þá sem ekki eiga þann rétt fyrir og 100.000 króna frítekjumark á atvinnutekjur. Ígildi þessara aðgerða fyrir aldraða er metið til tveggja milljarða króna framlags til öryrkja á ársgrundvelli.

Nú er mjög þýðingarmikið að mótaðar verði framsýnar tillögur um hvernig þessum tveimur milljörðum króna verði varið í þágu fatlaðra og sjúkra. Í því sambandi þarf að huga að tvennu. Annars vegar hvernig fjármagnið skilar sér best til þeirra sem verst standa og hins vegar að aðgerðin styðji við nauðsynlegar breytingar á almannatryggingakerfinu. Í janúar 2009 er stefnt að því að nýtt fyrirkomulag almannatrygginga taki gildi sem leggi áherslu á jafnan rétt fólks til þátttöku og að hinar illræmdu tekjutengingar og skerðingar heyri sögunni til. Það er grundvallaratriði að nýtt fyrirkomulag verði fyrir alla, án aðgreiningar og mismununar og lúti lýðræðislegri stjórn og ábyrgð. Lykilaðilar í nýju kerfi auk ríkis og sveitarfélaga eru aðilar vinnumarkaðarins og lífeyrissjóðirnir. Ný sátt verður að takast um hlutverk þeirra og skyldur.

Skerðingar og niðurfellingar níu lífeyrissjóða á lífeyri öryrkja misbjóða gróflega réttlætiskennd þjóðarinnar. Hugmyndafræði eins samfélags fyrir alla er hugmyndin um víðtæka ábyrgð og skyldur gagnvart öllum í samfélaginu. Á bak við hvern einstakling sem lífeyrissjóðirnir eru nú að skerða er persónuleg saga, erfiðleikar og slys. Því heiti ég nú á lífeyrissjóðina að hverfa frá þessum aðgerðum tafarlaust. Öryrkjabandalagið hefur skorað á ríkisstjórnina að skerast í leikinn og bregðast strax við. Tíminn er naumur og nú þarf að vinna hratt.

*Höfundur er formaður ÖBÍ.*

# TÖLVUNÁM á vorönn 2008

## Innritun hafin

Computer and office courses
for beginners and advanced users





## VEFUR OG GRAFÍK

**Grafísk hönnun**
Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk sem og þá sem vilja forskot til frekara hönnunarnáms eða þeim sem vilja hanna sínar eigin auglýsingar. Photoshop – Illustrator – InDesign og PDF vinnsla.
Lengd 105 std. Verð kr. 116.000,-

**Vefsíðugerð – grunnur**
Námskeið ætlað byrjendum í vefsmíði og fólki sem vill koma sér upp einfaldri og heimasíðu með sérstakri áherslu á myndgerð og myndnotkun á heimasíðunni. Dreamweaver og Photoshop.
Lengd 47 std. Verð kr. 49.000,-

**Vefsíðugerð – framhald**
Námskeið ætlað þeim sem halda úti vefsíðu eða hafa grunn í vefsmíði en vilja bæta kunnáttu sína. Dreamweaver, HTML og JavaScript.
Lengd 31 stund. Verð kr. 32.000,-

**Myndbandavinnsla**

**Photoshop ljósmyndun**

**Stafrænar myndavélar**

## SÉRFRÆÐINÁM

- MCSA
- MCP XP
- MCDST
- Windows 2003 Network Infrastructure
- Microsoft Exchange Server

Microsoft CERTIFIED Systems Administrator

## OFFICE 2007

Stutt aðlögunarnámskeið fyrir alla nýja og verðandi notendur á Office 2007 pakkanum.
5 kennslustd Verð kr. 8.900,-

## STÖK FORRIT

- Access
- Dreamweaver
- Excel grunnur
- Excel í skipulagi og stjórnun
- Flash
- Internet og tölvupóstur
- Outlook póstur og skipulag
- PowerPoint
- Photoshop
- Word I og II
- Illustrator

## STARFSNÁM OG VIÐSKIPTI

**Tölvu og skrifstofufnám**
En nú á tímum góðæris þykir ekki fínt að bjóða uppá hitað rauðvín og ákavíti. Vinnuveitendurnir hafa eflaust gert sér grein fyrir því að vinnustaðurinn angaði svo dögum og vikum skipti eftir veisluhöldin. Að ekki sé nú minnst á vandræðalega augnatillitið eftir næturgamanið þegar vinnufélagarnir hittast eftir hátíðirnar og allan aukakostnaðinn sem þurfti að leggja út fyrir hjá ökuskírteinislausum starfsmönnunum.

Í staðinn er farið fínt út að borða með samstarfsfélögum og mökum á einhvern stað þar sem boðið er uppá franska eftirrétti, kjöt í öllum stærðum og gerðum og auðvitað ókeypis áfengi. Og þar gefst mönnum kærkomið tækifæri til að rasa út og sjá til þess að einhver fari heim með vænt samviskubit í maganum þegar sessunauturinn hefur tjáð sig um meint einelti eða skilnað sinn, svona rétt áður en fyrstu jólasveinarnir koma til byggða.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





18% AFSLÁTTUR

**TOSHIBA**

# Ekki missa af þessari!

## Toshiba Satellite Pro A200-1F9

| | |
|---|---|
| **Örgjörgvi:** | IntelCore 2 Duo T7300/2.0GHz |
| **Vinnsluminni:** | 2048MB 667MHz DDR2 |
| **Skjár:** | 15,4" TrueBrite WXGA 1280x800 |
| **Skjákort:** | ATI RADEON HD 2600 256MB VRAM |
| **Harður diskur:** | 250GB S.M.A.R.T |
| **Skrifari:** | 8x DVD +/-RW Super Multi |
| **Stýrikerfi:** | Windows VISTA Business |
| **Vefmyndavél:** | Innbyggð |

**114.900 kr.**
Verð áður 139.900 kr.

# Eitthvað fyrir alla

Samsonite



**Samsonite taska er vel valin jólagjöf**



**Fjölnotatæki HP DeskJet F4180**
**Prentari-skanni-fjölföldun.**

| | |
|---|---|
| **Prenthraði á mín A4:** | Allt að 20 bls. í svörtu og 14 bls. í lit. |
| **Upplausn:** | 1200x2400 dpi |
| **Tengi:** | USB 2.0 |
| **SKANNI** | |
| **Skannatækni:** | Flatbed |
| **Upplausn:** | 1200x2400dpi |
| **FJÖLFÖLDUN** | |
| **Hraði á mín.:** | 22 bls. í svörtu, 20 bls. í lit |
| **Minnkun/stækkun:** | 50 til 200% |

hp invent

**9.490 kr.**




**Mikið úrval af skemmtilegum spilum fyrir alla fjölskylduna**




20% AFSLÁTTUR

**Af öllum ljósmyndapappír fyrir jólamyndirnar**

Borgartúni 29 + Höfðabakka 3
Glerárgötu 34 Akureyri + Smiðjuvegi 5
Ögurhvarfi 2 + Dalvegi 18
Aðalstræti 27 Ísafirði

A4

! **kl. 20.30**

*á rás 1 Ríkisútvarpsins eru síðustu forvöð að heyra þá félaga Eirík G. Stephensen og Hjörleif Hjartarson í Hundinum fræga flytja nokkur ódauðleg lög í íslenska lagabankanum með sínum einstaka hætti.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Súfistakvöld með Sölkuhöfundum

Áfram heldur upplestrarkvöldum í Súfistanum á Laugavegi í Reykjavík yfir Bókabúð Máls og menningar. Í kvöld er það Bókaútgáfan Salka em býður upp á lestur kl. 20. Þar verða matreiðslubókin Eldaðu maður, og bækurnar Talað út um lífið og tilveruna og Maður gengur með kynntar.

Eldaðu maður, eftir Thomas Möller, er bráðskemmtileg matreiðslubók sem kemur karlmönnunum að eldavélinni. Thomas kennir réttu handtökin við að heilla hvern sem er upp úr skónum.

Í Talað út um lífið og tilveruna fjallar Jónína Leósdóttir í léttum dúr um ýmsar hliðar mannlegra samskipta. Jónína segir hispurslaust frá eigin reynslu og kryddar með hárbeittum húmor.

Maður gengur með, eftir Darra Johansen, segir frá níu mikilvægum mánuðum. Þetta er sagan af meðgöngu barns séð með augum verðandi föður.

Þessar þrjár bækur skoða mannlífið með öðrum brögðum en skáldskaparins þótt höfundarnir beiti brögðum frásagnrlistarinnar til að fjalla um þætti mannlífsins sem flestallir hafa bein kynni af.



**BÓKMENNTIR** Jónína Leósdóttir les upp á Súfistanum í kvöld.

**> Ekki missa af**

endursýningum á öllum þáttum Næturvaktarinnar sem hófust í gær á Stöð 2. Þar verða þættirnir daglega á dagskrá kl. 19.50 en þeir eru þrettán talsins og tólf eftir.

# Jólasöngvar í Langholtskirkju

Á aðventu hefur Langholtskirkjukórinn haldið þeim sið að efna til tónleika helgaða jólatónlist og verður þeim sið haldið áfram í vikunni í þrítugasta sinn. Fyrstu jólasöngvarnir fóru fram í Landakotskirkju 1978 og voru þá nýmæli hérlendis. Þessi siður hefur nú öðlast miklar vinsældir og ótölulegur fjöldi jólasöngva fer nú fram um allt land.



**TÓNLIST** Langholtskirkjukórinn flytur jólasöngvadagskrá í vikunni þrítugasta árið í röð.

Í þetta skipti eru tvennir tónleikar á föstudegi líkt og verið hefur á laugardögum allmörg undanfarin ár, hinn 14. desember kl. 20 og 23, og 15. desember kl. 20 og 23.

Sterk hefð hefur myndast á efnisskránni. Kórarnir flytja jólalög hvor fyrir sig og einnig saman, bæði hátíðleg lög og með léttri sveiflu. Áheyrendur taka virkan þátt í almennum söng. Hljóðfæraleikarnir Hallfríður Ólafsdóttir og Arna Kristín Einarsdóttir leika á flautur, Monika Abendroth á hörpu og Lára Bryndís Eggertsdóttir á orgel. Um létta djasssveiflu sjá Kjartan Valdemarsson á píanó, Gunnar Hrafnsson á bassa og Pétur Grétarsson á trommur.

Einsöngvarar að þessu sinni eru þau Bragi Bergþórsson og Ólöf Kolbrún Harðardóttir. Einnig syngja sex kórfélagar einsöng.

Nýmæli á þessum tónleikum er jólalag sem byggt er á stefi úr 6. sinfóníu Tsjaíkovskíj og Glenn Miller gerði vinsælt á sínum tíma. Jón Stefánsson útsetti fyrir kórinn en Björn Ingiberg Jónsson gerði íslenskan jólatexta og syngur jafnframt einsöng. - pbb


Start- og hleðslutæki

12 - 24V "booster"
Frábært verð.



ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI

ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is



Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið



★★★★

Hildur Heimisdóttir / Fréttablaðið

„… iðar af gleði og kímni … hoppandi skemmtileg bók.“
Björn Þór Vilhjálmsson / Morgunblaðið

„Ég tók alveg bakföll af hlátri …“
Gunnar Logi Tómasson, 11 ára / Kastljós




MÁL OG MENNING
www.forlagid.is




**FORNELIFAR** Uppgröftur á Gásum í Eyjafirði. Grunnur kirkju frá um 1300.
MYND/ORRI VÉSTEINSSON – FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

# Uppbygging hafin á Gásum

**Sjálfseignarstofnunin Gásakaupstaður var stofnuð á fimmtudag í síðustu viku við hátíðlega athöfn á Minjasafninu á Akureyri. Að stofnuninni standa Akureyrarbær, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Gásafélagið, Grýtubakkahreppur, Hörgárbyggð, Minjasafnið á Akureyri, Svalbarðsstrandarhreppur og Laufáshópurinn (Gásahópurinn). Við þetta merka tækifæri veittu bæði fjárfestingarbankinn Saga Capital og KEA svf. stofnuninni styrk sem mun fara í uppbyggingu þjónustu á Gásum strax á næsta ári.**

Gásakaupstaður, sem eru friðlýstar fornleifar í umsjá Fornleifaverndar ríkisins, er 11 km norðan við Akureyri. Hvergi á Íslandi eru varðveittar jafnmiklar mannvistarleifar frá verslunarstað frá miðöldum eins og á Gásum, en Gásakaupstaður var helsti verslunarstaður á Norðurlandi um tíma. Á árunum 2001-2006 stóð yfir viðamikil fornleifarannsókn sem gaf margar forvitnilegar niðurstöður sem ýttu enn frekar undir hugmyndavinnu varðandi uppbyggingu þjónustu á svæðinu.

Hugmyndirnar að uppbyggingunni eru mótaðar til þess að vernda fornleifarnar og miðla með skemmtilegum og fróðlegum hætti sögu og náttúru staðarins á faglegan hátt. Hugmyndirnar felast meðal annars í því að gera miðaldakaupstaðinn á Gásum lifandi á ný þar sem handverksfólk verður að störfum og leik. Áherslan verður á miðaldir: verslun, viðskipti, handverk og iðnað. Gásir verður um leið afþreyingargarður með menningarlegu ívafi sem byggist á fornleifum, sögu og náttúru staðarins. Byggja á upp spennandi og einstakt leiksvæði í miðaldastíl, reisa þjónustubyggingu, sem hýsa mun framúrskarandi sýningu þar sem skemmtimennt er höfð að leiðarljósi, en hún myndi einnig hýsa minjagripaverslun, veitingasölu, fjölnota sal og síðast en ekki síst veita fræðimönnum á ýmsum sviðum afdrep til rannsókna.

Á næsta ári er ætlunin að setja upp fræðsluskilti og stíga auk þess sem unnið verður að því í samvinnu við Fornleifavernd ríkisins að ganga frá búðartóftunum sem grafið hefur verið í síðustu árin. Í síðustu viku úthlutaði þjóðhátíðarsjóður veglegum styrk til þess að vinna að frágangi og varðveislu á búðartóftunum.

Menningarráð Eyþings hefur styrkt stofnunina til þess að skrifa barnabók um Gási og hefur Brynhildur Þórarinsdóttir, margverðlaunaður barnabókarithöfundur og bæjarlistamaður Akureyrar 2006, tekið það spennandi verkefni að sér. Stefnt er að því að bókin verði tilbúin til útgáfu árið 2009. Næsta sumar, nánar tiltekið 19. og 20. júlí, mun miðaldakaupstaðurinn lifna við eins og undanfarin ár þegar innlent og erlent handverksfólk kynnir gestum og gangandi lífið á miðöldum. Það eru því margir spennandi hlutir sem ný sjálfseignarstofnun sér fram á að vinna með á komandi árum.

pbb@frettabladid.is



**Nóni Sær**
*Fæddur 1998. Lenti í bílslysi 8 ára.*



**Árni Geir**
*Fæddur 1972. Stakk sér í sundlaug 20 ára.*



**Ágústa Dröfn**
*Fædd 1963. Farþegi á mótorhjóli 16 ára.*



**Danival**
*Fæddur 1976. Datt niður um þakglugga 25 ára.*



**Jón**
*Fæddur 1944. Fékk á sig heybagga 33 ára.*



**Hrafnhildur**
*Fædd 1973. Lenti í bílslysi 16 ára.*



**Rúnar Björn**
*Fæddur 1982. Datt niður úr ljósastaur 22 ára.*



**Arna Sigríður**
*Fædd 1990. Datt á skíðum 16 ára.*



**Sigrún María**
*Fædd 1994. Lenti í bílslysi 8 ára.*



**Tryggvi**
*Fæddur 1950. Féll af hestbaki 56 ára.*



**Arnar Helgi**
*Fæddur 1976. Lenti í mótorhjólaslysi 22 ára.*

# Það gerðist á ósköp venjulegum degi.

Enginn átti von á því en milljónir eru nú í þessari stöðu. Litlar breytingar hafa orðið á meðhöndlun mænuskaða síðastliðna hálfa öld, ólíkt ýmsum öðrum sviðum læknavísinda. Hlutverk Mænuskaðastofnunar Íslands er að safna fé innanlands og utan, sem nota skal til að vekja athygli á mænuskaða og hvetja til fjölbreyttari meðferðarúrræða – sem gætu leitt til þess að lækning finnist við mænuskaða. Gerum von þeirra að veruleika sem hlotið hafa mænuskaða.

**Hjálpaðu okkur að upplýsa. www.sci.is**

Mænuskaðastofnun Íslands

HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

FL GROUP

SELTJARNARNES

# Kóngur í New York

Í kvöld kl. 20 sýnir Kvikmyndasafn Íslands myndina Kóngur í New York (A King in New York) eftir Charlie Chaplin. Þetta er fyrsta mynd Chaplins eftir að hann fór í útlegð frá Bandaríkjunum og sú síðasta þar sem hann leikur sjálfur aðalhlutverkið.

Shahdov konungur kemur til New York sem allslaus maður eftir að uppreisn brýst út í ríki hans. Hann kynnist fljótlega tveimur persónum, Ann Kay, sem er falleg ung kona sem dregur hann á tálar og platar hann til að koma fram í sjónvarpsauglýsingum hjá sér, og Rupert sem er afburða snjall drengur en foreldrar hans hafa verið dregnir fyrir óamerísku nefndina og fangelsuð, grunuð um að vera kommúnistar. Sem afleiðing af kunningsskap þeirra er Shahdov sjálfur grunaður um kommúnisma og verður að koma fyrir eina af yfirheyrslunefndum McCarthys en Chaplin flúði Bandaríkin ásamt fjölskyldu sinni vegna áhuga nefndarinnar á að kalla hann fyrir vegna samúðar hans með málstað vinstrisinna.

Myndin var frumsýnd á Íslandi í Bæjarbíói skömmu eftir að hún hafði verið frumsýnd erlendis. Það var að frumkvæði Helga Jónssonar bíóstjóra en hann sagði svo frá að hann hefði gert sér betur grein fyrir því en bíóstjórarnir í



**KVIKMYNDIR** Chaplin í sínu kunnasta hlutverki sem flækingurinn, en í síðustu kvikmyndum sínum yfirgaf hann gervi flækingsins og er Kóngur í New York ein þeirra.

Reykjavík hversu mikill viðburður það var að ný mynd eftir Charles Chaplin skyldi vera komin fram á sjónarsviðið. Hann skaut þeim því ref fyrir rass og tryggði sér sýningarrétt af myndinni.

Leikarar: Charlie Chaplin, Maxine Audley, Jerry Desmonde, Oliver Johnston. Sonur Chaplins, Michael, hefur hlutverk í myndinni sem Rupert. Myndin er með íslenskum texta og verður sýnd öðru sinni í Bæjarbíói næstkomandi laugardag kl. 16.

- pbb



**STEREO HYPNOSIS** Stereo Hypnosis kemur fram á listrænu kvöldi á Organ.

# Íslenskt og franskt kvöld

Frönku listamennirnir Nathalie Talec, NoName*NoFame og Oléna ásamt íslensku hljómsveitunum Stereo Hypnosis, Product 8 og Gjöll koma fram á listrænu kvöldi á Organ á fimmtudagin.

Talec er einn þekktasti vídeógjörningalistamaður Parísar og er þekkt fyrir uppákomur sínar sem tengja manninn við ótroðnar norðlægar slóðir. NoName*NoFame er þekktur plötusnúður í París og heldur ávallt uppi mikilli stemningu hvar sem hann spilar. Oléna er vídeó-hljóðlistamaður sem flutti til Íslands fyrir þremur árum og hefur unnið að list sinni síðan.

Húsið opnar klukkan 20.30 og byrjar fjörið klukkutíma síðar. Aðgangseyrir er 500 krónur.










# Fyndin og sorgleg saga konu

Kristín Marja Baldursdóttir sendir frá sér heilmikinn doðrant sem vafalítið á eftir að njóta vinsælda undir sænginni með smákökuboxið á náttborðinu, auk nokkurra klúta. Óreiða á striga er sjálfstætt framhald bókarinnar um hana Karítas án titils. Í fyrri bókinni er sagt frá því að Karítas kemst í myndlistarnám kornung til útlanda, en eins og oft vill verða eru það barneignir og skilningslaus eiginmaður, sem reyndar var aldrei heima, sem gerði draum hennar um að forframast og helga sig alfarið myndlistinni fremur að martröð.

Lífshlaup af því tagi þekkjum við gegnum sögur af mörgum formæðrum en hér er þróunin önnur. Karítas lætur ekkert aftra sér þótt biðin eftir því að komast til Parísarborgar hafi verið löng. Hún var komin fram á miðjan aldur, drengirnir uppkomnir og maðurinn einhvers staðar úti í heimi að græða peninga á því að kaupa og selja skip. Sjálf réði hún sig til teiknikennslu í þorpi við hafið langt frá öllu því fólki sem hún áður hafði þekkt. Þar hugðist hún mála og leggja drög að utandvöl sinni. Við kynnumst henni aftur í þessari bók þar sem hún lifir á Eyrarbakka og á þar nokkrar vinkonur.

Fyrsti hluti bókarinnar er hálf langdreginn, það hefði mátt taka fyrstu 60 síðurnar og kuta þær niður í 20. Það hefði gert áhlaup atburðarásarinnar miklu skemmtilegra. Kristín Marja kann að segja sögu og það er greinilegt að þeir sem kynnast þessum persónum geta endalaust velt því fyrir sér hvað kom í raun og veru fyrir og hvernig hefði þetta getað orðið ef og svo framvegis.

Á köflum er trúverðugleikinn einhvern veginn víðs fjarri. En um leið er rómantíkin og vonin og óskin um að svona listakonulífi hafi einhver getað lifað til staðar, þannig að fátt fær mann til þess að loka bókinni, nema bara það að hún er helst til of löng. 565 síðna skáldsaga er í lengra lagi, einkum ef hugsað er til þess að þéttari og knappari hefði hún verið betri. Kristín Marja kann vel tökin á því að ríghalda í sína lesendur og það kæmi nú ekki á óvart þótt einhver sé farinn að láta sig dreyma um að gera kvikmynd um lífshlaup Karítasar sem nær því að verða aldargömul þá er hún hverfur út úr þessu lífi á æskuslóðunum á Ísafirði.

Um hvað fjallar þessi bók? Hún fjallar kannski um spurninguna um það, hvað það er sem hindrar, og aftrar okkur í því að láta drauma okkar rætast. Eins fjallar hún á mjög mildum nótum um einbeitinguna, láta ekki hrærigraut svokallaðara kvennaskyldustarfa trufla einbeitinguna. Karítas fær nú svo sem sinn skammt af formæðraoki, það er nú ekki það, en henni tekst að halda sínu striki engu síður og alltaf með aðstoð góðra kvenna, hvort heldur er í New York eða París.

Bestu kaflar bókarinnar gerast á Laugaveginum í sambýli nokkurra kvenna, eftir að Karítas er búin að lifa bæði í New York og Parísarborg. Þessar lýsingar eru Kristínu Mörju einhvern veginn svo eðlilegar og má segja að þegar hin léttgeggjaða systir Karítasar, Bjarghildur, hlussast niður stigann eftir að vera búin að ganga berserksgang á efri hæðinni sé það svolítið líkt ýmsum myndskeiðum úr Mávahlátri.



**BÓKMENNTIR** Kristín Marja Baldursdóttir fer víða í áframhaldi sögu sinnar um Karítas sem nú er komin út og heitir Óreiða á striga.

Samband þessara tveggja systra er flókið: Bjarghildur er með minnimáttarkennd gagnvart hinni grönnu og glæsilegu listakonu en jafnframt getur hún nuddað henni upp úr því að hafa brugðist börnum sínum. Bjarghildur elur upp dóttur Karítasar og svo dótturdóttur hennar líka en á heimilinu var einnig drykkfelldur sonur hennar sem gerði allt það sem má ekki gera við ungar stúlkur. Örlög þessarar litlu dótturdóttur Karítasar fléttast inn í líf hennar og annarra kvenna í húsi hennar við Laugaveg og endar það hörmulega. Sonardóttir Karítasar stendur henni næst og hjá henni dvelur hún síðustu ár ævinnar, langrar ævi.

Bókin er eins konar aldarspegill íslenskra kvenna. Þó svo að aðalpersónan sé listmálari á alheimsmælikvarða þá þarf hún engu síður að taka þátt í því formæðraoki sem einkenndi og kannski einkennir enn smákökubakandi konur þessa lands. Það er svo mikið af smáatriðum sem flækjast fyrir aðalatriðunum eins og fram kemur glögglega í andstæðunum sem þær systur eru. Samband þessara tveggja systra við fyrrverandi mágkonuna, hina þýsku Hermu, og ferðalag þeirra þriggja til Rómar er í senn sirkus og martröð.

Þær eru eins og þrír pólar sem allir eru til í hverri einustu fjölskyldu.




**BÓKMENNTIR**

**Óreiða á striga**

Kristín Marja Baldursdóttir

★★★

Heillandi og fyndin saga - en helst til löng.

Ástarsagan sem liðast í gegnum bókina er í raun og veru bæði sorgleg og falleg. Karítas elskaði Sigmar og Sigmar elskaði Karítas: Þau kunnu bara ekki að vera saman með þann metnað sem var driffjöður lífs þeirra. Hann vildi verða meiri og betri en faðir hans, verða karlmaður fyrir sinn hatt og segir henni það þegar hann kemur undir lokin til hennar, annaðhvort meðvitað eða ómeðvitað, til þess að deyja. Þau hittast með nokkurra ára millibili hingað og þangað í Evrópu, þau eru bæði heimsborgarar en samt svo ógurlega íslensk.

Þetta er í raun og veru eins og ættar- eða fjölskyldusaga allra Íslendinga á öldinni sem leið. Hún er skrifuð með konur í aðalhlutverki í þeim aukahlutverkum sem þær voru í meðan karlmenn bókarinnar töluðu annað mál og leituðu að hamingjunni með öðrum formerkjum. Ætli þessar áherslur séu svo voðalega breyttar? Í stað þess að kaupa og selja skip eins og Sigmar eyddi ævinni í er það annað brask sem drífur karlpeninginn áfram til þess að sanna sjálfan sig og sýnast hver fyrir öðrum.

Óreiða á striga er heillandi skáldsaga um sorg og gleði í hundrað ára lífi alþýðustúlku og þótt hún sé sorgleg, er hún á köflum mjög fyndin.

Elísabet Brekkan

# Aðventa á Skriðuklaustri

Á sunnudaginn kemur verður Aðventa Gunnars Gunnarssonar lesin í heild sinni á skrifstofu skáldsins á Skriðuklaustri. Árið 2005 var tekinn upp sá siður að lesa söguna í heild sinni og er það fastur hópur sem sækir þessa kyrrðarstund fjarri ys og þys jólaundirbúningsins.

Vala Þórsdóttir leikkona, dóttir fyrrverandi bústjóra á Skriðuklaustri, las söguna árið 2005. Í fyrra var það Birgitta Birgisdóttir, leikkona og barnabarnabarn skáldsins, sem las Aðventu. Og að þessu sinni er það ekki ómerkari maður en rithöfundurinn Þórarinn Eldjárn sem les. Lesturinn fer fram við kertaljós og arineld á skrifstofu skáldsins á Skriðuklaustri og hefst lesturinn kl. 13.30 og tekur um það bil þrjár klukkustundir með hléum.

Kaffi og jólasmákökur eru í boði Klausturkaffis og aðgangur ókeypis.



**ÞÓRARINN ELDJÁRN**



CITROËN

Komdu núna. Jólatilboðið gildir aðeins til 21.12.2007
Gerðu bestu jólainnkaupin í Brimborg




**Jólabíllinn í ár**
Nýr Citroën C4 Saloon SX
1,6i 5 gíra 5 dyra
$CO_2$ losun 169 g/km
Eyðsla í blönduðum
akstri 7,1 l/100 km

*Veljir þú gps-tæki þá greiðir þú 2.069.000 kr. fyrir Citroën C4 Saloon SX. Hvort viltu? Veljir þú afsláttinn og dekkin þá greiðir þú aðeins **1.989.000** kr. fyrir Citroën C4 Saloon SX.**

# Viltu gps-tæki?

Jólapakki fjölskyldunnar kemur beint frá París. Sýndu þig á franskri hönnun eins og hún gerist best. Kauptu nýjan Citroën C4 Saloon SX á jólatilboði Brimborgar.

Í hvaða formi viltu jólatilboðið? Viltu fá gps-tæki í afslátt að verðmæti 80.000 kr? Eða viltu fá beinan afslátt af bílnum og gæða vetrardekk að auki að verðmæti 160.000 kr, komin undir bílinn og sumardekkin pökkuð saman í skottið?

Veljir þú afsláttinn og dekkin þá greiðir þú aðeins **1.989.000 kr.** fyrir Citroën C4 Saloon SX.* Veljir þú gps-tækið þá greiðir þú hinsvegar **2.069.000 kr.** fyrir Citroën C4 Saloon SX.* Hvort viltu?

Gerðu bestu jólainnkaupin í Brimborg. Komdu núna í Brimborg. Vertu á 5 dyra, beinskiptum Citroën C4 Saloon SX.

## Gerðu bestu jólainnkaupin í Brimborg
## Komdu núna. Jólatilboðið gildir aðeins til 21.12.2007

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

Jólatilboð Brimborgar

**Kauptu jólagjöfina í Brimborg**

*Talaðu endilega við söluráðgjafa Brimborgar í dag – þeir eru í voða góðu jólaskapi.*

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd af C4 eru álfelgur og samlitun. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



**>VILL VAXTARLAG SVELTANDI BARNA**

Söngkonan Mariah Carey hefur hjartað á réttum stað og segist ekki geta annað en grátið þegar hún sér sveltandi börn þriðja heimsins í fréttum. „Ég væri alveg til í að vera jafn grönn og þau en ekki með allar flugurnar og dauðann og það allt," bætir hún reyndar við.

# Fólk

folk@frettabladid.is

# Sigur Mugison kemur á óvart

Tónlistarmaðurinn Mugison á langbestu íslensku plötu ársins, Mugiboogie, samkvæmt árslista sem var unninn upp úr svörum lesenda heimasíðu Dr. Gunna. Besta erlenda platan var kjörin Neon Bible með Arcade Fire.

Gunni segir að stórsigur Mugison hafi komið dálítið á óvart. „Það voru margar sterkar plötur á listanum. Tvær með Megasi og plata með Sprengjuhöllinni sem hefur verið látið mikið með. Síðan er þarna fín plata frá Björk og gott byrjandaverk frá Ólöfu Arnalds. Þetta er kannski vísbending um það sem koma skal á Íslensku tónlistarverðlaununum," segir Gunni, sem hefur ekki verið áður með árslistakosningu á síðunni sinni. „Ég er að fara að sjá um uppgjörsþátt fyrir erlenda músík á Rás 2 á nýársdag og mér datt í hug að tékka á hvað almenningur hefur til málanna að leggja." Gunni lagði til fimmtán íslenskar plötur fyrir listann sem fólk gat valið úr. „Það var ekkert erfitt að finna fimmtán íslenskar plötur. Ég myndi segja að þetta væri frekar gott ár á Íslandi."



**MUGISON** Platan Mugiboogie trónir á toppnum á árslista Dr. Gunna.

Hvað varðar erlendu deildina segist hann ekkert vera sérlega hrifinn af plötu Arcade Fire. „Mér finnst til dæmis Of Montreal-platan miklu skemmtilegri en hún varð í þriðja sæti. Þetta sýnir að það eru ekkert nema gáfumannapopparar að lesa þesa síðu. Radiohead og Arcade Fire er gáfumannapopp eins og Prefab Sprout og Lloyd Cole and the Commotions. Þetta er fólk sem endar eins og Skúli Helgason og Dagur B. Eggertsson."

-fb



**DR. GUNNI** Gunni segir að stórsigur Mugison hafi komið sér á óvart.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Kryddpían **Victoria Beckham** segist hafa átt erfiða æsku og lent í slæmu einelti í barnaskóla. „Öll skólaganga mín var skelfileg. Ég var alltaf ein og átti enga vini. Hinir krakkarnir fleygðu drullu í mig, hrintu mér, eltu mig og hótuðu að berja mig eftir skóla. Ég reyndi að eignast vini en passaði hvergi inn," segir Victoria.



**Britney Spears** fagnaði á dögunum 26 ára afmælinu sínu og vildi óð og uppvæg að fyrrverandi eiginmaður hennar, Kevin Federline, mætti í teitið. Meðan veislan stóð sem hæst hringdi hún í hann úr farsíma Parisar Hilton og grátbað hann að koma. Hún skellti hins vegar móðguð á barnsföður sinn þegar hann minnti hana á syni þeirra og sagði einhvern þurfa vera heima hjá þeim.



# Glöddu fólk á öllum aldri

**Hljómsveitin Sprengjuhöllin hélt ferna tónleika á heldur óvenjulegum stöðum í Reykjavík í gær. Áfangastaðirnir voru leikskóli, barnaskóli, barnaspítali og elliheimili og voru móttökurnar mjög góðar þrátt fyrir að áheyrendur hafi verið á ólíkum aldri.**

Sprengjuhöllin hóf fyrst leik í leikskólanum Sólhlíð í Engihlíð. Eftir það tók Hlíðaskóli við og því næst var röðin komin að barnaspítala Hringsins, þar sem liðsmenn sveitarinnar gáfu börnunum jólagjafir. Lauk yfirreiðinni með tónleikum á elliheimilinu Grund þar sem sumir dönsuðu við lagið Keyrum yfir Ísland.

„Þetta gekk frábærlega og okkur tókst að gleðja fólk á öllum aldri. Þetta var ótrúlega skemmtilegt og okkur var vel tekið hvar sem við komum," segir Atli Bollason úr Sprengjuhöllinni. Hann vonast til að þessi tónleikaröð verði að árlegum viðburði. „Ætli þetta verði ekki jólagjöf Sprengjuhallarinnar til landsmanna um ókomin ár."

freyr@frettabladid.is



**MIKIÐ STUÐ** Hljómsveitin Sprengjuhöllin spilaði lög af sinni nýjustu plötu í Hlíðaskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Á ELLIHEIMILINU** Meðlimir Sprengjuhallarinnar slógu í gegn á elliheimilinu Grund.



**ÁHUGASAMIR NEMENDUR** Nemendur Hlíðaskóla hlustuðu með athygli á tónlist Sprengjuhallarinnar.



**ATLI OG BERGUR** Atli Bollason og Bergur Ebbi náðu vel saman á tónleikunum.


MÖGNUÐ ÆVINTÝRASAGA AF NORÐURSLÓÐUM

– nútíminn mætir goðsögnum og galdri í villtum „norðra"




„... vel unnin og úthugsuð ... sjá má metnaðarfullan sagnamann stíga fram."
Soffía Bjarnadóttir / Morgunblaðið

„... fléttan gengur fullkomlega upp ... mjög metnaðarfull frumraun ... sagan virkar algerlega ... mjög efnilegur skáldsagnahöfundur."
Jón Yngvi Jóhannsson / Ísland í dag, Stöð 2

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is


# Vífill í Gettu betur

Vífill Atlason, frægasti hrekkjalómur Íslands, verður í Gettu betur-liði Fjölbrautaskólans á Vesturlandi sem sendir lið eftir árs fjarveru.

„Já, það er víst rétt," segir Vífill, sem komst í fréttirnar í síðustu viku þegar honum tókst næstum því að fá símafund hjá George W. Bush Bandaríkjaforseta eftir að hafa kynnt sig sem Ólaf Ragnar Grímsson. Og gerði gott betur þegar hann sendi vin sinn í viðtal á Stöð 2 og mætti síðan sjálfur í Kastljósið.

Vífill telur sig ekki hafa neitt eitt sérsvið innan Gettu betur-fagsins, nema kannski hvert sé símanúmerið í Hvíta húsinu. „Ég er eiginlega góður í öllu nema náttúrufræði. Annars verður maður bara að hafa gaman af þessu," bætir hann við. Fjölbrautaskólinn á Vesturlandi hefur reyndar ekki riðið feitum hesti frá þessari sívinsælu spurningakeppni framhaldsskólanna, hefur örsjaldan komist í sjónvarpið en yfirleitt fallið út rétt áður. Vífill segir liðið vera búið undir að gera enn betur og vonast til að geta gert sitt til að fleyta því áfram í keppninni.

En það er ekki bara spurningakeppnin sem á hug Vífils allan um þessar mundir því erlendir fjölmiðlar hafa sýnt honum mikinn áhuga og vilja ólmir fá hann í spjall hjá sér. Útvarpsstöðvar í Portúgal og Bandaríkjunum höfðu þegar haft samband við hann og vefmiðlar höfðu fjallað ítarlega um málið enda ekki á hverjum degi sem sjálfur Bandaríkjaforseti verður fórnarlamb símahrekks. Danska fríblaðið Nyhedsavisen birti frétt um málið á forsíðu sinni í gær og á vef blaðsins var Vífill og hrekkurinn í efsta sæti yfir mest lesnu fréttirnar.



**KLÁR HREKKJALÓMUR** Vífill keppir í Gettu betur fyrir hönd Fjölbrautaskólans á Vesturlandi.

Vífill gefur lítið fyrir þær kenningar að þetta fár og símahrekkurinn sé í raun allt eitt stórt plat. Og honum þykir leitt að hafa valdið Guðjóni Helgasyni, fréttamanninum knáa á Stöð 2, svona miklum vandræðum. „Ég hringdi í hann þegar það fréttist að hann vildi segja upp og útskýrði þetta fyrir honum. Ég bað hann afsökunar á þessu og hann tók henni," segir Vífill og Guðjón staðfesti það í samtali við Fréttablaðið. „Ég gerði honum grein fyrir því að við litum þetta mjög alvarlegum augum," segir Guðjón, sem var þó óðum að ná sér eftir tvífarahrekkinn.

- fgg

# Þetta er
# HERMIKRÁKUHEIMUR
## segir Kleopatra Kristbjörg!






**Hermikrákuheimur aftur kominn á kreik!**
**Bók sem segir sannleikann um heiminn og þig!**
**Bók sem talar við þig og svarar spurningum þínum.**




**Eftir sama höfund**
**og bókin Daggardropar.**
**-bók um fyrri líf.**

Skjaldborg

**Mætt í helstu verslanir!**




| SAMBÍÓ ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| BEE MOVIE | kl. 6 - 8 - 10:10 | |
| BÝFLUGUMYNDIN | kl. 6 | |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 6 - 8 | |
| BEOWULF DIGITAL 3D | kl. 8 - 10:30 | |
| SIDNEY WHITE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 8:30 | |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 5:30 - 8:30 | VIP |
| 30 DAYS OF NIGHT | kl. 10:30 | |
| ÞRÓTAHETJAN | kl. 6 | |
| **SAMBÍÓ KRINGLUNNI** | | |
| BÝFLUGUMYNDIN | kl. 6 DIGITAL | |
| BEE MOVIE | kl. 10:10 DIGITAL | |
| BEOWULF DIGITAL 3D | 5:30 - 8 - 10:30 | |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 6 - 9 | |

| SAMBÍÓ SELFOSSI | | |
|---|---|---|
| BÝFLUGUMYNDIN | kl. 8 | |
| DAN IN REAL LIFE | kl. 8 | |
| BEOWULF | kl. 10 | |
| EASTERN PROMISES | kl. 10:10 | |
| **SAMBÍÓ AKUREYRI** | | |
| BEE MOVIE | kl. 6 - 8 | |
| BEOWULF | kl. 10 | |
| BEE MOVIE | kl. 6 | |
| SIDNEY WHITE | kl. 8 - 10 | |
| **SAMBÍÓ KEFLAVÍK** | | |
| BEE MOVIE | kl. 8 | |
| HITMAN | kl. 8 - 10:10 | |
| BEOWULF | kl. 10 | |

Nýtt í bíó
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







| LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| SAW IV | kl. 8 og 10 | 16 |
| BEE MOVIE - ENSKT TAL | kl. 6 og 8 | L |
| BEE MOVIE - ÍSLENSKT TAL | kl. 6 | L |
| HITMAN | kl. 8 og 10 | 16 |
| MR. WOODCOCK | kl. 10 | L |

NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ LÚXUS | kl. 4 - 6 | |
| BEE MOVIE ÍSL. TAL | kl. 4 - 6 - 8 | |
| HITMAN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| HITMAN LÚXUS | kl. 8 - 10.10 | |
| DAN IN REAL LIFE | kl. 8 - 10.15 | |
| WEDDING DAZE | kl. 3.40 - 5.50 | 10 |
| ÆVINTÝRAEYJA IBBA 600 KR. | kl. 4 | |
| THE HEARTBREAK KID | kl. 10 | 12 |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu | | |
|---|---|---|
| SAW 4 | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| BUTTERFLY ON A WHEEL | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| DAN IN REAL LIFE | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| LA VIE EN ROSE/LÍF RÓSARINNAR | kl. 8 - 10.40 | 14 |
| ÍTÖLSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ 6.-12. DESEMBER | | |
| UNO SU DUE | kl. 6 | |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| BUTTERFLY ON A WHEEL | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| ACROSS THE UNIVERSE | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| RENDITION | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| VEÐRAMÓT SÍÐUSTU SÝN. | kl. 5.40 | 14 |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 6 - 8 | 7 |
| RUN FATBOY RUN | kl. 8 - 10 | 16 |
| HITMAN | kl. 6 - 10 | 16 |

AUKAKRÓNUR 5%
AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR


# Með lag í Glæpahneigð



**KARL HÁKONARSON** Fyrrverandi söngvari Tenderfoot á lag í sjónvarpsþættinum Criminal Minds.

Karl Hákonarson, fyrrverandi liðsmaður Tenderfoot, var fyrir skömmu með lag í sjónvarpsþættinum Criminal Minds, eða Glæpahneigð, sem er sýndur í Ríkissjónvarpinu á mánudagskvöldum.

Um er að ræða lagið River of Darkness sem er á fyrstu sólóplötu Kalla, While the City Sleeps, sem kom út hérlendis í fyrra. Hún er einnig komin út í Bandaríkjunum og í Englandi á vegum útgáfufyrirtækisins One Little Indian.

Næstu tónleikar Kalla verða á tónlistarhátíð í Bremen í Þýskalandi 22. desember þar sem My Summer as a Salvation Soldier kemur einnig fram.

# Miðar seldir á Jet Black

**Miðasala á tónleika rokksveitarinnar Jet Black Joe í Laugardalshöll hinn 16. maí á næsta ári hefst í dag klukkan 10 á midi.is, Skífunni og BT úti á landi.**



**Á tónleikunum spilar Jet Black Joe með félögum úr Gospelkór Reykjavíkur undir stjórn Óskars Einarssonar, auk fjölda söngvara og hljóðfæraleikara.**

**Á meðal laga sem flutt verða eru Rain, Higher and Higher, I Know og Oh Happy Day. Miðaverð er 6.900 og 5.900 krónur.**



**HRAUN** Loftur Loftsson (til vinstri) og Svavar Knútur úr hljómsveitinni Hraun sem náði ekki að vinna hljómsveitakeppni breska ríkisútvarpsins, BBC.

# Snerist ekki um að vinna

**Hljómsveitinni Hraun tókst ekki að bera sigur úr býtum í hljómsveitakeppni breska ríkisútvarpsins, BBC, sem var haldin á sunnudag. Alls komust fimm sveitir í úrslitin þar sem Hraun söng lag sitt Ástarsaga úr fjöllunum.**

„Þetta gekk rosalega vel. Við unnum ekki en vorum kjörnir vinsælasta stúlkan. Loftur var kjörinn baðfatamódelið og Hjalti Oroblustrákurinn,“ segir söngvarinn Svavar Knútur, sem má ekki greina frá sigursveitinni. Verður hún tilgreind á stórum tónleikum næstkomandi laugardag sem verða haldnir í tilefni af 75 ára afmæli BBC. Alls kepptu fimm hljómsveitir í úrslitunum. Auk Hrauns voru þar sveitir frá Frakklandi, Kenýa, Sameinuðu arabísku furstadæmunum og Serbíu. „Við náðum rosalega góðum tengslum við kenýsku hljómsveitina, Yunasi. Við gerðum saman ódauðlega útgáfu af Á Sprengisandi með afrískum trommum. Við djömmuðum saman og bjuggum til blöndu af afrískum og íslenskum þjóðlögum,“ segir Svavar, sem vill endilega fá sveitina á næsta Vorblót.

## Allir fengu Ástarsögu

Hraun kom færandi hendi til Bretlands því eftir keppnina fékk dómnefndin, hinir keppendurnir og allt starfsfólk BBC sem vann við keppnina afhenta bók Guðrúnar Helgadóttur, Ástarsaga úr fjöllunum. Kunni fólkið þeim vitaskuld bestu þakkir fyrir.

Hljómsveitin spilaði einnig óvænt á tónleikum í miðborg London á föstudagskvöldið. „Við vöktum mikla lukku á meðal áhorfenda. Ég held við höfum gert góða hluti enda dönsuðum við og öskruðum.“

Svavar sér ekki eftir því að taka þátt í keppninni. „Það var gaman að kynnast öllu þessu fólki. Þetta snerist ekkert um að vinna heldur var þetta bara virkilega skemmtilegt tækifæri og við nýttum það til hins ítrasta. Okkur stendur til boða að fara til Nairobi, Parísar, Dubai, London og Kanada, þannig að við erum alveg góðir. Vonandi verður Reykjavík Loftbrú dugleg að hjálpa okkur.“

freyr@frettabladid.is

# Barist í Seinni heimsstyrjöld

**TÖLVULEIKIR**

**Medal of Honor: Airborne**

Pc og X-Box 360 og er væntanlegur á Ps3

★★★



Airborne er ágætis leikur sem því miður er svikinn af göllum og slakri gervigreind.

Medal of Honor Airborne er nýjasti fyrstu persónu skotleikurinn frá Electronic Arts í seinni heimsstyrjaldar seríu þeirra. Þú stígur í spor Boyds Travers, nýs meðlims 82 Airborne-deildarinnar, og ferð með henni í gegnum orrustur um víða Evrópu allt frá Sikiley, Hollandi og til loka stríðsins í Þýskalandi. Hvert verkefni byrjar með grípandi fallhlífarstökki sem þú stjórnar sjálfur aftur fyrir varnarlínur óvinanna.

Eftir nokkra misgóða leiki hefur EA ákveðið að gera breytingar á seríunni sinni. Hvernig tókst það svo?

Leikurinn lítur mjög vel út að mestu og skartar Unreal 3 grafíkvélinni, þeirri sömu og t.d. Gears of War og Unreal Tournament 3 nota. Borðin eru fjölbreytt, allt frá ströndum Normandí, brúa og borga í Hollandi og auðvitað stríðshrjáðu Þýskalandi. Leikurinn kemur með margar nýjar hugmyndir til leiks eins og t.d. frjálsar leiðir til að klára borðin eftir þeirri röð sem maður velur. Önnur er að geta valið sér lendingarstað þar sem orrustan hefst. Að geta uppfært vopnin sín eftir því hversu mikið þau eru notuð er enn einn möguleikinn.

Það eru nokkrir hlutir sem draga þennan leik niður, sérstaklega gervigreind óvinanna sem eiga það stundum til að standa og láta skjóta sig, og algert gagnsleysi liðsfélaga þinna. Þú velur þér leið í borðinu, en það skiptir litlu máli hvaða leið þú ferð. Það skortir afleiðingar af verkum þínum. Loforð leiksins um að geta uppfært vopnin er líka illa útfært. Þú getur staðið fyrir ofan óvininn og hreinsað skothylki í hann og hann fær ekki einu sinni blóðnasir. Það er ekki fyrr en undir lok leiksins sem vopnin byrja að hafa eitthvað að segja, og þá verða sum þeirra of öflug.

Þegar upp er staðið er MoH: Airborne samansafn af góðum hugmyndum sem hefðu getað orðið að frábærum leik, en í staðinn endar þetta sem miðlungsleikur sem er best geymdur fyrir harða aðdáendur seinni heimstyrjaldarinnar sem fá aldrei nóg að því að ganga frá hinum illu nasistum.

Sveinn A. Gunnarsson

# Hetjan Gunnar í myndasögu

Myndasöguhöfundarnir Ingólfur Örn Björgvinsson og Embla Ýr Bárudóttir hafa gefið út myndasöguna Hetjan sem fjallar um Gunnar á Hlíðarenda. Hetjan er fjórða bókin sem Gunnar og Embla gefa út sem er byggð á Brennu-Njálssögu og er hún um það bil tvöfalt lengri en þær síðustu. Kom sú fyrsta út árið 2003 og eru þetta allt saman sjálfstæðar sögur.

„Þessar bækur hafa fengið ótrúlega góðar viðtökur. Það kom okkur svolítið á óvart því við héldum að myndasögur gengju ekki í Íslendinga en svo virðist vera," segir Ingólfur Örn, sem er búsettur í Barcelona þar sem hann starfar sjálfstætt. „Þetta er okkar endursögn á sögu Gunnars í þessu formi og það er gaman að takast á við það. Við hengjum heldur ekki allt of mikið við frumtextann."

Ingólfur segir að bækurnar séu teiknaðar í evrópskum myndasögustíl sem sé afar aðgengilegur og eigi að falla í kramið hjá breiðum aldurshópi.

Þau Embla Ýr eru þegar byrjuð á fimmtu bókinni í seríunni, sem verður að öllum líkindum sú síðasta. Fjallar hún um Hallgerði langbrók og ævintýri hennar. - fb



**GUNNAR Á HLÍÐARENDA** Myndasagan Hetjan fjallar um Gunnar á Hlíðarenda.



**INGÓLFUR ÖRN BJÖRGVINSSON** Myndasaga Ingólfs og Emblu, Hetjan, sem fjallar um Gunnar á Hlíðarenda, er komin í búðir.

# Ágóðinn til Aflsins

Tónlistarkonan Lay Low ætlar að ánafna ágóða sínum af sölu væntanlegrar plötu með tónlistinni úr leikritinu Ökutímum til Aflsins á Akureyri, samtaka gegn heimilis- og kynferðisofbeldi.

Leikfélag Akureyrar, sem sýnir Ökutíma, ánafnar einnig ágóða af síðustu sýningu ársins til sömu samtaka. Í tilefni sextán daga átaks Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi hafa Leikfélag Akureyrar og Jafnréttisstofa tekið höndum saman um að vekja athygli á þeirri tegund kynbundins ofbeldis sem er hvað erfiðust viðureignar og mest dulin í samfélagi okkar: misnotkun á börnum. Leikritið Ökutímar lýsir einmitt ævi konu sem varð fyrir misnotkun á unga aldri.



**ÖKUTÍMAR** Lay Low gefur ágóða sinn af sölu væntanlegrar plötu með tónlistinni úr Ökutímum.

Á plötunni, sem kemur út 21. janúar, syngur Lay Low fimm frumsamin lög ásamt átta lögum úr smiðju Dolly Parton. Ökutímar var frumsýnt 2. nóvember og hefur verið uppselt á allar sýningar til þessa. Sýningar eru fyrirhugaðar út febrúar á næsta ári.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Thom Yorke**, söngvari Radiohead, hafnaði því að spila með Sir Paul McCartney í lagi hans Mr. Bellamy vegna þess að hann er ekki nógu góður píanóleikari. „Mér fannst lagið mjög gott en í píanóleiknum þurftu hendurnar að gera hvor sinn hlutinn. Ég get það ekki og sagðist bara geta glamrað á píanóið," sagði Yorke. Lagið er að finna á nýjustu plötu McCartney, Memory Almost Full.




Spjallþáttastjórnandinn **Oprah Winfrey** hefur í fyrsta sinn stigið fram til stuðnings Barack Obama sem næsti forseti Bandaríkjanna. „Þetta er mjög persónulegt. Ég er stödd hérna vegna álits míns á Barack Obama og vegna þess hversu mikið hann getur gert fyrir Bandaríkin. Í fyrsta sinn í lífinu verð ég að standa upp og tala um manninn sem ég held að búi yfir nýrri sýn á Bandaríkin," sagði Oprah í ræðu sinni í Iowa.



Leikarinn **Brad Pitt** vill að lög verði sett á sem verndi börn frægs fólks gegn paparazzi-ljósmyndurum. Pitt á fjögur börn með Angelinu Jolie og óttast að ágangur ljósmyndara hafi slæm áhrif á þau. „Mér finnst að það ættu að vera lög gegn því að menn geti kallað nöfn barnanna minna og ýtt myndavélum framan í þau. Börnin mín halda að í hvert skipti sem þau fari út úr húsi taki á móti þeim her ljósmyndara. Þannig sjá þau heiminn og ég óttast áhrifin sem það muni hafa á þau," sagði Pitt.



Leikarinn **Daniel Craig** er byrjaður að undirbúa sig fyrir næstu James Bond-mynd. „Ég er byrjaður að fá sigg á hendurnar. Það er hluti af þessu ferli," sagði Craig. „Það er vissulega þrýstingur til staðar. Þótt ég myndi aðeins leika í tveimur Bond-myndum væri gaman að geta horft til baka og sagt að önnur þeirra hefði að minnsta kosti verið góð." Nýjasta mynd Craig, The Golden Compass, er nýkomin í bíó. Þar leikur hann á móti Nicole Kidman.



Afnemum VSK af öllum húsgögnum
Mikið úrval af glæsilegum húsgögnum
Fáanlegt í Smáralind, Holtagörðum og á Akureyri



Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.
Gildir til 18. desember
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## > Mourinho tekur ekki við Englandi

Knattspyrnustjórinn José Mourinho tilkynnti í gær að hann myndi ekki taka við enska landsliðinu en enska knattspyrnusambandið hafði rætt við umboðsmann hans. Í yfirlýsingu frá Mourinho kemur fram að hann hafi ákveðið eftir langa umhugsun að taka ekki starfið að sér. Talið er að enska knattspyrnusambandið muni næst beina sjónum sínum að Ítölunum Fabio Capello og Marcello Lippi.



# sport

sport@frettabladid.is

HÓLMFRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR, KR: FER TIL REYNSLU HJÁ STERKUM LIÐUM Í ÞÝSKALANDI OG SVÍÞJÓÐ

# *Ég ætla mér að komast út í atvinnumennsku*



Hólmfríður Magnúsdóttir, leikmaður KR, heldur utan í dag til Þýskalands þar sem hún mun dvelja við æfingar hjá Hamburger SV í tvo daga.

„Ég hlakka mjög mikið til að fara út til Þýskalands og æfa hjá þessu sterka liði. Ég fer á æfingu strax um leið og ég kem út og síðan verða tvær æfingar á miðvikudaginn. Það verður mjög spennandi og skemmtilegt að fá að kynnast aðstæðum í Þýskalandi frá fyrstu hendi þar sem ég er búin að heyra margt, bæði gott og slæmt, um þýsku deildina," sagði Hólmfríður, sem heldur svo til LDB Malmö í Svíþjóð um næstu helgi þar sem hún dvelur við æfingar í nokkra daga.

„Ég var að tala við Ásthildi Helgadóttur, sem lék með LDB Malmö, um að ég hefði áhuga á að finna mér lið erlendis og hún talaði í framhaldi af því við þjálfara liðsins og hann vildi alveg ólmur fá mig út til æfinga. LDB Malmö er náttúrlega mjög sterkt lið og sænska deildin er yfirhöfuð mjög sterk, þannig að það er ljóst að ég verð að sýna allar mínar bestu hliðar þarna úti og ég hlakka til að fá tækifæri til þess," sagði Hólmfríður, sem átti frábært tímabil með KR síðastliðið sumar og skoraði meðal annars nítján mörk í sextán leikjum. Hólmfríður var svo valin besti leikmaður Landsbankadeildar á lokahófi Knattspyrnusambands Íslands í haust og það hefur án nokkurs vafa opnað henni nokkrar dyr.

„Ég ætla mér að komast út í atvinnumennsku. Ég var í þrjá mánuði hjá danska liðinu Fortuna Hjörring í fyrra og mér finnst bara vera kominn tími til að láta reyna á þetta aftur og taka þar með næsta skrefið í boltanum eftir að hafa verið að spila nokkuð lengi á Íslandi. Hvernig sem fer, þá verð ég alveg örugglega reynslunni ríkari með því að fara út til reynslu hjá öflugum liðum og það er ekkert nema jákvætt um það að segja. Ef mér líst ekki nógu vel á aðstæður hjá Hamburger SV og LDB Malmö, eða þá að ég kemst ekki að hjá þessum liðum, þá bíða mín fleiri tækifæri í Svíþjóð sem ég veit af og væri tilbúin að skoða ef til þess kæmi."

N1 DEILD KVENNA
Þriðjudagur 11. des.
Fylkishöll kl. 18:00
Fylkir - Valur
KA heimilið kl. 18:00
Akureyri - Fram
Mýrin kl. 18:00
Stjarnan - Haukar
Digranes kl 20:00
HK - FH

N1 DEILD KARLA
Þriðjudagur 11. des.
Afturelding - Valur
Varmá kl. 20:00

Fernando Alonso, Renault:

# Stefnan sett á toppinn á ný

**FORMÚLAN** Fernando Alonso, fyrrverandi heimsmeistari í Formúlu 1, hefur ákveðið að snúa aftur á fornar slóðir og keppa fyrir Renault á næsta keppnistímabili.



„Ég er í skýjunum með að koma aftur til Renault. Ég ólst upp sem ökumaður hjá liðinu og núna er tími til þess að við skrifum saman nýjan kafla á ferli mínum," sagði Alonso, sem skrifaði undir eins árs samning við liðið. Alonso vann stigakeppni ökuþóra tvívegis með Renault-liðinu, árin 2005 og 2006, og er sannfærður um að ná góðum árangri árið 2008. **- óþ**

# Viljum spila leikinn aftur

**Handknattleiksdeild Stjörnunnar hefur kært umgjörð leiks kvennaliða Fram og Stjörnunnar. Stjarnan vill að úrslit leiksins verði þurrkuð út og leikurinn spilaður upp á nýtt. Málið fer fyrir dómstól HSÍ sem dæmir líklega fyrir helgi.**

**HANDBOLTI** Hasarinn í kringum toppleik Fram og Stjörnunnar í N1-deild kvenna er hvergi nærri búinn. Fram vann leikinn með einu marki, 21-20, og í kjölfar leiksins hafa fallið þung orð. Stjarnan hefur ekki sagt sitt síðasta orð í málinu og hefur nú kært umgjörð leiksins til HSÍ. Stjörnumenn vilja að leikurinn verði spilaður upp á nýtt.

„Við erum að kæra framkvæmdina frá upphafi til enda. Má þar nefna dæmi eins og að það hafi ekki verið eftirlitsmaður á leiknum og við bendum á í rökstuðningi að hefði hann verið til staðar hefðu mörg atvik farið á annan veg en raun bar vitni.

Svo talar formaður dómaranefndar um að þetta dómarapar hafi staðið sig svo vel að þeir hafi verið verðlaunaðir með því að fá þennan leik. Ég kæri mig einfaldlega ekkert um að liðið mitt sé einhver verðlaun til þessara manna," sagði Bragi Bragason, formaður meistaraflokksráðs kvenna hjá Stjörnunni.

„Að setja þessa dómara á leikinn án eftirlits er rakinn dónaskapur við íþróttina og þá leikmenn sem tóku þátt. Það sem ætti að gerast er að bæði dómaranefndin og HSÍ ætti að biðja mína leikmenn afsökunar á því sem þarna fór fram. Þessi leikur fór úr böndunum frá upphafi og það gengur ekki."

Bragi er mjög ósáttur við að HSÍ ætli að kæra ummæli þjálfara og færa þar með umræðuna frá því sem máli skipti. „Það er ástæðan fyrir tilurð þessara orða sem er umgjörðin og frammistaða dómaranna. Það hvað gekk þarna á er grafalvarlegt mál og í raun það sem skaðar ímynd íþróttarinnar. Það er óþolandi að leggja mikinn metnað í starfið og svo er leiknum sýnd slík vanvirðing sem raun ber vitni. Það er ekki til þess að hvetja mann áfram í starfi," sagði Bragi.

Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, staðfesti að hafa fengið kæruna inn á borð til sín en hann skýtur henni inn á borð dómstóls HSÍ, sem væntanlega tekur málið fyrir síðar í vikunni. Bragi segir kröfu Stjörnumanna skýlausa.

„Við viljum að úrslitin verði gerð ómerk og að leikurinn verði spilaður upp á nýtt á hlutlausum stað," sagði Bragi en hefur hann trú á því að kæran muni bera árangur? „Það er afskaplega ólíklegt en við vonumst til þess að hægt sé að gera þetta af sanngirni og handboltinn njóti vafans," sagði Bragi að lokum.

henry@frettabladid.is



**BARÁTTA** Leikmenn gáfu ekkert eftir í hinum umdeilda leik Fram og Stjörnunnar. Hér er það Stjörnustúlkan Rakel Dögg Bragadóttir sem fær hraustlegar móttökur hjá Fram-vörninni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Veltisagir
MAKITA LF1000.
Öflug og lipur veltisög.
Frábært verð.
ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is





bratz
Sendu sms BTC BMF Á númerið 1900 og þú gætir unnið!
Vinningar eru DVD myndir, varningur tengdur myndinni og margt fleira!
SMS LEIKUR
9 HVER VINNUR!
Kemur í verslanir 6. desember!
Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.

KSÍ tilkynnti í gær að íslenska karlalandsliðið mætir Slóvakíu hinn 26. mars:

# Markmiðið að fá fleiri leiki

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu leikur vináttulandsleik við Slóvakíu hinn 26. mars á næsta ári og mun leikurinn fara fram ytra eins og fram kemur á heimasíðu Knattspyrnusambands Íslands.

Leikurinn gegn Slóvakíu er annar vináttulandsleikurinn sem hefur verið staðfestur í mars, en íslenska liðið mætir því færeyska í Egilshöll 16. mars, auk þess sem íslenska landsliðið leikur á alþjóðlegu æfingarmóti á Möltu dagana 2.-6. febrúar. Ólafur Jóhannesson, þjálfari karlalandsliðsins, var að vonum sáttur þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gær.

„Við höfum sett okkur það markmið að fá æfingarleiki á eins mörgum alþjóðlegum landsleikjadögum og við mögulega getum og erum að vinna hörðum höndum að því. Þessi leikur gegn Slóvakíu er bara eitt af þeim skrefum sem við erum að taka í því og þetta er bara gott mál. Við hittum forráðamenn knattspyrnusambands Slóvakíu í Suður-Afríku á dögunum þegar dráttur inn í riðla undankeppni Heimsmeistaramótsins fór fram og í framhaldi náðum við samkomulagi við þá. Við erum svo að skoða möguleikann á að fá æfingarleik næsta sumar áður en Evrópumótið byrjar og þá jafnvel á móti einhverri þjóð sem verður að spila þar, en það verður bara að koma í ljós síðar," sagði Ólafur, sem kvaðst þegar vera kominn á fullt að undirbúa sig fyrir æfingarmótið á Möltu í byrjun febrúar.

„Ég hef verið að fylgjast með liðunum hérna heima og er að gera mér hugmyndir um hverju ég vil ná fram á þessu móti. Það er alla vega nóg að gera og í mörg horn að líta, en þetta er bara skemmtileg vinna sem ég kann mjög vel við." **- óþ**



512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

Í KVÖLD KL. 19:30

# MARSEILLE LIVERPOOL

MEISTARADEILDIN

UEFA CHAMPIONS LEAGUE

# KEMST LIVERPOOL ÁFRAM?




Í KVÖLD KL. 19:30

**Marseille - Liverpool** Sýn
**Real Madrid - Lazio** Sýn Extra
**Olympiakos - Werder Bremen** Sýn Extra 2

Á MORGUN KL. 19:30

**Rangers - Lyon** Sýn
**Psv - Inter** Sýn Extra
**Roma - Man. Utd.** Sýn Extra 2

Upphitun hefst kl. 19:00
Umfjöllun um alla leiki kvöldsins kl. 21:40

FRÁBÆRT BOÐGREIÐSLUTILBOÐ!
TVÆR STÖÐVAR AÐ EIGIN VALI Á AÐEINS 6.790 KR. Á MÁNUÐI Í DESEMBER OG JANÚAR.

sýn
besta sætið



**ÁKVEÐINN** Allardyce vísar gagnrýni á bug og segir öll lið þurfa að spila með löngum sendingum. NORDICPHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

## Stóri Sam svarar gagnrýninni

**FÓTBOLTI** Sam Allardyce, stjóri Newcastle, svaraði gagnrýnendum leikstíls liðs síns fullum hálsi í nýlegu viðtali við breska dagblaðið Daily Telegraph.

„Það er búið að stimpla mig sem knattspyrnustjóra fyrir að láta lið mín spila á ákveðinn hátt, með löngum sendingum fram völlinn. En ég held að þetta sé bara einhver öfund og minnimáttarkennd í öðrum stjórum í deildinni sem hafa tapað fyrir liðum undir minni stjórn og þegar ég var hjá Bolton fengum við alltaf að heyra gagnrýni eftir að hafa unnið stórlið eins og Chelsea og Liverpool. Ég get hins vegar ekki séð að Newcastle spili á annan hátt en til dæmis Liverpool eða Arsenal. Öll lið þurfa að beita löngum sendingum til þess að komast inn fyrir varnir andstæðinganna og Arsenal gerir til að mynda meira af því núna en áður og liðið er því orðið betra og hættulegra fyrir vikið.“ - óþ

Mikil spenna fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu er lokaumferðin hefst:

# Allt eða ekkert hjá Liverpool

**FÓTBOLTI** Í kvöld verður síðasta umferðin leikin í riðlum A, B og C í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu. Sex af tólf liðum komast svo áfram í sextán liða úrslit keppninnar, en Chelsea er eina liðið af þessum tólf sem hefur þegar tryggt sig áfram.

Spennan er gríðarleg í A-riðli þar sem aðeins tvö stig skilja að topplið riðilsins, Porto, og botnlið þess, Besiktas, en liðin mætast einmitt í Portúgal í lokaumferðinni. Marseille og Liverpool eru svo jöfn aðeins einu stigi á eftir Porto, en franska liðið stendur örlítið betur að vígi fyrir leik liðanna í Frakklandi.

Hvort liðið um sig, Marseille og Liverpool, kemst áfram með sigri, en Marseille nægir jafntefli gegn Liverpool ef Porto vinnur eða gerir jafntefli gegn Besiktas.

### Margir möguleikar í stöðunni

Vinni Besiktas aftur á móti Porto og Marseille og Liverpool gera jafntefli, kemur upp sérstök staða. Tyrkirnir enda þá á toppi riðilsins með níu stig, en Porto, Marseille og Liverpool verða jöfn með átta stig, og þar sem Liverpool stendur best að vígi úr innbyrðisviðureignum liðanna þriggja kemst það áfram.

Í B-riðli mætast einnig toppliðið, Chelsea, og botnliðið, Valencia, í lokaumferðinni, en munurinn er sá að enska liðið er þegar búið að tryggja sig áfram og spænska liðið á ekki möguleika á að komast áfram.

Það er því úrslitaleikur á milli Schalke og Rosenborg um það hvort liðið fylgir Chelsea. Norska liðið stendur betur að vígi og nægir jafntefli en leikurinn fer hins vegar fram í Þýskalandi.

Tölfræðilega séð eiga öll liðin í C-riðli möguleika á því að komast áfram, en Real Madrid og Olympiakos standa best að vígi og eru jöfn með níu stig fyrir lokaumferðina og eiga enn fremur bæði heimaleik í lokaumferðinni.

### Real Madrid nægir jafntefli

Toppliði Real Madrid nægir því jafntefli á móti Lazio, sem er neðst með fimm stig og verður að vinna á Spáni til þess að eiga möguleika á áframhaldandi þátttöku í keppninni. Líkurnar eru hins vegar ekki Rómarliðinu í hag þar sem Real Madrid hefur aðeins tapað einum af síðustu 24 heimaleikjum sínum í keppninni. Olympiakos nægir að sama skapi jafntefli gegn Werder Bremen, en ef þýska liðið vinnur kemst það örugglega áfram.

Sú staða gæti komið upp að ef Bremen vinnur Olympiakos og Lazio vinnur Real Madrid verður Bremen efst með níu stig og hin þrjú liðin verða jöfn með átta stig. Vinni Lazio leik sinn við Real Madrid með aðeins einu marki fer spænska liðið áfram en ítalska liðið fer aftur á móti áfram á besta innbyrðisárangrinum ef liðið vinnur með tveimur mörkum eða meira á Spáni. - óþ

**LEIKIR KVÖLDSINS:**

| | | |
|---|---|---|
| Marseille-Liverpool | Sýn | kl. 19.45 |
| Porto-Besiktas | | kl. 19.45 |
| Chelsea-Valencia | | kl. 19.45 |
| Schalke-Rosenborg | | kl. 19.45 |
| Real Madrid-Lazio | Sýn Extra | kl. 19.45 |
| Olympiak.-Bremen | Sýn Extra 2. | 19.45 |



**LYKILMAÐUR HJÁ LIVERPOOL** Það er mikil pressa á Steven Gerrard í kvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Michel Platini, forseti UEFA:

## Healy hrósað

**FÓTBOLTI** David Healy, framherji norður-írska landsliðsins, verður að öllum líkindum heiðraður sérstaklega af UEFA fyrir að skora þrettán mörk í undankeppni Evrópumótsins og setja nýtt markamet.

„Michel Platini, forseti UEFA, hefur gefið grænt ljós á að Healy verði heiðraður og hann ítrekaði jafnframt að afrek Healys væri frábært fyrir leikmann frá jafn fámennri þjóð,“ sagði Raymond Kennedy, formaður knattspyrnusambands Norður-Írlands. - óþ

NBA-deildin í körfubolta:

## Pat Riley vann sinn 1200. leik

**KÖRFUBOLTI** Pat Riley, þjálfari Miami Heat í NBA-deildinni í körfubolta, vann sinn 1200. leik á ferlinum þegar Miami Heat batt enda á fimm leikja taphrinu sína með 100-94 sigri gegn LA Clippers.

Riley er aðeins þriðji þjálfarinn í sögu NBA til þess að vinna 1.200 leiki, en hann þurfti aðeins 1.842 leiki til þess að ná afrekinu á 24 leiktímabilum. Riley stýrði LA Lakers frá árinu 1981 til ársins 1990 og vann NBA-titilinn fjórum sinnum. Eftir það stýrði hann New York Knicks á árunum 1991-1995, áður en hann tók við Miami Heat árið 1995 og er á sinni elleftu leiktíð með liðið. Miami Heat vann NBA-titilinn undir stjórn Rileys tímabilið 2005-2006. - óþ







Frækið fólk í íþróttum I – Feðgar og mæðgur

Loksins komin út!

Útgáfufagnaður í Vinabæ, Skipholti 33 í Reykjavík (gamla Tónabíó) í dag kl. 16 - 18. Allir velkomnir.

Fjöldi afreksfólks áritar bækur.

ALMENNA ÚTGÁFAN

Tilboðsverð. Einstakt tækifæri!

BÓKAÚTGÁFAN ÆSKAN


Leikmaður Indiana Pacers í vandræðum:

# Jamaal Tinsley slapp lifandi frá skotárás

**NBA** Jamaal Tinsley, leikmaður Indiana Pacers, er iðinn við að koma sér í vandræði þessa dagana. Hann mátti þakka fyrir að sleppa lifandi úr skotárás um helgina. Þetta var í þriðja sinn síðan í október sem Tinsley lendir í vandræðum utan vallar.

Enginn lést í árásinni en einn maður slasaðist en hann er liðsstjóri hjá Pacers. Hann fékk skot í olboga en er kominn af sjúkrahúsi.

Tinsley hafði fyrr um kvöldið farið á næturklúbb ásamt félögum sínum. Þeir mættu á svæðið í þrem af glæsikerrum Tinsleys – Benz, Rolls Royce og Dodge Charger. Fjöldi fólks kom að bílunum fyrir utan staðinn og sá ástæðu til þess að tjá sig um ríkidæmi Tinsleys og bílana.

Þegar félagarnir héldu heim á leið tóku þeir eftir því að þeim var veitt eftirför. Þeir keyrðu því inn að anddyri lúxushótels á Rolls Royce-bifreiðinni og þegar bílinn stöðvaðist hófst skothríðin. Þrátt fyrir að einn maður lægi í valnum eltu Tinsley og félagar byssumennina og svöruðu fyrir sig með því að skjóta á eftir þeim en þar fór fremstur í flokki bróðir Jamaals, James.

Tinsley fundaði með forseta og þjálfara Pacers í gær en hann hefur leikið einstaklega vel í vetur og er með tæplega 15 stig að meðaltali í leik og tæplega 9 fráköst. - hbg



**ALLTAF Í VANDRÆÐUM** Jamaal Tinsley er búinn að lenda í óheppilegum atvikum í þrígang síðan í október. Hann má þakka fyrir að halda lífi eftir uppákomu helgarinnar. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES


VIÐ GEFUM
JÓLAGJAFIR
MEÐ FARSÍMUM!
Sony Ericsson
Sony Ericsson T250i
12.990 kr.
1.482 kr. á mánuði*
Motorola V3 RAZR
15.990 kr.
1.766 kr. á mánuði*
Nokia 6085
14.990 kr.
1.672 kr. á mánuði*
Við gefum pakka með öllum símum
Kauptu GSM síma í Farsímalagernum á einstöku verði og bílhleðslutæki með á 990 kr.
Þá færðu ókeypis einhverja af þessum jólagjöfum:
Hársléttunarjárn
Babyliss Beliss Ceramic hárblásari og sléttujárn í sama tækinu. - Þú þurrkar og sléttar hárið á sama tíma. Verðmæti: 5990 kr.
Fjarstýrð þyrla
Leikfangaþyrla fyrir hressa krakka á öllum aldri. Verðmæti: 3399 kr.
Kælitaska með útvarpi
Kælitaska með utanáliggjandi útvarpi og tengi fyrir iPod spilara. Verðmæti: 4990 kr.
Inneign á 100 stafrænar framkallanir
HANS PETERSEN
100 framkallanir
Með þessari inneign verða minningarnar lifandi. Frábært tilboð. Verðmæti: 3100 kr.
Bluetooth í bílinn
Nettur og handhægur en um leið öflugur Bluetooth búnaður sem hentar í flesta síma. Verðmæti: 6990 kr.
+
SKO
10.000 kr. GSM inneign hjá SKO
(með númeraflutningi til SKO og 6 mánaða bindingu)
SKO þig!
SKO
*Meðalgreiðsluupphæð miðuð við 12 mánaða kreditkorta-raðgreiðslusamning (19. nóv. 2007).
Farsímalagerinn.is
TM
Kynntu þér tækjatryggingu TM
ÞÚ GRÆÐIR EKKERT Á AÐ VERSLA ANNARS STAÐAR
Fjörður Hafnarfirði - Bankastræti 4 - Laugavegur 178 - Miðhraun Garðabæ - Kringlan - www.farsimalagerinn.is - s: 412 1800

> **Tilda Swinton**

„Maður leikur alltaf sjálfan sig, sama hvað maður gerir. Maður nýtir sér eigin reynslu og útkoman er sjálfsævisaga í ólíkum myndum. Það síðasta sem maður vill er að líta út fyrir að vera að leika.“ Tilda leikur í Possible Worlds á Stöð 2 Bíó kl. 22.15.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR ER LÍMD VIÐ SKJÁINN

## *Jól með Charles Dickens*



Jóladagskrá sjónvarpsstöðvanna er hafin og stigmagnast eftir því sem líður á mánuðinn. Pú og Pa fara hamförum í Jóladagatali Sjónvarpsins á hverjum degi fram að jólum sem er einskært fagnaðarefni, enda eru þeir félagar með þeim skemmtilegri sem mannað hafa þetta dagatalsfyrirbæri. En eitt er það sjónvarpsefni þessa heims sem er jólalegra en allt annað; teiknimyndir um jólasveina og hreindýr visna og jafnvel sirkusar og ballettar mega sín lítils við hliðina á sjónvarpsaðlöguðum sögum meistara Charles Dickens.

Allar sögur Dickens fela í sér hinn sanna jólaanda, nokkurn veginn sama hvert raunverulegt efni þeirra er. Jólin eru óumdeilanlega tími tilfinninganna, þrátt fyrir að við kjósum flest að tjá ástvinum tilfinningar okkar með gjöfum og mat fremur en berum orðum. Dickens var aftur á móti alls óhræddur við að játa tilfinningar af öllum stærðum og gerðum með ótrúlegum orðaflaumi. Það er því augljóst að sögur Dickens og jólin eiga samleið eins og garn og prjónar. Óneitanlega er sorglegt að hugsa til þess að íslenska þjóðin getur ekki treyst á að íslenskar sjónvarpsstöðvar standi í stykkinu um jólin og sýni Dickens-tengt jólaefni. Aftur á móti geta þau okkar sem höfum aðgang að erlendum sjónvarpsstöðvum huggað okkur við að frændur okkar á hinum Norðurlöndunum bjarga málunum. Þið hin verðið bara að koma í heimsókn til að horfa með okkur.

Jólalegust sagna Dickens er náttúrlega jólasaga hans. Sagan sú er skyldulesning, eða í það minnsta skylduáhorf, um jólin. Hún hefur oft verið færð í sjónvarps- og kvikmyndabúning, en fáar útgáfur taka fram teiknimynd Disney-samsteypunnar frá miðjum níunda áratug síðustu aldar. Í henni er valinn maður í hverju horni; Jóakim Aðalönd leikur Skrögg og Guffi er óborganlegur sem draugur Jakobs Marley. Sagan nær að vera hrollvekjandi, sorgleg, fyndin og hugljúf allt í senn og koma öllum í jólaskapið.

## EKKI MISSA AF



▶ **22.25** Lögmál Murphys
SJÓNVARPIÐ



▶ **21.10** NCIS
STÖÐ 2



▶ **20.00** Coach Carter
STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.00** Side Order of Life
SIRKUS



▶ **22.00** State of Mind
SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Sportið**

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin** (39:52)

**17.50 Geirharður bojng bojng** (26:26)

**18.15 Nigella og jólamaturinn** (2:3) Þriggja þátta röð þar sem eldabuskan góðkunna Nigella Lawson kemur með tillögur að kræsingum á jólaborðið og sýnir hvernig á að matreiða þær.

**18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins - Jól á leið til jarðar**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Mæðgurnar** (20:22) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar á unglingsaldri.

**21.00 Ballaða Edvards Griegs** Norsk heimildamynd. Píanóleikarinn Leif Ove Andsnes gerir víðreist um Evrópu í fótspor tónskáldsins Edvards Grieg en 4. september síðastliðinn var liðin öld frá láti Griegs.

**22.00 Tíufréttir**

▶**22.25 Lögmál Murphys** (1:6) Breskur spennumyndaflokkur um rannsóknarlögreglumanninn Tommy Murphy og glímu hans við glæpamenn. Meðal leikenda eru James Nesbitt. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.20 Glæpurinn** (9:20) e.

**00.20 Kastljós**

**00.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Coach Carter**

**08.15 Men With Brooms**

**10.00 The Ballad of Ramblin´ Jack**

**12.00 Agent Cody Banks 2: Destination London**

**14.00 Men With Brooms**

**16.00 The Ballad of Ramblin´ Jack**

**18.00 Agent Cody Banks 2: Destination London**

▶**20.00 Coach Carter** Sannsöguleg og áhrifamikil mynd.

**22.15 Possible Worlds**

**00.00 U.S. Seals II**

**02.00 Fled**

**04.00 Possible Worlds**

## STÖÐ 2

**07.00 Stubbarnir**

**07.25 Jesús og Jósefína** (11.24) (e)

**07.45 Kalli kanína og félagar**

**08.10 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 The Bold and the Beautiful**

**09.30 Wings of Love** (82.120)

**10.20 Commander In Chief** (9.18)

**11.15 Veggfóður** (10.20)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Nágrannar**

**13.10 Two Family House**

**15.20 Sjáðu**

**15.55 Shin Chan**

**16.15 Ginger segir frá**

**16.38 Skjaldbökurnar**

**17.03 Jesús og Jósefína** (11.24) (e)

**17.28 The Bold and the Beautiful**

**17.53 Nágrannar**

**18.18 Ísland í dag og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.50 Ísland í dag**

**19.25 Simpsons** (12.21) Sextánda þáttaröðin í þessum langlífasta gamanþætti í Bandaríkjunum í dag. Simpson-fjölskyldan er söm við sig og hefur aldrei verið uppátækjasamari.

**19.50 Næturvaktin** (2.13) Allir þættirnir sýndir aftur frá mánudegi til fimmtudags.

**20.20 Amazing Race** (4.13) Sem fyrr taka 12 lið þátt í kapphlaupinu, sem liggur um heiminn þveran og endilangan.

▶**21.10 NCIS (15.24)**

**21.55 Kompás** Hvað hefur orðið um milljarða króna minningarsjóð Sonju Benjamínsson Zorillu, sem átti m.a. að styrkja íslensk börn til menntunar og heilbrigðis? Forsvarsmenn sjóðsins segja ráðstöfun hans einkamál en vinir og ættingjar krefjast svara. Kompás kannaði málið.

**22.30 60 mínútur**

**23.15 Prison Break** (5.22)

**00.00 Two Family House**

**01.45 Medium** (13.22)

**02.25 Cold Case** (16.23)

**03.10 Amazing Race** (4.13)

**03.55 NCIS** (15.24)

**04.40 Balls of Steel** (3.6)

**05.15 Simpsons** (12.21)

**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SÝN besta sætið

**18.00 Inside Sport** (John Terry / Sven-Göran Eriksson) Frábær þáttur frá BBC.

**18.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Vandaður fréttaþáttur úr Meistaradeild Evrópu þar sem síðustu umferðir eru skoðaðar.

**19.00 Meistaradeildin** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.

**19.30 Liverpool - Marseille Meistaradeild Evrópu** Bein útsending frá leik Marseille og Liverpool í Meistaradeild Evrópu. Skotið verður inn myndum úr leik Porto og Besiktas. Sýn Extra. Real Madrid - Lazio Sýn Extra 2. Olympiakos - Werder Bremen.

**21.40 Meistarmörkin** Öll mörkin og öll helstu atvikin úr leikjum kvöldsins.

**22.20 Real Madrid - Lazio Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik Real Madrid og Lazio í Meistaradeild Evrópu. Leikurinn var í beinni útsendingu á Sýn Extra kl. 19.35

**00.10 Olympiakos - Werder Bremen Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik Olympiakos og Werder Bremen í Meistaradeild Evrópu. Leikurinn var í beinni útsendingu á Sýn Extra 2 kl. 19.35

**02.00 Meistaradeildin**

## SÝN2

**14.40 Everton - Fulham** Útsending frá leik Everton og Fulham sem fór fram laugardaginn 8. desember.

**16.20 Aston Villa - Portsmouth** Útsending frá leik Aston Villa og Portsmouth sem fór fram laugardaginn 8. desember.

**18.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi.

**18.30 Coca Cola mörkin**

**19.00 Middlesbrough - Arsenal** Útsending frá leik Middlesbrough og Arsenal sem fór fram sunnudaginn 9. desember.

**20.40 Blackburn - West Ham** Útsending frá leik Blackburn og West Ham sem fór fram sunnudaginn 9. desember.

**22.20 English Premier League 2007/08** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

**23.15 Man. Utd. - Derby** Útsending frá leik Man. Utd og Derby sem fór fram laugardaginn 8. desember.

## SKJÁREINN

**07.30 Dýravinir** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**15.55 Vörutorg**

**16.55 How to Look Good Naked** (e)

**17.45 Dr. Phil**

**18.30 The Drew Carey Show** (e)

**19.00 Ertu skarpari en skólakrakki?** (e)

**20.00 According to Jim** (12.18) Bandarísk gamansería með grínistanum Jim Belushi í aðalhlutverki. Jim tekur við þjálfun körfuboltaliðs dætra sinna sem tapar öllum leikjum. Hann ákveður að þær þurfi að verða harðari af sér og breytir sætum og saklausum stúlkum í grófar og grjótharðar stelpur.

**20.30 Allt í drasli** (11.13) Hreinlætisdívurnar Margrét Sigfúsdóttir og Eva Ásrún Albertsdóttir heimsækja subbuleg heimili og taka til hendinni. Núna halda þær Margrét og Eva Ásrún upp í sveit þar sem þeirra bíður risavaxið verkefni.

**21.00 Innlit / útlit** (12.13) Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess. Þau eru með góðan hóp iðnaðarmanna sér til halds og trausts og koma með sniðugar hugmyndir og einfaldar lausnir.

▶**22.00 State of Mind** (6.8) Bandarísk þáttaröð um sálfræðing sem á sjálfur í miklum sálarflækjum. Ann fer að huga að móðurhlutverkinu eftir að vinur hennar biður hana um stóran greiða og Cordelia þarf að fást við sjúkling sem fer langt yfir strikið.

**22.50 The Drew Carey Show**

**23.15 C.S.I. New York** (e)

**00.15 Charmed** (e)

**01.10 NÁTTHRAFNAR**

**01.11 C.S.I. Miami**

**02.00 Ripley's Believe It or not!**

**02.45 Trailer Park Boys**

**03.10 Vörutorg**

**04.10 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### SÝN KL. 19.30

### Marseille - Liverpool



Það er að duga eða drepast fyrir Liverpool í kvöld þegar liðið heimsækir Marseille í lokaumferð riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu. Auk þeirra eru í A-riðli Porto frá Portúgal og Besiktas frá Tyrklandi og eiga öll liðin ennþá möguleika að komast áfram í 16 liða úrslitin. Bein útsending frá leik Marseille og Liverpool verður á Sýn og verður skotið inn myndum úr leik Porto og Besiktas sem fer fram á sama tíma í Portúgal. Á Sýn Extra verður í beinni útsendingu á sama tíma Real Madrid – Lazio og á Sýn Extra 2 Olympiakos – Werder Bremen.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Ballaða Edvards Griegs**

**Sjónvarpið kl. 21.00**

Norsk heimildarmynd. Píanóleikarinn Leif Ove Andsnes gerir víðreist um Evrópu. Hann fetar í fótspor tónskáldsins Edvards Grieg en 4. september síðastliðinn var liðin öld frá láti Griegs. Þannig bjó Andsnes sig undir að leika meistaraverk Griegs, Ballöðu í g-moll, sem Grieg lék sjálfur aldrei opinberlega. Norskir sjónvarpsmenn fylgdu Andsnes til Björgvinjar, Leipzig, Kaupmannahafnar, Rómar, Parísar og London og fluttu flygil upp á fjallsbrún með þyrlu svo að Andsnes gæti leikið þar.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Skáldað í skörðin
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hundur í útvarpssal
**21.00** Í heyranda hljóði: Mannréttindi í utanríkisstefnu Íslands-hvers vegna?
**22.15** Fimm fjórðu
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**15.25 Þristurinn**
**16.00 Hollyoaks** (76.260)
**16.30 Hollyoaks** (77.260)
**17.00 The George Lopez Show** (20.22)
**17.30 Johnny Zero** (6.13)
**18.15 Windfall** (13.13)
**19.00 Hollyoaks** (76.260)
**19.30 Hollyoaks** (77.260)
**20.00 The George Lopez Show** (20.22) (e)
**20.30 Johnny Zero** (6.13) . Bönnuð börnum.
**21.15 Windfall** (13.13) (e)
▶**22.00 Side Order of Life** (9.13) Side Order of Life er nýr, rómantískur og gletti-lega fyndinn framhaldsþáttur sem sló í gegn í Bandaríkjunum í sumar. Þættinum hefur verið líkt við Grey´s Anatomy og Ally McBeal og fjallar um Jenny sem er á þrítugsaldri. 2007.
**22.45 Crossing Jordan** (5.17) Einn lífseigasti og um leið vinsælasti spennuþáttur Stöðvar 2 snýr aftur. Þar höldum við áfram að fylgjast með störfum réttarlæknisins Dr. Jordan Cavannaugh og félaga hennar hjá rannsóknarlögreglunni í Boston. Þættirnir eru framleiddir af hinum sömu og framleiða Las Vegas. 2006. Bönnuð börnum.
**23.30 Þristurinn**
**00.05 Janice Dickinson Modelling Agency**
**00.50 E-Ring** (19.22)
**01.35 Ren & Stimpy**
**02.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing. Ingvi Hrafn Jónsson er sestur í gestgjafastólinn í myndveri ÍNN. Hann tekur á málefnum líðandi stundar af alkunnri röggsemi.
**20.30** Kötturinn í sekknum. Lilja Þórisdóttir bregður sér í hlutverk ofurneytandans og reynir að fá okkur hin til að vera virkir neytendur. Gestir í þessum þætti eru Ragna Benedikta Garðarsdóttir frá Félagsvísindastofnun og Einar Gunnarsson frá Skógræktarfélagi Íslands.
**21.00** Íslensku Vigtarráðgjafarnir. Þú ert það sem þú borðar. Íslensku Vigtarráðgjafarnir leiða okkur í allan sannleik um það.
**21.30** Til heimabrúks. Þórhildur Þorleifsdóttir spjallar við gesti sína um menningarpólitísk málefni og veltir upp ýmsum spurningum.

## DR 1

**11.10** Horisont **11.35** Aftenshowet **12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Dødens detektiver **12.50** Ildsjæle - Alt for de ansatte **13.20** DR Explorer **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med Vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** SPAM **15.30** Robotboy **15.45** Max **16.15** Den lille Julemand **16.30** Jul i Svinget **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Ha' det godt **19.00** Hammerslag **19.30** Rig ved et tilfælde **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Mansfield Park **22.35** Alt på ét bræt **23.25** SPAM **5.00** Anton

## NRK 1

**11.10** Mission integration **11.40** Grosvold **12.25** Faktor: Hvor ble du av, bestefar? **13.00** Skjergardsdokteren **14.00** Supermusikk **14.30** Ghost Trackers **15.00** Absalons hemmelighet **15.30** Erstatterne **15.50** Frosk til middag **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Veterinær på safari **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Barnas superjul **17.30** KatjaKaj og BenteBent 17.37 Lykke er **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** Nobels fredspriskonsert 2007 **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Nobels fredspriskonsert 2007 **21.45** Extra-trekning **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Heroes **23.00** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **23.30** De satte livet på spill: Krigen i Spania **0.10** Kulturnytt

## SVT 1

**10.30** Vetenskapsmagasinet **11.00** Rapport **11.05** Argument **12.50** Matiné: Laila **14.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Extra **16.25** Flag Stories - in English **16.30** Krokomax **17.00** Bolibompa **17.10** Småkryp **17.20** Tippe **17.30** Julkalendern: En riktig jul **17.45** Philofix **18.00** Bobster **18.05** Grand Prix **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Andra Avenyn **19.30** Mitt i naturen **20.00** Plus **20.30** Toppform **21.00** Adaptation **22.55** Rapport **23.05** Kulturnyheterna **23.15** Grotesco **23.45** Sändningar från SVT24

„ÞETTA ER VERÐLAUNABÓK“
– KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR, KILJAN



„Þetta er enn betri bók en sú sem hann fékk bókmenntaverðlaunin fyrir.“
– Egill Helgason, Kiljan

„Unnendum fyrri bóka Jóns Kalmans mun ekki leiðast í þessu ferðalagi.“
– Þröstur Helgason, Mbl

★★★★
„ÞETTA ER FRÁBÆR SKÁLDSAGA“
–JÓN YNGVI, ÍSLAND Í DAG

★★★★★
„JÓN KALMAN ER KOMINN Í RÖÐ OKKAR MESTU OG MIKILVÆGUSTU HÖFUNDA“
– PÁLL BALDVIN, FRÉTTABLAÐIÐ

6. SÆTI Á METSÖLULISTA EYMUNDSSON







YACOUBIAN BYGGINGIN EFTIR ALAA AL-ASWANY
INNILEG, GRÍPANDI OG SKEMMTILEG
Heillandi og beinskeytt mynd af fjölbreyttu mannlífi í Kaíró

★★★★★
„HEILLANDI OG SLÁANDI BLANDA AF ÆRSLASÖGU OG SAMFÉLAGSGREININGU, BRJÁLAÐRI SKEMMTUN OG FÚLUSTU ALVÖRU.“
– JYLLANDS-POSTEN

„BESTA BÓK ÁRSINS“
– THE GUARDIAN

ÞÝÐANDI: KARL EMIL GUNNARSSON.

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK

**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Ég er mjög matvönd og finnst erfitt að finna góða veitingastaði. En pitsurnar á Ítalíu eru góðar. Líka humarinn á Fjöruborðinu og humarsúpan á Sægreifanum.“*

Hildur Vala Einarsdóttir söngkona

# Jón Ásgeir eins og gítarleikari í rokksveit

Jón Ásgeir Jóhannesson minnir á þungarokksgítarleikara frá áttunda áratugnum og hefur talað fjálglega um það hversu gaman honum þykir að blanda sér í glas. Og hrifning hans af þessu ljúfa lífi varð meðal annars upphafið að ásökunum í dómsal á Miami vegna exótísks teitis á skútu árið 2003 en þeim var öllum vísað á bug af Baugi. Þetta skrifar blaðamaðurinn Martin Weller á viðskiptavef Times í gær. Þar er Jón sagður vera draumur sérhvers slúðurdálkahöfundar, jafnvel þótt honum sjálfum sé meinilla við að vera sjálfur til umfjöllunar.

Weller greinir einnig frá brúðkaupi Jóns og Ingibjargar Pálmadóttur sem kallað var brúðkaup aldarinnar og segir að bæði sir Tom Hunter – sem reyndar er kallaður Tom Farmer í greininni – og Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hafi þurft að gefa loforð, væntanlega eins og aðrir gestir, um að halda öllu því sem þarna fór fram leyndu. Weller gerir einnig grein fyrir Baugsmálinu þar sem Jón hafi verið sýknaður af öllum ásökunum.

Það er síðan ef til vill skemmtileg tilviljun að nafni Jóns, Jón Ólafsson, er í stóru viðtali hjá The Independent þar sem hann ræðir um sitt íslenska vatn. - fgg



**HJÁ INDEPENDENT** Jón Ólafsson vekur áhuga Breta; hann fór í viðtal hjá The Independent.



**MINNIR Á ROKKSTJÖRNU** Jón Ásgeir er sagður vera með rokkstjörnuútlit og draumur sérhvers slúðurdálkahöfunds. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**LÁRÉTT 2.** sál **6.** í röð **8.** struns **9.** stækkaði **11.** samtök **12.** ofanálag **14.** stoðvirki **16.** í röð **17.** fugl **18.** ennþá **20.** til dæmis **21.** velta.

**LÓÐRÉTT 1.** þjaka **3.** átt **4.** veiðarfæri **5.** keyra **7.** fíkinn **10.** ílát **13.** gljúfur **15.** Listastefna **16.** húðpoki **19.** núna.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** anda, **6.** rs, **8.** ark, **9.** jók, **11.** aa, **12.** álegg, **14.** grind, **16.** hi, **17.** lóa, **18.** enn, **20.** td, **21.** snúa.

**LÓÐRÉTT: 1.** hrjá, **3.** na, **4.** dragnót, **5.** aka, **7.** sólginn, **10.** ker, **13.** gil, **15.** dada, **16.** hes, **19.** nú.


Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON: ENGIR NÝIR Í HÓP HEIÐURSLAUNÞEGA

# Heiðurslaun listamanna hækka um tuttugu prósent

„Listinn verður óbreyttur og telur 28 manns. En fjárhæðin er hækkuð úr 1,6 milljónum í 1,8 á ári,“ segir Sigurður Kári Kristjánsson formaður menntamálanefndar.

Þingskjal verður lagt fram í dag þar sem gerð er tillaga um að hækka heiðurslaun listamanna úr 125 þúsundum á mánuði í 150 þúsund sem þýðir 20 prósenta hækkun. Tekist var á um heiðurslaunin í menningarnefnd. Sigurður Kári segir að í púllíunni hafi verið mörg nöfn en það orki tvímælis að taka einn fram yfir annan í þessum efnum. Mikill áhugi er á heiðurslaununum og segir Sigurður símann ekki hafa stoppað en fjölmargir væru að agitera fyrir hinum og þessum. Sterkar skoðanir væru á heiðurslaunum.

Kolbrún Halldórsdóttir situr í menntamálanefnd og hún er ósátt. Segir minnihlutann hafa fremur viljað bæta tveimur við á lista í stað þeirra tveggja sem féllu frá á árinu. „Mikill nánasarskapur af meirihlutanum. Það er verið að eyða öðru eins á þessum fjárlögum. Listamenn af þeirri kynslóð sem greiddi kannski ekki í lífeyrisjóð. Það er kannski ekkert markmið en heiðurinn sem eldri kynslóðin upplifir við að fá þessi heiðurslaun er þannig að mér finnst að þeir sem eigi það skilið eigi að njóta þess.“

Á ýmsu hefur gengið í tengslum við heiðurslaun listamanna sem hafa verið umdeild enda engar skýrar verklagsreglur til í tengslum við veitingu þeirra. Gagnrýnendur vilja meina að þau snúist um pólitísk hrossakaup fremur en nokkuð annað. Frjálshyggjufélagið hefur ályktað gegn verðlaununum og vitnað í Milton Friedman sem segir að ekki skuli gera góðverk á kostnað annarra. „Listamenn eru að jafnaði hvorki merkilegri né ómerkilegri en aðrir. Mismunun í formi heiðurslauna listamanna er því röng,“ segir Frjálshyggjufélagið.

Hvernig háttar með heiðurslaunin er ákvarðað við 3. umræðu fjárlagafrumvarps ár hvert. Fréttablaðið hefur fyrir því heimildir að þau nöfn sem nefnd hafa verið í tengslum við að komast í hinn umdeilda hóp á allra síðustu árum séu Hafliði Hallgrímsson sellóisti en hann er búsettur í Edinborg, Hreinn Friðfinnsson myndlistarmaður búsettur í Hollandi auk þess sem nafn Þórhildar Þorleifsdóttur hefur borið á góma. Slúðurvefurinn „Orðið á götunni“ fullyrðir að nafn Þórhildar sé fram komið að undirlagi Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra. Þá hefur lengi staðið reiptog í nefndinni um Sigurð A. Magnússon en samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins hefur Sjálfstæðisflokkurinn alltaf staðið í vegi fyrir því.

jakob@frettabladid.is



GUNNAR EYJÓLFSSON LEIKARI



VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR



ÞRÁINN BERTELSSON



**JÓLAGJÖFIN Í ÁR** Matthías Johannessen, Gunnar Eyjólfsson, Vigdís Grímsdóttir og Þráinn Bertelsson eru meðal þeirra sem fá 20 prósenta hækkun á heiðurslaun sín.



ATLI HEIMIR SVEINSSON

## HEIÐURSLAUNÞEGAR

Heiðurslaunþegar eru 28 talsins en á árinu féllu tveir frá, hinir dáðu og elskuðu óperusöngvarar Guðmundur Jónsson og Kristinn Hallsson. Þeir sem eru á lista heiðurslauna listmanna eru eftirtaldir:

- **Atli Heimir Sveinsson tónlist**
- **Ásgerður Búadóttir myndlist**
- **Erró myndlist**
- **Fríða Á. Sigurðardóttir ritlist**
- **Guðbergur Bergsson ritlist**
- **Guðmunda Elíasdóttir tónlist**
- **Gunnar Eyjólfsson leiklist**
- **Hannes Pétursson ritlist**
- **Herdís Þorvaldsdóttir leiklist**
- **Jóhann Hjálmarsson ritlist**
- **Jón Nordal tónlist**
- **Jón Sigurbjörnsson leiklist**
- **Jón Þórarinsson tónlist**
- **Jónas Ingimundarson tónlist**
- **Jórunn Viðar tónlist**
- **Kristbjörg Kjeld leiklist**
- **Kristján Davíðsson myndlist**
- **Magnús Pálsson myndlist**
- **Matthías Jóhannessen ritlist**
- **Megas tónlist**
- **Róbert Arnfinnsson leiklist**
- **Thor Vilhjálmsson ritlist**
- **Vigdís Grímsdóttir ritlist**
- **Vilborg Dagbjartsdóttir ritlist**
- **Þorbjörg Höskuldsdóttir myndlist**
- **Þorsteinn frá Hamri ritlist**
- **Þráinn Bertelsson ritlist**
- **Þuríður Pálsdóttir tónlist**


Demants ...
... kjarnaborar: 42 - 400 mm
... slípibollar: 125 og 180 mm
... sagarblöð: 125 - 800 mm
Gæði og gott verð.



ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is



FORD F 350 AMARILLO
nýskr. 05/2006, ekinn 58.000 km, einn eigandi. Afar vel búinn bíll með öllum hugsanlegum aukabúnaði, sama innrétting og í Harley Davidsson útgáfunni. Hagstætt áhvílandi lán.
Verð kr. 3.400.000.- án vsk.



Upplýsingar í síma 577 3777
bíll.is


# Garðar Thor fór á kostum hjá kóngafólkinu

„Þetta gekk alveg glimrandi vel,“ sagði Garðar Thor Cortes skömmu eftir að hafa sungið fyrir Karl Bretaprins og Camillu Parker Bowles í gær þegar nýju skemmtiferðaskipi Cunard-skipasmíðafyrirtækisins var gefið nafnið Queen Victoria í Southampton. Frú Camilla sá um að skíra fleyið en það var óperusöngkonan Katherine Jenkins sem sá um að bjóða hina tignu gesti velkomna.

Aðalatriði kvöldsins voru hins vegar hinir nýju þrír tenórar, þeir Alfie Boe, Jon Christos og Garðar Thor. Og fluttu þeir lögin I Saw Three Ships, Nessun Dorma og svo loks Rule Britannia en þá slóst í hópinn Lúðrasveit hinna konunglegu lífvarða. Undir þessu öllu var slegið upp glæsilegri flugeldasýningu og að sögn sjónarvottar var þetta mikið sjónarspil.

Stórleikarinn Derek Jakobi sá um að kynna en að sögn Garðars gistu tenórarnir um borð í skipinu tvær nætur og lét tenórinn vel af dvöl sinni. Sagði allt vera til alls um borð, bæði veitingastaðir, búðir og diskótek. Garðari gefst nú kærkomið tækifæri til að hvíla röddina eftir mikla törn að undanförnu. „Ég á að mæta í einhver viðtöl en ekkert meir,“ segir Garðar. - fgg



**NÝIR ÞRÍR TENÓRAR** Garðar söng þrjú lög ásamt þeim Alfie Boe og Jon Christos undir dynjandi flugeldasýningu.



**KONUNGLEGT YFIRBRAGÐ** Bæði Karl og Camilla Parker vígðu hið nýja skip Cunard-skipasmíðafyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP PHOTOS


VODAFONE OG BYLGJAN KYNNA - ÞORLÁKSMESSUTÓNLEIKA
BUBBA MORTHENS
Á NASA VIÐ AUSTURVÖLL.
MIÐASALA HEFST MIÐVIKUDAGINN 12. DESEMBER Í VERSLUN VODAFONE Í SKÚTUVOGI.
FÁÐU ÞÉR TÓNLISTARSÍMA FRÁ VODAFONE OG MIÐI Á TÓNLEIKANA FYLGIR - Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.
vodafone
BYLGJAN 989
prime
UMBOÐSSKRIFSTOFA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**TIGER**
bæklingurinn fylgir blaðinu í dag




**BAKÞANKAR**
Karenar D. Kjartansdóttur

## *Vífilengjur*

Svikahrappar og lygalaupar eru skemmtileg fyrirbrigði. Bókmenntir heimsins eru fullar af skemmtilegum platsögum, enda er sú saga sem aðeins segir frá grandvörum góðmennum leiðinleg saga. Hleypur fjölmiðlafólk því oftast til við fregnir af gáskafullum ósannindamönnum. Fólk hefur svo gaman af brellum og brögðum.

**FORELDRAR** mínir ólu okkur systurnar upp í aðdáun á hrekkjalómum. Því voru sögupersónur Astridar Lindgren í hávegum á mínu heimili, sem og Ugluspegill, ævintýraverur Grimms-ævintýra og illskeyttir kappar Íslendingasagna. Bærust okkur bækur á borð við hið drepleiðinlega Lyklabarn, sem hefði getað haft mannbætandi áhrif á okkur, pökkuðum við þeim inn í gjafapappír og gáfum öðrum.

**ALLIR** skemmtu sér vel yfir klækjum hins knáa Vífils Atlasonar, sem vann sér það til frægðar að reyna að gera símaat í Bush. Næstum jafnmargir hlógu þegar hann sendi félaga sinn í viðtal á Stöð 2. Viðbrögð fréttamannsins eru þó skiljanleg, enda ekki vani að rengja menn sem segja til nafns. Viðbrögð hæstráðanda fréttastofunnar voru þó broslegasti þáttur atburðarásarinnar enda skondið að sjá fréttamenn vífilengjast.

**EINAR** Ben skipar stóran sess í hjörtum þjóðarinnar. Ég man vel þegar pabbi sagði mér frá þessum merkismanni, fór með kvæði eftir hann og tilkynnti mér svo með stolti að þessi maður hefði reynt að selja Dönum norðurljósin. Hlógum við mikið að heimsku Dana og græsku þessa merka Íslendings.

**KONUNGUR** brellumeistaranna held ég þó að sé Jónas Hallgrímsson, bjargvættur íslenskrar skáldskaparlistar sem orti þó megnið af sínum skáldskap undir ítölskum bragarhætti og rægði rímur. Þennan mann vildu Íslendingar ekki láta liggja í danskri moldu og var danskur iðnaðarmaður því grafinn á Þingvöllum. Jónas á mína aðdáun óskipta fyrir blekkingarleikinn sem og skáldskap sinn.

**GOTT** grín gerir gæfumuninn og það sést á Gamla testamentinu. Hver man ekki eftir því þegar Guð gabbaði Abraham og sagði honum að drepa son sinn? Allt í plati sagði hann og Ísak slapp með skrekkinn. Eða þegar Satan og Guð voru að spauga í Job. Ég vil ekki að neitt barn alist upp án slíkra skemmtisagna og finn til með nemendum samtímans sem missa af því að lesa bráðskemmtilegar og blóðugar Biblíusögur en þurfa í staðinn að lesa skelfilega leiðinlegan boðskap um að allir eigi að vera vinir.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 11. desember, 345. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.08 | 13.21 | 15.33 |
| Akureyri | 11.21 | 13.05 | 14.49 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


www.volkswagen.is




Gæði og glæsileiki Volkswagen Passat er orðinn vel þekktur en þróunin heldur áfram. Nú bjóðum við Passat Comfortline með veglegum aukabúnaði:

- 16" álfelgur
- Hraðastillir
- Fjarlægðarskynjarar að framan og aftan
- Leðurklætt stýri
- Hiti í framsætum
- Aðkomuljós

Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA